


Strandsvæðisskipulag Austfjarða 2022

Umsagnir og athugasemdir



Austfirðir
STRANDSVÆDIS-
SKIPULAG



Október 2022

Efnisyfirlit

Athugasemdir vegna strandsvæðisskipulags Austfjarða.....	3
A) Aðliggjandi sveitarfélög og hafnarstjórnir.....	5
B) Fulltrúar í samráðshópi.....	8
C) Ráðgefandi aðilar.....	9
D) Aðrir hagsmunaaðilar	
1. Eigendur innviða.....	61
2. Fyrirtæki eða stofnanir.....	65
3. Hagsmuna- eða félagasamtök.....	74
4. Landeigendur.....	115
5. Einstaklingar.....	116

Athugasemdir vegna strandsvæðisskipulags Austfjarða

Í upphafi sumars samþykkti svæðisráð Austfjarða að auglýsa tillögu að strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði. Kynningartími tillögunnar stóð frá 15. júní - 15. september.

Skipulagstillagan ásamt fylgigögnum var birt á vef Skipulagsstofnunar. Þá var tillagan auglýst í Bændablaðinu, Fréttablaðinu, Lögbirtingarblaðinu, Morgunblaðinu og á öðrum staðbundnum miðlum á Austfjörðum sem og á vefjum aðliggjandi sveitarfélaga.

Tveir opnir kynningarfundirnir voru haldnir á Austfjörðum um tillöguna í júní. Að auki var haldinn sameiginlegur kynningarfundur fyrir tillögur að strandsvæðisskipulagi Austfjarða og Vestfjarða í Reykjavík í ágúst og var fundinum streymt.

Á kynningartímanum bárust 97 athugasemdir við tillögu að strandsvæðisskipulagi á Austfjörðum. Framkomnar athugasemdir við skipulagstillögunni eru settar fram hér í þessu skjali.

Svæðisráð Austfjarða vinnur að úrvinnslu athugasemda og er gert ráð fyrir að viðbrögð við þeim liggi fyrir að liðnum 12 vikna úrvinnslutíma.

Eftirfarandi samantekt dregur fram hvaða aðilar hafa sent umsagnir eða athugasemdir vegna tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða.

A) Aðliggjandi sveitarfélög og hafnarstjórnir (2)

Umsagnir bárust frá Fjarðabyggð og Múlaþingi.

B) Fulltrúar í samráðshópi (0)

Engin fulltrúi í samráðshópi skilaði inn athugasemd.

C) Ráðgefandi aðilar (12)

Tólf umsagnir hafa borist frá tíu ráðgefandi aðilum; Hafrannsóknarstofnun, Landhelgisgæslunni, Matvælastofnun, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun, Veðurstofunni og Vegagerðinni.

D) Aðrir hagsmunaaðilar (83).

Þessum aðilum er skipt niður í flokka til einföldunar:

1. Eigendur innviða (3)

Umsagnir/athugasemdir hafa borist frá HEF veitum, Landsneti og RARIK.

2. Fyrirtæki eða stofnanir (1)

Sameiginleg athugasemd hefur borist frá Löxum fiskeldi og Fiskeldis Austfjarða.

3. Hagsmuna- eða félagasamtök (8)

Athugasemdir hafa borist frá Íslenska náttúruverndarsjóðnum, Landvernd, NASF á Íslandi, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, VÁ Félagi um vernd fjarðar, Vitafélaginu og Æðarræktarfélagi Íslands.


4. Landeigendur (0)

Engin athugasemd hefur borist frá landeigendum.

5. Einstaklingar (71)

71 einstaklingar hafa sent inn athugasemd þar af er ein sameiginleg. Eftirfarandi sendu; Anna Berg Samúelsdóttir, Anna Dóra Árnadóttir, Axel Mueller, Ása Steinarsdóttir, Ásdís Thoroddsen, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir, Birkir Pálsson, Birna Guðmundsdóttir, Björt Sigfinnsdóttir, Cecil Haraldsson, Chris Mills, Dýri Jónsson, Einar J. Hilmarsson, Ellý A Þorsteindóttir, Emil Tumi, Erna L Helgadóttir, Garpur Dagsson, Gretar Kjartansson, Guðmundur Valur Stefansson, Gudrun Asta Tryggvadóttir, Guðlaugur Kristinn Óttarsson, Guðrún Schmidt, Gunnlaugur Johnson, Helga Haraldsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Hilde Hundstuen, Inga Jónsdóttir, Ingólfur Steinsson, Ingvi Örn Þorsteinsson, Jafet Bjarkar Björnsson, Jóhanna Gísladóttir, Jón Hilmar Jónsson, Kári Kolbeinsson, Kolbeinn Agnarsson, Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir, Kristín Nanna Vilhelmsdóttir, Kristján Ingólfsson, Kull, Ljósbrá Guðmundsdóttir, Magnús Guðmundsson, Magnús Guðmunsson og Anna Dóra Árnadóttir, Margrét Urður Snorradóttir, Markús Darri, Mary Moore, nafnlaust 1, Nína Magnúsdóttir, Orri Einarsson, Ólafur Ágústsson, Pétur Kristjánsson, Rannveig Þórhallsdóttir, Ráðhildur Ingadóttir, Reynir Valgeirsson, Rósa Björk Gunnarsdóttir, Rúna Kristinsdóttir, Rúnar Gunnarsson, Sif Bjarnadóttir, Sigfinnur Mikaelsson, Sigríður Heiðdal, Sigrún Hólmgæirdóttir, Sigurdur Gunnarsson, Sigurður Guðjónsson, Sigurður Þ. Þórðarson, Snorri Emilsson, Sóley Guðrún Sveinsdóttir, Sævar Þór Halldórsson, Thorbjörg Jonsdóttir, Tumi Magnusson, Þorkell Helgason, Þóra Bergný Guðmundsdóttir, Þuríður Helga Kristjánsdóttir og Örn Þorvaldsson.

A) Aðliggjandi sveitarfélög og hafnarstjórnir





Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 5. september 2022
Tilvísun 2207045/12.1.0

Umsögn um tillögu að strandsvæðisskipulag Austfjarða

Skiplagsstofnun hefur óskaði með bréfi þann 6. júlí, 2022 eftir umsögn Fjarðabyggðar varðandi tillögu að strandsvæðisskipulag Austfjarða. Skipulagið hefur verið kynnt fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd, hafnar- og bæjarstjórn. Sveitarfélagið Fjarðabyggð gerir engar athugasemdir við tillöguna eins og hún er en vill undirstrika eftirfarandi atriði:

Fjarðabyggð fagnar því að horft hefur verið til Nýtingaráætlunar sveitarfélagsins við gerð tillögunnar en vill sveitarfélagið ítreka fyrri afstöðu sína um að skipulagsvaldið eigi heima hjá sveitarfélaginu. Í Fjarðabyggð er nú þegar stundað fiskeldi og er það mikilvægur þáttur í atvinnulífi sveitarfélagsins. Sveitarfélagið vill halda áfram að styðja við fiskeldi á svæðinu. Það er mikilvægt að siglingarleiðir séu áfram tryggðar líkt og fram kemur í núverandi skipulagstillögu og þær ekki skertar með neinum hætti.

Fjarðabyggð fagnar þessari tillögu strandsvæðisskipulags og álitur það vera jákvætt að heildrænt skipulag sé gert fyrir svæðið.


Þorður Vilberg Guðmundsson
Forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Egilsstaðir, 5. september 2022

Efni: Umsögn við tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða

Eftirfarandi er umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings við tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða, sem samþykkt var á 62. fundi ráðsins 5. september 2022.

Strandsvæðisskipulag á Austfjörðum Málsnúmer 202104121

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur beiðni um umsögn við tillögu um strandsvæðaskipulag Austfjarða. Frestur til að skila inn umsögn er til 15. september næst komandi.


Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir ekki athugasemd við framkomna tillögu um strandsvæðaskipulag Austfjarða. En bendir hins vegar á að æskilegra væri að skipulagsvald sveitarfélaga næði til hafsvæða inni á fjörðum þar sem sú staða getur verið uppi að mannvirki á haffletinum hafi eins mikil áhrif á umhverfi og ásynð líkt og þau sem eru á landi.

Allir sem vilja sig láta varða skipulag svæðisins eru hvattir til að kynna sér skipulagstillöguna og koma á framfæri ábendingum og eða athugasemdum við skipulagstillöguna og umhverfismat hennar.


Samþykkt með 4 atkvæðum, 2 (PH, ÞÓ) eru á móti, 1 (ÁHB) sat hjá.

Virðingarfyllst,
F.H. framkvæmda- og umhverfismálastjóra Múlaþings


 *Sóley Valdimarsdóttir*
Sóley Valdimarsdóttir,
Lítilari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Múlaþing
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is

B) Fulltrúar í samráðshópi



C) Ráðgefandi aðilar



Skipulagsstofnun
Hrafnkell Ásólfur Proppé
Ester Anna Ármannsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 20.09.2022
MFRI: 2022-07-0465

Efni: Tillaga að strandsvæðaskipulagi Austfjarða

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna strandsvæðaskipulags Austfjarða. Erindi Skipulagsstofnunar var sent á allar fagstofnanir sem fara með málaflokka er varða nýtingu og vernd á haf- og strandsvæðum sbr. 6. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.

Svæðisráð, skipað af Umhverfis- og auðlindaráðherra, ber ábyrgð á gerð strandsvæðaskipulagsins. Skipulagstillagan fyrir strandsvæðisskipulag á Austfjörðum er auglýst af svæðisráði og er í henni sett fram stefna um framtíðarnýtingu svæðisins. Svæðið sem skipulagið nær yfir eru firðir og flóar frá Almenningsfles í norðri að Hvítungum í suðri.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og gerir nokkrar athugasemdir.

Í kafla 4 er fjallað um *vernd umhverfis og náttúru* og þar kemur fram að „stuðlað verði að markvissri vöktun umhverfis, svo sem sjávarstöðubreytinga, breytinga á hitastigi og súrnun sjávar og breytinga á lífríki sjávar“. Hafrannsóknastofnun bendir á að skv. lögum um stjórn vatnamála (nr. 36/2011) skuli vakta vistfræðilega gæðapætti (blaðgræna *a*, botndýr í seti, þörungur á hörðum botni og næringarefni að vetri til) í strandsjárvatnshlotum og að eðlilegt sé að við leyfisveitingar vegna starfsemi sem hefur áhrif á lífríki sjávar sé gerð krafa um vöktun þar á. Einnig er bent á að fyrir liggur skilgreining eða afmörkun á vatnshlotum í strandsjó og að við mat á vistfræðilegu ástandi þeirra skal horfa til alls álags á hvert vatnshlot. Því væri gagnlegt að afmörkun vatnshlota kæmi fram í þeirri vefsíðu sem verður notuð vegna strandsvæðaskipulags. Þá bendir Hafrannsóknastofnun á að samkvæmt reglugerð um fiskeldi er sett lágmarksfjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva óskyldra rekstraraðila og staðsetningar sjókvíaeldisstöðva frá árósum og getur það falið í sér takmarkanir á nýtingu margra skipulagsreita í flokknum staðbundin nýting.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Rakel Guðmundsdóttir



Skipulagsstofnun fh. svæðisráðs
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 15. september 2022
Tilvísun: 2209024/0.7.2

Efni: Umsögn um tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða 2022

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar fh. svæðisráðs til Landhelgisgæslu Íslands, dags. 6. júlí 2022, þar sem stofnunin er upplýst um að fyrir liggja tillaga að strandsvæðisskipulagi Austfjarða, sem unnin var á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 og óskað eftir umsögn stofnunarinnar um tillöguna.

Landhelgisgæslan telur nauðsynlegt að skýr stefna sé sett fram varðandi framtíðarnýtingu svæðisins.

Að mati Landhelgisgæslunnar hafa svæðisráð og Skipulagsstofnun unnið mikið og gott starf við vinnslu tillögunnar.

Þó telur Landhelgisgæslan mikilvægt að tekið sé tillit til neðangreindra ábendinga og athugasemda stofnunarinnar áður en strandsvæðisskipulagið er samþykkt.

Tillaga að strandsvæðisskipulagi Austfjarða

Landhelgisgæsla Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða.

1. Almennt

Meðal hlutverka Landhelgisgæslunnar er að sinna öryggisgæslu, leit og björgun á hafinu og sinnir stofnunin fjölbreyttum verkefnum, meðal þeirra má nefna eftirlit á hafi, björgunarþjónustu og aðstoð við almannavarnir. Öryggi siglinga við landið er stofnuninni sem og öllum sjófarendum afar mikilvægt en færa má rök fyrir því að vegið hafi verið að öryggi siglingaleiða innan skipulagssvæðisins við uppbyggingu atvinnureksturs á svæðinu undanfarin ár.

Landhelgisgæslan bendir á að með strandsvæðisskipulagi gefst einstakt tækifæri til að tryggja öryggi siglingaleiða með skipulagi svæðisins og að afar mikilvægt er að leita álits staðkunnugra sjófarenda á hverju svæði fyrir sig með tilliti til sértækra aðstæðna sem taka þarf sérstaklega tillit til við gerð strandsvæðisskipulagsins.

Mikilvægt er að hafa í huga að siglingaleiðir hafa ekki verið skilgreindar sérstaklega í skipulagi áður og meginreglan sú að sjófarendur hafa mátt telja allt hafið til siglingasvæðis. Siglingasvæði hafa nú verið afmörkuð sérstaklega í tillögu að strandsvæðisskipulagi svæðisins en Landhelgisgæslan telur að öryggi siglinga sé ekki nægilega vel tryggt samkvæmt þeim afmörkunum.

Landhelgisgæslan telur einnig rétt að benda á að Samgöngustofu hefur með lögum verið falið að kveða á um skipulag umferðar á sjó og hefur Samgöngustofa tilkynnt um áform um ákvörðun siglingaleiða á innsævi við Ísland sbr. 4. gr. laga nr. 119/2012 og boðið Landhelgisgæslunni að taka þátt í starfshóp í tengslum við þá vinnu. Mikilvægt er að strandsvæðisskipulag svæðisins samræmist fyrirhugaðri ákvörðun Samgöngustofu um siglingaleiðir.

2. Almannaöryggi

Öruggar siglingarleiðir eru þáttur í almannaöryggi, en þær eru ekki aðeins mikilvægar sjófarendum heldur einnig almenningi og viðbragðsaðilum líkt og Landhelgisgæslunni.

2.1 Aðgengi að höfnum

Mikilvægt er að tryggður sé öruggur og greiður aðgangur til og frá öllum höfnum, ekki aðeins stærri höfnum. Með því væri hægt að bregðast við í kjölfar náttúruhamfara eða annars ófyrirséðs neyðarástands þar sem viðbrögð við hættuástandi gætu falið í sér aðkomu viðbragðsaðila, nauðsynlegan flutning íbúa og/eða búnaðar með skipum. Taka þarf tillit til þess að slíkt hættuástand getur skapast á svæðum þar sem almennt er ekki mikil skipaumferð.

Telja verður það ágalla að siglingasvæði virðast í tillögunni aðallega miðuð við þyngstu umferð skipa eins og hún er í dag (byggt á ferilvöktunargögnum, AIS) en ekki raunverulegri þörf á að tryggja öruggar siglingaleiðir til og frá öllum höfnum.

Einnig verður að telja það ágalla að því leyti að atvinnurekstur á svæðinu hefur í einhverjum tilfellum þrengt verulega að siglingaleiðum og ferilvöktunargögn sýna því ekki endilega bestu eða öruggustu siglingaleiðirnar.

Landhelgisgæslan hvetur því svæðisráð og Skipulagsstofnun til þess að leggja heildstætt mat á siglingasvæði í strandsvæðisskipulagi svæðisins, ekki aðeins út frá mestu umferð skipa eins og hún er í dag, heldur út frá almannaöryggi og hvornig það verður best tryggt.

2.2 Siglingaleiðir

Mikilvægt er að hafa í huga að umferð á sjó og landi er eðlisólík og að gera þarf ráð fyrir öryggissvæði við siglingaleiðir sem markar nægilegt rými til að tryggja örugga siglingu við allar aðstæður. Þegar rætt er um fjarlægð frá siglingaleið þarf að vera hægt að merkja með skýrum hætti hvar mörk siglingaleiða liggja.

Landhelgisgæslan bendir á að ekki er til skilgreining á því hvað teljast *siglingaleiðir* að frátöldum afmörkuðum siglingaleiðum fyrir Suðvesturlandi sbr. reglugerð nr. 524/2008.

Taka þarf tillit til þess að sjófarendur líta svo á að allt hafið geti talið til siglingasvæðis. Almennit líta sjófarendur svo á að það svæði sem helgað er með hvítum ljósgeira vita og leiðarljósa í sjónarlengd þeirra, ásamt ljósduflum og sjó- og leiðarmerkjum marki siglingaleiðir til og frá höfnum landsins. Einnig hefur verið stuðst við gögn sem sýna skipaferla og þéttleika þeirra til glöggvunar á þeim svæðum þar sem umferð er hvað mest. Hér ber þó að hafa í huga, líkt og nefnt er að ofan, að tryggja þarf örugga siglingu til og frá höfnum sem alla jafna er lítil umferð um, en geta gegnt lykhillutverki ef til almannavarnarviðburðar kemur sem kallar á aðkomu viðbragðsaðila eða flutning fólks eða búnaðar á sjó.

Vert er að benda á að í lögum nr. 132/1999 um vitamál segi í 1. mgr. 4. gr. að *óheimilt er að byggja hús eða mannvirki sem skyggt gætu á leiðarmerki frá sjónum á þeim boga sjóndeildarhringsins þar sem því*

er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Landhelgisgæslan lítur svo á að framangreint ákvæði eigi einnig við um hvers kyns mannvirki í sjó, m.a. sjókvíar.

Landhelgisgæslan telur afar mikilvægt að tryggja hæfilega fjarlægð mannvirkja í sjó frá siglingaleiðum. Í 35. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi er kveðið á um að óheimilt er að stunda veiðar nær jaðri sjókvíaeldisstöðvar en 150 m eða sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðvar en 50 m. Í tillögu að strandsvæðisskipulagi svæðisins er í einhverjum tilvikum gert ráð fyrir því að þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skuli leyfissvæði fiskeldis ekki vera nær mörkum ljósgeirans en 50 m.

Að mati Landhelgisgæslunnar eru 50 m hins vegar ekki nægt svigrúm til að tryggja öryggi á siglingaleiðum og þá sérstaklega siglingaleiðum stærri skipa. Mikilvægt sé að tryggja að leyfissvæði fiskeldis og mannvirki á sjó séu ekki heimiluð innan skipulagssvæðis þar sem hættu getur skapast fyrir sjófarendur.

Landhelgisgæslan hefur áhyggjur af því að umferð sjófara sé of þröngur stakkur sniðinn í tillögu að strandsvæðisskipulagi svæðisins. Svæði afmarkað fyrir skipaumferð ætti ekki að vera afmarkað út frá því lágmarkssvæði sem skip þarf til að geta athafnað sig við bestu mögulegu aðstæður heldur þarf að gera ráð fyrir því svæði sem nauðsynlegt gæti reynst skipum til að athafna sig í við þær verstu, enda verður öryggi sjófarenda ekki tryggt á annan máta.

Sem dæmi má nefna að ef skip siglir á 10 hnúta hraða siglir það um 18520 m á klukkustund. Það siglir því 309 m á einni mínútu. Það gera 5,1 m á hverri sekúndu. Það tekur því skipið innan við 10 sekúndur að sigla þessa 50 metra. Það er afar stuttur viðbragðstími ef eitthvað fer úrskaiðis.

Að mati Landhelgisgæslunnar er rík ástæða til að stækka öryggisvæði siglingaleiða fjórfalt, úr 50 m í a.m.k. 200 m, til þess að gefa sjófarendum nauðsynlegan viðbragðstíma, t.d. til stefnubreytingar eða til að koma út akkeri.

Samkvæmt töflum úr alþjóðlegum leitar- og björgunarhandbókum má ætla að meðalstór fiskiskip og flutningaskip sem verða aflvana reki undan vindi með 1 hnúta hraða þegar vindur hefur náð 20 hnútum eða sem svarar um 10 m/s. Það gæti því tekið skip um 100 sekúndur að reka 50 m eða innan við tvær mínútur. Við slíkar aðstæður gefst lítil tími til að bregðast við.

Landhelgisgæslan leggur því til að í strandsvæðisskipulaginu sé ávallt gert ráð fyrir því að leyfissvæði fiskeldis og mannvirki í sjó, skuli ekki vera nær siglingaleiðum stærri skipa en 200 metra og að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu leyfissvæða fiskeldis þar á meðal staðsetningu sjókvía og festinga innan leyfissvæðisins.

3. Áform Samgöngustofu um ákvörðun siglingaleiða

Samgöngustofa fer með stjórnýslu samgöngumála og annast m.a. stjórnýslu og eftirlit er lýtur að hafnamálum, málum sem varða sjóvarnir og siglingamál sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnýslustofnun samgöngumála. Meðal hlutverka Samgöngustofu er að kveða á um skipulag umferðar- og leiðsögukerfa í lofti og á láði og legi sbr. 3. mgr. 4. gr. sömu laga.

Landhelgisgæslan áréttar að Samgöngustofu hefur með lögum verið falið að kveða á um skipulag umferðar á sjó og að Samgöngustofa hefur tilkynnt um fyrirhuguð áform um ákvörðun siglingaleiða á innsævi við Ísland sbr. 4. gr. laga nr. 119/2012. Fyrirhuguð ákvörðun Samgöngustofu um siglingaleiðir getur haft veruleg áhrif á skipulag strandsvæða og notkun þeirra.

Samgöngustofa hefur boðið Landhelgisgæslunni að taka þátt í starfshóp tengdum fyrirhuguðum áformum stofnunarinnar um ákvörðun siglingaleiða á innsævi við Ísland. Landhelgisgæslan telur rétt að benda á að stofnunin hyggt taka þátt í því samstarfi.

Mikilvægt er að mati Landhelgisgæslunnar að strandsvæðisskipulag sé í samræmi við og taki fullt tillit til niðurstöðu fyrirhugaðrar ákvörðunar Samgöngustofu um siglingaleiðir á innsævi við Ísland.

4. Áhættumat siglinga

Unnið er að áhættumati siglinga í Seyðisfirði í tengslum við tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða 2022. Umrætt áhættumat liggur ekki fyrir við ritun þessarar umsagnar en það hefði verið ákjósanlegt að mati stofnunarinnar.

Gera má ráð fyrir að tekið verði tillit til ýmissa þátta í áhættumati siglinga í Seyðisfirði sem reynst gætu fordæmisgefandi við áhættumat í öðrum fjörðum um allt land.

5. Lokaorð

Landhelgisgæslan hvetur svæðisráð og Skipulagsstofnun til þess að gera raunverulegt og raunhæft hagsmunamat við gerð strandsvæðisskipulagsins sem tekur tillit til almannaöryggis og samgönguöryggis. Að mati stofnunarinnar krefjast almannahagsmunir þess að öryggi siglingaleiða sé sett ofarlega í forgangsröðun við skipulag svæðisins.

Með tillögunni er að mati Landhelgisgæslunnar stigið skref í rétta átt og að það er afar jákvætt að komin sé mynd á heildstætt strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði, þó telur stofnunin mikilvægt að tekið sé tillit til athugasemda stofnunarinnar áður en strandsvæðisskipulagið er samþykkt.

Sé þess óskað eru fulltrúar stofnunarinnar reiðubúnir að koma á fund Skipulagsstofnunar og svæðisráðs og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,



Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur

Hrafnkell Ásólfur Proppé
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík



Selfoss, 2. september 2022
Tilvísun: 2207142

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um strandsvæðisskipulag Austfjarða 2022

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 6. júlí 2022, vegna strandsvæðisskipulags Austfjarða 2022.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í nokkrum stöðum í strandssvæðisskipulaginu kemur fram að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíldisstöðvar og festingar. Matvælastofnun telur heppilegra að slíkt samráð komi fyrir í ferlinu, þ.e.a.s. þegar framkvæmdin er skoðuð m.t.t. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Slíkt myndi leiða til þess að hægt sé að bregðast við athugasemdum um staðsetningu og festingar á viðtækari hátt.

Í skipulaginu kemur fram að við leyfisveitingu skuli stofnunin taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af stafsemi fiskeldisins. Matvælastofnun telur slíkt óraunhæft nema matskvarðar séu til staðar til viðmiðunar.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar

Erna Karen Óskarsdóttir

Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúfavogi

Skipulagsstofnun
Hrafnkell Á. Proppé
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Djúpivogur, 15. september 2022
MI202207-0036/ 6.03 / Þ.E.H.

Efni: Strandsvæðisskipulag Austfjarða - tillaga

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf sviðsstjóra stefnumótunar og miðlunar hjá Skipulagsstofnun frá 6. júní 2022 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um strandsvæðisskipulag Austfjarða. Hægt var að ná í skipulagsgögn tillögunnar á heimasíðunni www.hafskipulag.is en þær samanstanda af greinargerð (dags. júní 2022), umhverfismatsskýrslu (dags. júní 2022) og skipulagsupprætti.

Um er að ræða tillögu að strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði en það er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Svæðisráð ber ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulagsins en strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði í fjörðum og flóum (utan netlaga) þar sem sett er fram stefna um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins og er unnið í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Strandsvæðisskipulagið markar stefnu um nýtingu innan svæðisins. Leyfi fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á svæðinu skal vera í samræmi við strandsvæðisskipulagið, s.s. efnistaka, varp efna í hafið, fiskeldi og skeldýrarækt.

Skipulagssvæði strandsvæðisskipulags Austfjarða nær yfir firði og flóa frá Almenningsfles í norðri að Hvítungum í suðri. Mörk skipulagssvæðisins til lands eru við netlög, 115m út frá stórstraumsfjöruborði, en staðarmörk sveitarfélaga miðast við netlög. Til hafs nær skipulagssvæðið að viðmiðunarlinu sem skilgreind er í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Að skipulagssvæðinu liggja tvö sveitarfélög, Fjarðabyggð og Múlþing.

Strandsvæðisskipulag Austfjarða er með stefnu sinni um fjölbreytta og sjálfbæra nýtingu að leggja grunn að verðmætasköpun á skipulagssvæðinu sem getur eflt slagkraft aðliggjandi byggðarlaga og landsins. Jafnframt skal skipulagið varðveita sérkenni svæðisins og möguleikum til útivistar í því skyni að efla ímynd og sérstöðu aðliggjandi byggðarlaga og aðdráttarafl þeirra fyrir búsetu og atvinnurekstur.

Greinargerð

Í kafla 4.1 í stefnu strandsvæðisskipulags Austfjarða kemur fram að sérkennum og náttúrugæðum strandsvæðis Austfjarða verði viðhaldið með verndun landslagsheilda, sérstæðar náttúru og menningargæða. Í kaflanum kemur fram að neðansjávarminjar hafi ekki verið skráðar nema að mjög takmörkuðu leyti og því liggja upplýsingar ekki fyrir um hvaða afmörkuðu strandsvæði er ástæða til að vernda vegna menningarminja neðansjávar. Aðdráttarafl ferðaþjónustu og útivistar á Austfjörðum byggist ekki síst á

Þuríður Elísa
Harðardóttir

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

sérstöðu svæðisins hvað varðar náttúru, landslag, menningu og tiltölulega öröskuðu landi.

Í kafla 4.2 er fjallað um skipulagsákvæði og þar segir að gert sé ráð fyrir sérstakri vernd þeirra staða sem eru skilgreindir í nýtingaflokknum *Umhverfi og náttúra (UN)* vegna landslags eða náttúrulegs, sögulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um formlega friðun sé að ræða. Almenn skipulagsákvæði eru að stuðla að verndun umhverfis og náttúru á svæðinu. Aðstæðum fyrir hefðbundna nýtingu svæðisins til atvinnuveiða eða nytja, lagning veitulagna, akkerislægja og sambærileg nýting er möguleg en lágmarka þarf rask. Nokkrir reitir hafa sérskilmála þegar það á við. Sértek skipulagsákvæði fyrir einstaka reiti geta falið í sér takmarkanir umfram það sem gildir samkvæmt almennum skipulagsákvæðum um nýtingarflokkinn. Hér verður farið yfir sérstök svæði þar sem vitað er um minjar alveg við sjávarsíðuna en rétt er að vekja athygli á því þetta er ekki tæmandi yfirlit þar sem skráning, bæði á landi og á hafi, liggur ekki fyrir á flestum þessum svæðum:

UN2 Skálanesbjarg og Dalatangi – Gamli Dalatangavitinn er friðlýstur og fornleifaskráning hefur farið fram í landi Skálanes.

UN3 Norðfjarðarnípa – Í tengslum við deiliskipulagsgerð fólkvangs Neskaupsstaðar var unnin fornleifaskráning fyrir svæðið og eru minjar við sjávarsíðuna skráðar innan þess svæðis.

UN4 Hellisfjörður og Viðfjörður – Árið 1994 var unnin fornleifaskráning fyrir Norðfjörð og þar á meðal fyrir þessa firði. Sú skráning uppfyllir ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands en hún gefur til kynna minjar víða við sjávarsíðuna.

UN7 Seley – Fornleifaskráning var gerð fyrir Seley árið 2011 og eru minjar þar þekktar við ströndina.

UN8 Hólmanes – Fornleifaskráning fór fram innan svæðisins árið 1999. Sú skráning uppfyllir ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands en hún gefur til kynna minjar við sjávarsíðuna.

UN16 Berufjarðarströnd – Við norðanverðan Berufjörð eru friðlýstar fornleifar í landi Gautavíkur alveg við sjávarsíðuna.

UN19 Teigarhorn – Fornleifaskráning var gerð í landi Teigarhorns árið 2015 og eru minjar þar þekktar við sjávarsíðuna.

UN21 Hlauphólar – Fornleifaskráning var gerð í landi Búlandsness árið 2020 og eru minjar þar þekktar við sjávarsíðuna. Við Rauðuskriður er Djáknadys sem er friðlýstur minjastaður.

UN22 Álftafjörður og Papey – Í Papey eru friðlýstar fornleifar og friðlýst kirkja.

Í kafla 5 er fjallað um *Innviði og orku*. Stefna skipulagsins í þeim efnum er að tryggðar verði greiðar og öruggar samgöngur og aðgengi að höfnum á strandsvæði Austfjarða, stuðlað verði að öruggum og tryggum innviðum fyrir íbúa og atvinnulíf og nýting vistvænna orkuauðlinda á strandsvæði Austfjarða verði í sátt við umhverfi og samfélag. Stefna strandsvæðisskipulags um *Innviði og orku* er útfærð staðbundið með skilgreiningu skipulagsreita í nýtingarflokkunum *Siglingar* og *Lagnir og vegir*. Almennt eiga eftirfarandi skipulagsákvæði við skipulagsreitina undir *Siglingar*: stuðla skal að öruggum og greiðum siglingum og gert ráð fyrir að bátar og skip geti siglt utan þessara reita þar sem önnur nýting takmarkar ekki siglingar, lagning veitulagna getur

átt við á reitnum, ekki er gert ráð fyrir haugsetningu innan reita en mögulegt að veita slík leyfi og ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum eða staðbundinni starfsemi/nýtingu. Fyrir *Lagnir og vegir* eru eftirfarandi skipulagsákvæði sem eiga almennt við: á reitunum skal stuðla að öruggum raforkuflutningi, fjarskiptum og öðrum flutningi eftir lögnum, innan reitanna eru siglingar heimilar sem og ferðaþjónusta og útivist, á reitunum er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku, ræktun eða slætti sjávargróður, orkuframleiðslu, veiðum með botnveiðifærum, haugsetningum eða akkerislægjum. *Minjastofnun vekur athygli á því að skráning fornleifa á hafsbotni liggur ekki fyrir nema á örfáum stöðum og er mikilvægt að hafa það í huga. Líkur á minjum á hafsbotni aukast einnig þegar nær dregur gömlum hafnarsvæðum og verslunarstöðum.*

Í kafla 6 er fjallað um auðlindanýtingu. Hún skal byggja á vistkerfisnálgun og skal ekki rýra náttúru- og menningarminjar eða ástand sjávar, hún skal stuðla að fjölbreyttri nýtingu strandsvæðis og sveigjanleika í auðlindanýtingu, hún skal gæta þess að samræmi verði í stefnu og nýtingu og vernd á strandsvæði Austfjarða og skipulagi sveitarfélaga og hafi kolefnishlutleysi að leiðarljós og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. Stefna strandsvæðisskipulags um auðlindanýtingu er sett fram og útfærð staðbundið með skilgreiningu skipulagsreita í nýtingarflokknum *Staðbundin nýting* og *Almenn nýting*. Á reitum sem skilgreindir eru sem *Staðbundin nýting (SN)* er gert ráð fyrir staðbundinni nýtingu auðlinda, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku og ræktun og slætti sjávargróðurs. Atvinnuveiðar, ferðaþjónusta, útivist og sambærileg nýtingu getur einnig farið fram á reitum með gefnu tilliti til hagsmuna staðbundinna nýtingar. Skipulagsákvæði sem eiga almennt við um skipulagsreiti í nýtingarflokknum *Staðbundin nýting* er að gert er ráð fyrir uppbyggingu staðbundinnar nýtingar og skal aðstæðum til hennar viðhaldið. Atvinnuveiðar, ferðaþjónusta og útivist getur farið fram þar sem fastur búnaður er ekki til staðar og truflun verður ekki á staðbundinni starfsemi, óskyldir aðilar skulu hafa samráð vegna útfærslu nýtingar og staðsetningar á búnaði eða starfsemi innan sama reits, ekki er gert ráð fyrir orkuvinnslu, akkerislægjum, haugsetningu eða vegum sem þvera firði á reitnum en það sama á við um lagningu sæstrengja. Sérstök skipulagsákvæði fyrir einstaka reiti geta falið í sér takmarkanir umfram það sem gildi í almennum skipulagsákvæðum um nýtingarflokkinn.

Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum fiskeldis hefur Minjastofnun veitt umsagnir um marga þá staði sem hér eru afmarkaðir undir *Staðbundinni nýtingu*. Við suma staði hefur Minjastofnun ekki gert sérstakar kröfur en í kjölfar aukinnar umræðu og upplýsinga um slík framkvæmdarmál gerir stofnunin þær kröfur í dag að henni verði kynnt gögn sem kunna að liggja fyrir vegna skönnunar á botninum eða vegna köfunar sem fram hefur farið á svæðinu. Þá hefur stofnunin einnig óskað eftir að teknar verði myndir af þeim stöðum á botninum þar sem fyrirhugað er að koma fyrir botnfestingum og að stofnuninni verði gefin kostur á að koma með athugasemdir við staðsetningu ef einverjar eru áður en gengið verður frá festingunum. Minjastofnun hefur farið fram á slíkar athuganir innan nokkurra svæða sem talin eru hér upp þar

á meðal **SN1 Sörlastaðavík**, **SN2 Selstaðvík** og **SN3 Skálanesbót** í Seyðisfirði ásamt **SN17 Gautavík** og **SN18 Svarthamarsvík**. Þar var einnig vakin athygli á því að í landi Gautavíkur er friðlýstur minjastaður. Hér verður farið yfir sérstök svæði þar sem vitað er um minjar alveg við sjávarsíðuna en rétt er að vekja athygli á því þetta er ekki tæmandi yfirlit þar sem skráning, bæði á landi og á hafi, liggur ekki fyrir á flestum þessum svæðum:

SN5 Rifsker – Aðliggjandi svæði liggur að svæði sem nýtur hverfisverndar og mikilvægi svæðisins er meðal annars metið út frá menningarminjum. Fornleifaskráning fór fram í landi Karlsstaða árið 2020 og eru víða þekktar minjar við sjávarsíðuna.

SN6 Bjarg – Svæðið liggur nálægt þekktum verslunarstað sem var við Útstekk.

Á reitum sem skilgreindir eru fyrir *Almenna nýtingu (A)* er gert ráð fyrir ferðaþjónustu og útivist. Akkerislægi geta verið á reitum fyrir almenna nýtingu og það sama gildir um atvinnuveiðar. Staðbundin auðlindanýting svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistaka og ræktun, sláttur sjávargróður og sambærilega nýting getur farið fram reitum fyrir almennan nýtingu að gefnu tilliti til hagsmunna almennrar nýtingar. Það sama á við um veitulagnir. Gert er grein fyrir skipulagsákvæðum sem eiga við sérstaklega um þann reit þegar það á við. Sértek skipulagsákvæði fyrir einstaka reiti geta falið í sér takmarkanir umfram það sem gildi samkvæmt almennum skipulagsákvæðum um nýtingarflokkinn. *Huga þarf að landtökum og uppbyggingu þessara svæði út frá menningarminjum.*

Í kafla 7.5 er fjallað um leyfisveitendur og þar segir að tiltekin starfsemi sem fer fram á strandsvæðum sé háð leyfum og er leyfisveiting í höndum ýmissa stofnanna. *Samkvæmt listanum yfir helstu leyfisveitendur er Minjastofnunar ekki getið. Minjastofnun Íslands þyrfti að geta þarna sem hluta af leyfisveitendum enda það stjórnvald sem fer með umsjón menningarminja og mikilvægt að umsögn hennar og afstaða til þess hvort menningarminjar séu í hættu innan tiltekins svæðis vegna framkvæmda og leyfisveitingar liggi fyrir sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012.*

Umhverfisskýrsla:

Í umhverfismatsskýrslu að tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða hafa verið skilgreind umhverfisviðmið sem byggja á markmiðum laga og stefnu stjórnvalda um nýtingu og vernd á haf- og strandssvæðum ásamt Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Umhverfisviðmiðin eru sett undir átta umhverfisþætti út frá því hvað er helst talið verða fyrir áhrifum af stefnu strandsvæðisskipulagsins. Þar á meðal eru menningarminjar. Lagt var mat á samfélagslega, efnahagslega og umhverfislega áhrif sviðsmynda sem fengu nöfnin: *Sporðaköst um allan fjörð*, er þar sem sjókvíaelði og orkuvinnsla er höfð í forgrunni. *Lífið er saltfiskur*, þar sem sjávarútvegur, efnistaka og aðrar nytjar eru í forgrunni. *Ströndin handan við heiminn*, þar sem náttúruvernd og náttúrutengd ferðaþjónusta eru ráðandi. *Í matinu um samfélagsleg og efnahagsleg áhrif strandsvæðisskipulagsins kemur fram að menningarminjar kunni að vera í hættu.*

Í töflu um samantekt umhverfisáhrifa strandsvæðisskipulags Austfjarða kemur fram að takmarkaðar upplýsingar séu um neðansjávarminjar og því sé óvissa um áhrif tillögu að strandsvæðisskipulagsins á menningarminjar. Í greinargerðinni segir að þegar þekking verður meiri getur það haft áhrif á afmörkun svæða og skipulagsákvæða og að áður en teknar eru ákvarðanir um staðsetningu innviða og starfsemi þarf að liggja fyrir skráning fornleifa. Þetta er í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 þar sem fram kemur að óheimilt er að veita leyfi til rannsókna eða framkvæmda án undanfarinnar skráningar fornleifa, hús og mannvirkja. Í kafla 3.5 er fjallað nánar um menningarminjar og þar segir að í strandsvæðisskipulagi Austfjarða sé lögð áhersla á vernd sérkenna strandsvæða Austfjarða og þá meðal annars með því að vernda og varðveita menningarminjar. Þar segir enn fremur að takmarkaðar upplýsingar séu um neðansjávarminjar á svæðinu en um leið og sú þekking aukist geti það haft áhrif á afmörkun svæða og skipulagsákvæða. Í kaflanum er getið um rannsóknarverkefni á neðansjávar minjum við strendur Íslands. Í kaflanum er einnig getið um skipsflök og þar er El Grillo í Seyðisfirði nefnt. Tekið er fram í kaflanum að enginn má raska, breyta eða flytja fornleifar út stað nema með leyfi Minjastofnunar. *Minjastofnun hefur einnig borist upplýsingar um frekari skipsflök í Seyðisfirði, m.a. skútu við Dvergastein auk heimildar um skútu á hafsbotninum hjá Skálanesi. Einnig hafa leifar af skipum komið upp við veiðar innan svæðisins sem strandsvæðisskipulagið nær yfir og líkur eru taldar á því að fleiri séu að finna á hafsbotninum.*

Í kafla 4 er viðauki sem snýr að valkostagreiningar þar sem tilgangurinn er að bera saman ólíka möguleika á nýtingu og vernd á hverju svæði og hvaða styrkleikar og áskoranir eru til staðar. Einnig skapar slík valkostagreining grunn að umræðu um framtíðarsýn svæðisins í skipulagsvinnunni og hvernig staðið er að ákvörðun um val á þeim kostum sem unnið er áfram með við mótun strandsvæðisskipulagsins. Valkostirnir fela ekki í sér endanlega útfærslu á staðsetningu og umfangi nýtingarflokka. Eftirfarandi valkostir voru skoðaðir:

- A Almenningsfles og Loðmundarfjörður
- B Seyðisfjörður
- C Norðfjarðarflói
- D Víkur
- E Reyðarfjörður
- F Fáskrúðsfjörður
- G Breiðdalsvík
- H Berufjörður
- I Hamarsfjörður

Í öllum valkostum var lagt mat á áhrif á menningarminjar og voru þau ávallt þau sömu, áhrifin væru óviss sökum þess að ekki lögju fyrir upplýsingar um menningarminjar. Einnig var ávallt tekið fram að við frekari skipulagsvinnu og samráðsferli megi gera ráð fyrir því að valkosturinn taki breytingum.

Í umfjöllun um valkosti B Seyðisfjörður og H Berufjörður er þess getið í textanum að minjar séu víða á landi en engar menningarminjar séu skráðar á

sjó á svæðinu. Þetta orðlag er misvísandi og bendir til þess að skráning hafi farið fram og engar menningarminjar fundist. Lagfæra þyrfti því þetta orðalag til að tryggja að misskilningur verði ekki hér á.

Aðrar athugasemdir

Á Íslandi eru í gildi lög um menningarminjar nr. 80/2012 og annast Minjastofnun Íslands framkvæmd minjavörslunnar samkvæmt þeim lögum en stofnunin tekur ákvarðanir og veitir leyfi varðandi jarðfastar menningarminjar þ.e. fornleifar, mannvirki, hús, menningarlandslag og sögustaði auk minja í sjó innan aðlæga beltisins.

Til menningarminja teljast fornleifar, hús og mannvirki. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Það er óheimilt að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands auk þess sem þær njóta 15m friðhelgunarsvæðis frá ystu mörkum sínum en friðlýstar fornleifar njóta 100m friðhelgunarsvæðis frá ystu mörkum sínum skv. 3., 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í 29. gr. laga um menningarminjar segir að öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri séu friðuð. Í 30. gr. kemur fram að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðmönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, sé skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim. Auk þeirra hafa ákveðin hús verið sérstaklega friðlýst og njóta því frekari verndar.

Heildarskráningar fornleifa, húsa og mannvirkja liggja ekki fyrir en víða innan svæðisins sem strandsvæðisskipulag Austfjarða nær yfir hafa verið unnar skráningar í tengslum við önnur skipulagsverkefni auk þess sem að við stendur landsins eru einnig að finna friðlýstar fornleifar. Friðlýstar fornleifar við sjávarströndina við svæðið eru: forn tóft á Hofströnd, nausta- og verzlunarbúðartóftir í landi Ós, fjárborg í landi Skóga, búðartóftir í landi Gautavíkur og papatóftir út í Papey. Friðlýst hús og mannvirki við sjávarsíðuna við svæðið eru: Randulfssjóhús á Eskifirði, Hafnargata 11 á Seyðisfirði og Dalatangaviti.

Varðandi gagnaöflun um menningarminjar innan svæðisins var meðal annars stuðst við vefsja Minjastofnunar Íslands. Vefsjáinn er ekki tæmandi yfirlit um menningarminjar, t.d. eru sum skráningarverkefni ekki komin þar inn, ekki er búið að færa inn allar skráðar menningarminjar auk þess að stór hluti svæðisins er óskráður og þar með minjar óþekktar. Í forsenduskýrslu um strandsvæðisskipulag Austfjarða er kafli um menningarminjar. Þar er tekið fram í textanum að vefsjáinn sé ekki tæmandi en það kemur ekki fram á kortinu sem fylgir umfjölluninni en þar er stuðst við hnitsetningu þeirra minja sem er komnar inn á vefsjáanna. Bæta þyrfti þessari aðvörun inn á kortið.

Inn á skipulagsupprætti strandsvæðisskipulags Austfjarða er ekki gert grein fyrir friðlýstum menningarminjum en rétt væri að þær væru færðar inn á uppráttinn enda nokkrar þeirra alveg við sjávarsíðuna og þær njóta 100m

friðhelgunarsvæðis. Minjavörður getur komið hnitsetningum þeirra áleiðis en ekki eru þær allar komnar inn á vefsíðu Minjastofnunar.

Árið 2021 staðfesti mennta- og menningarmálaráðuneytið stefnuna, *Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi*, sem var unnin samkvæmt lögum um menningarminjar. Um er að ræða heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja. Stefnan er liður í að tryggja að menningararfi þjóðarinnar verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Einnig liggur fyrir *Skrá um friðlýstar fornleifar* í landinu.

Hluti af markmiðum laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 er að nýting og vernd auðlinda haf- og strandsvæða verði í samræmi við skipulag sem hefur efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi og að skipulag veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggja á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru- og menningarminja, með sjálfbærni að leiðarljósi. Í f. lið segir enn fremur að það sé markmið laganna að tryggja faglegan undirbúning framkvæmda á haf- og strandsvæðum. Minjastofnun vekur athygli á því að með tilliti til menningarminja verði slíkt best tryggt með skráningu þeirra á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum.

Minjastofnun vekur að lokum athygli á því að það er misjafnt hvaða stjórnvald fer með ábyrgð á skipulagi haf- og strandsvæða og leyfisveitingar til framkvæmda á þeim en ríkið fer t.d. með lögsögu utan netlaga. Mikilvægt er að öll framkvæmdarmál sem og skipulagsmál komi til umsagnar Minjastofnunar, óháð því hvort um er að ræða framkvæmdir innan eða utan netlaga enda óheimilt að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Purrður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

[Skipulagsstofnun \(skipulag@skipulag.is\)](mailto:skipulag@skipulag.is)

[Hrafnkell Ásólfur Proppé \(Hrafnkell.prophe@skipulag.is\)](mailto:Hrafnkell.Ásólfur.Proppé@skipulag.is)

hafskipulag@skipulag.is

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsvæðingum og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsvæðingulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15.9.2022
Málsnúmer: 202207-0007
SS/SKV

Efni: Umsögn um tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða.

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 6. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagstillögu að strandsvæðisskipulagi á Austfjarða.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagstillöguna og meðfylgjandi uppdrátt og umhverfisskýrslu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Um er að ræða aðra af fyrstu tveimur strandsvæðisskipulagsáætlunum sem unnar eru á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018, en hin áætlunin er strandsvæðisskipulag Vestfjarða og eru báðar áætlanirnar kynntar samhliða. Náttúrufræðistofnun veitir einnig umsögn um tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.

Í ljósi þess að verið er að vinna strandsvæðisskipulagsáætlanir í fyrsta sinn er ýmislegt nýstárlegt við verklag og framsetningu sem er ólíkt öðrum skipulagsáætlunum og einnig standa lykilmálendur misjafnlega enda staða þekkingar ólík. Það á ekki síst við um þekkingu um náttúrufer og áhrif áforma sem skipulagið fjallar um á ýmsa umhverfisþætti, eins og vikið verður að síðar. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti því að stíga varlega til jarðar við að nýta þær heimildir sem skipulagið felur í sér er varða nýtingu innan skipulagssvæðisins, ekki síst í þeim tilfellum þegar áhrif á umhverfi og náttúru eru óvissu háð að einhverju leyti. Heilt yfir telur Náttúrufræðistofnun að almennt séu í tillögunni veittar miklar heimildir fyrir nýtingu og starfsemi sem í sumum tilfellum ekki er vitað nægjanlega vel hvaða áhrif munu hafa. Náttúrufræðistofnun mælir með meiri varfærni við gerð skipulagsins og vísar þar til meginregla laga um náttúruvernd nr. 60/2013, um vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku og varúðarreglu.

Það má segja áhersla á að skipulagið sé í góðri sátt við náttúru og umhverfi sé leiðandi stef í stefnu strandsvæðisskipulagsins eins og henni er lýst í texta greinargerðar, t.d. áherslan á vistkerfisnálgun sem leiðarljós skipulagsins. Það er mjög jákvætt og eins og stefnunni er lýst má segja að almennt sé sett fram ábyrg sýn á mikilvægi þess að ákvarðanir séu teknar á grundvelli vísindalegrar vitneskju, markmiðum um sjálfbærni og skynsamlegu jafnvægi nýtingar og verndar.

Í því ljósi er mjög ánægjulegt að sjá að gögn og upplýsingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands um verndargildi tiltekinna svæða innan skipulagssvæðisins hafa verið innleidd á markvissan hátt í skipulagið. Þetta á sérstaklega við um tillögur Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruminjasrár er varða fugla, seli og fjöruvistgerðir en þau svæði eru öll flokkuð í nýtingarflokkinn „Umhverfi og náttúra“ þar sem ekki er gert ráð fyrir auðlindanýtingu sem felur í sér mikið inngríp og rask svo sem fiskeldi, efnistaka, skeldýrarækt o.fl. með örfáum undantekningum þar sem lítils háttar skörun er við fiskeldi. Það sama á við um mikilvæg fuglasvæði sem Náttúrufræðistofnun hefur kortlagt þótt mörk þeirra nái fyrst og fremst yfir



varpbyggðir en ekki alltaf t.d. mikilvæg fæðuöflunarsvæði. Þess ber að geta að hvorki mikilvægu fuglasvæðin né B-hluta tillögurnar teljast formleg verndarsvæði og því ánægjulegt að vægi þeirra sé samt mikið. Til viðbótar eru friðlýst svæði og svæði á C-hluta náttúruminjaskrár flokkuð í þennan nýtingarflokk. Niðurstaðan er að mörg svæði teljast til nýtingarflokksins og er það mikilvægt og nauðsynlegt skref til að tryggja verndun þess lífríkis sem þar er að finna.

Ef beita á vistkerfisnálgun verður þó að tryggja að það sé gert á nægjanlega ítarlegan og heildstæðan hátt og tekið sé tillit til allra helstu vistfræðilegu þátta sem málið varðar, ekki einungis sumra. Þar liggur grundvallarvandi strandsvæðisskipulagsins eins og það er framsett, sem er sá að ákvarðanir um ólík skipulagsákvæði eru byggð á þekkingargrunni sem er ekki fullnægjandi að mati Náttúrufræðistofnunar. Það vantar nefnilega sambærilegt mat á verndargildi svæða með tilliti til vistgerða og tegunda á grunnsævi og er til staðar fyrir mikilvæg fugla-, sela- og fjöruvistgerðasvæði. Vistgerðir grunnsævis hafa ekki verið kortlagðar á Íslandi á sams konar hátt og vistgerðir í fjörum og á landi og þær hafa ekki verið metnar með tilliti til verndargildis eða verndarstöðu. Þó má fullyrða að margar þeirra hafa hátt verndargildi m.a. vegna mikilvægis sem búsvæði fyrir fjölmargar lífverutegundir, fyrir framleiðni næringarefna, kolefnisbindingu, temprun öldu og þar með flóða og landbrots o.fl. Þar má sérstaklega nefna þaraskóga en einnig botnvistgerðir þar sem finnast fjölbreytt og sérstök samfélög þörungna og dýra.

Að sama skapi þarf að skilgreina og kortleggja mikilvæg búsvæði fyrir tegundir ýmissa sjávarlífvera svo sem fiska og sjávarhryggleysingja, þ.m.t. nytjastofna. Fæðuöflunarsvæði hvala þyrfti einnig að kortleggja. Allar þessar upplýsingar þyrftu að vera til staðar og framsettar með landupplýsingagögnum til að geta skilgreint á fullnægjandi hátt svæði þar sem verndun náttúru ætti að vera í öndvegi og ekki ætti að heimila nýtingu sem veldur raski.

Einnig mætti nefna jarðminjar í hafi, svo sem ummerki jöklunar, ýmsar setmyndanir o.fl., sem hafa verndargildi. Þörf er á rannsóknum og kortlagningu á þeim og mati á verndarþörf. Í greinargerð skipulagsins kemur fram að upplýsingar um menningarminjar á hafsbotni séu ófullnægjandi. Sama ætti að segja um jarðminjar og þessa lífríkisþætti sem nefndir voru hér á undan.

Afleiðingin af þessu er að ákvarðanir um nýtingu á einstökum svæðum í skipulaginu eru teknar án þess að í öllum tilfellum hafi verið lagt fullnægjandi mat á sérkenni og þar með verndargildi svæðanna. Sökum þessa ætti að mati Náttúrufræðistofnunar að sýna meiri varfærni við ákvörðun um þess háttar nýtingu sem getur valdið raski eða álagi á náttúru svæðisins, en gert er í skipulaginu.

Náttúrufræðistofnun telur t.d. að of miklar heimildir séu veittar fyrir fiskeldi í sjókvíum í strandsvæðisskipulaginu. Sérstaklega ætti ekki að veita heimildir fyrir fiskeldi þar sem leyfi hefur ekki enn verið veitt og þar sem umhverfismati er ekki lokið fyrir framkvæmd þess. Alls eru fjögur fiskeldissvæði þar sem leyfi liggja ekki enn fyrir samkvæmt því sem fram kemur í greinargerðinni þar af þrjú í Seyðisfirði.

Þá mætti horfa betur til þess í strandsvæðisskipulaginu að nýta það sem vettvang fyrir heildstætt mat á sammögnun umhverfisáhrifa þeirra mörgu nýtingaráforma sem fjallað er um. Slíkt er alla jafna ekki framkvæmt nægjanlega vel í umhverfismati einstakra framkvæmda og því dýrmætt tækifæri að gera það á þessum vettvangi. Á það bæði við um sammögnun vegna nýtingar á strandsvæðum sem og sammögnun við starfsemi á landi þar sem áhrif eru til sjávar. Fjallað er um þetta stuttlega í greinargerðinni en tilefni væri til að útfæra það betur en gert er í umhverfisskýrslunni. Þá er mikilvægt að fjalla um alla umhverfisþætti sem skipta máli. Varðandi fiskeldi skiptir burðarþolsmat fjarða hverju sinni höfuðmáli til að leggja mat á sammögnunaráhrif frá öllu fiskeldi innan þeirra, en það mat er takmarkað og undanskilur sammögnunaráhrif á aðra umhverfisþætti, t.d. áhrif á viðkvæm búsvæði lífvera, hættu á erfðablöndun við villta fiskistofna, truflun fyrir dýralíf t.d. fugla og sjávarspendýr, ljós- og hljóðmengun frá sjókvíum og aukinni skipaumferð og ekki síst ásýndaráhrif á landslag. Um þessa umhverfisþætti og áhrif á þá mætti fjalla mun betur í strandsvæðisskipulaginu og einnig hvernig skilgreina og útfæra skal ábyrgð á að vakta þessi sammögnunaráhrif, og bregðast við þeim ef þörf þykir á, enda geta margir aðilar komið þar við sögu.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að benda á að vöktun á áhrifum nýtingar á náttúru og umhverfi er ekki ein og sér nægjanleg aðgerð til að koma í veg fyrir eða bæta upp neikvæð áhrif. Skipulagið gæti fjallað ítarlegar um hvers konar aðgerðir nauðsynlegt væri að fara í ef neikvæð áhrif teljast óásættanleg, t.d. að hætta starfsemi tímabundið eða alveg, flytja hana til eða breyta aðferðafræði við nýtingu. Einnig geta mótvægisáðgerðir falið í sér að styrkja verndun annarra svæða í staðinn umfram það sem þegar hefur verið mælt með.

Í umfjöllun um áhrif skipulagsins á loftslagsmál er ekki fjallað um möguleikann til kolefnisbindingar sem felst í því að vernda gróskumikil vistkerfi á grunnsævi eins og þaraskóga. Þörf er á að rannsaka betur hvaða tækifæri felast í þessu á Íslandi yfir höfuð.

Í umhverfisskýrslu eru ýmsir valkostir reifaðir. Í það heila virðist sem valkostir sem fela í sér meiri nýtingu en minni séu frekar valdir í endanlegu tillögunni með nokkrum undantekningum (t.d. er varðar Loðmundarfjörð). Eins og áður segir telur Náttúrufræðistofnun að meiri varfærni hefði mátt sýna og færri nýtingaráform fest í sessi í skipulaginu. Náttúrufræðistofnun er því fylgjandi þeim valkostum sem fela í sér minni sértæka nýtingu og stærri svæði í nýtingarflokknum „Umhverfi og náttúra“. Til dæmis ætti hiklaust að skilgreina grunnsævi við Barðnes í þann nýtingarflokk enda ströndin að stórum hluta innan friðlýsts svæðis.

Benda má á að einnig ætti að skilgreina hafsvæðið við Þvottár- og Hvalsnesskriður í þann nýtingarflokk þar sem þar er ein tillaga Náttúrufræðistofnunar að B-hluta vegna mikilvægs dvalarstaðar sjófugla einkum sjóanda á vetrum.

Að lokum tekur Náttúrufræðistofnun ekki undir þá niðurstöðu umhverfismats strandsvæðisskipulagstillögunnar að áhrif á umhverfi og náttúru séu í heild jákvæð. Þótt mjög jákvætt sé að mörg og í sumum tilfellum stór svæði séu skilgreind sem svæði þar sem sértæk nýting á ekki að eiga sér stað, eru þau ekki eiginleg verndarsvæði sem slík og ýmis önnur starfsemi getur enn haft neikvæð áhrif ef ekki er varlega farið, t.d. ferðaþjónusta, hefðbundnar veiðar og þangtaka. Þá vega þau fjölmörgu sértæku nýtingarform á öllu skipulagssvæðinu þungt og ljóst að stór svæði á Austfjörðum verða undir miklu álagi ef að öllum þeim áformum verður.

Rökstyðja mætti að ef til vill ætti niðurstaðan að vera óveruleg eða jafnvel neikvæð áhrif skipulagsins á umhverfi og náttúru en ef til vill er skynsamlegasta niðurstaðan sú að vegna skorts á þekkingu á mikilvægum náttúrufarsþáttum ætti að meta áhrifin sem óljós á sambærilegan hátt og gert er fyrir menningarminjar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, reading "Snorri Sigurðsson". The script is cursive and fluid, with the first name "Snorri" and the last name "Sigurðsson" clearly distinguishable.

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. október 2022
Tilvísun: OS2022070010/22.12
Verknúmer: 3340300

Efni: Tillaga að strandsvæðaskipulagi Austfjarða

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 6. júlí 2022, þar sem óskað er eftir ábendingum Orkustofnunar um auglýsta tillögu fyrir strandsvæðisskipulag á Austfjörðum.

Líkt og rakið er í greinargerð skipulagstillögunnar fer Orkustofnun með margvíslegt leyfisveitingarvald tengt orkumálum og auðlindanýtingu skv. lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990 (hér eftir hafsbotnslög), og raforkulögum, nr. 65/2003, innan skipulagssvæðisins. Auk þess fer stofnunin með umsjón varðandi eignarhald íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, sbr. skilgreiningu þar á í hafsbotnslögum.

Í því sambandi bendir Orkustofnun á að öllu jöfnu er gnægð lausra jarðefna í fjörðum landsins, hvort sem það eru hjallar ofan sjávarmáls sem bera vitni um hærrí sjávarstöðu í lok síðustu ísaldar, ársset, jökulættað set ýmiskonar, sjávarset við núverandi strandlínur ellegar á hafsbotni. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða um að á hverjum stað sé að finna hinar mismunandi setgerðir, þ.m.t. með tilliti til kornastærðar, kornastærðardreifingar, berggerðar og annarra efniseiginleika sem afmarka hina mismunandi notkunarmöguleika efnis. Þá er vinnsla lausra jarðefna á landi víða annmörkum háð vegna ásýndar eða annarra umhverfisáhrifa.

Það er því mikilvægt að sveitarfélög og framkvæmdaraðilar geti nýtt auðlindir hafsbotsins til þróunar hafna, uppbyggingar í sveitarfélaginu og fyrir atvinnustarfsemi eftir því sem við á hverju sinni, að teknu tilliti til annarra hagsmuna, þ.á m. í ljósi umhverfissjónarmiða. Kortlagning hafsbotsins umhverfis Ísland er stutt komin og því liggja ekki fyrir upplýsingar um laus jarðefni við stendur landsins. Því er ekki mögulegt að tilgreina þau svæði þar sem nýtanleg jarðefni er að finna eða um eiginleika efnis, sbr. og umfjöllun í bréfi Orkustofnunar, dags. 19. febrúar 2021, varðandi undirbúning að gerð svæðisskipulagsins.

Með vísan til þessa telur stofnunin nauðsynlegt að við skipulag haf- og strandsvæða verði ekki lokað á efnistöku án frekari greiningar líkt og tillaga verkefnisstjórnar ber með sér, vísast til nánari umfjöllunar um afmarkaða nýtingarflokka skipulagstillögunnar aftar í þessari umsögn.

Með vísan til 1. og 2. töluliðar 3. gr. laga um haf- og strandsvæðaskipulag, nr. 88/2018, nær skipulagssvæðið til hafsvæðis utan netlaga við sjó, þ.e. 115 m út frá stórstraumsfjöruborði landareigna.

Á fyrri stigum verkefnisins hefur Orkustofnun bent á þá óvissu sem ríkir um legu stórstraumsfjöru víða við land. Vísar stofnunin jafnframt til ábendinga Landhelgisgæslu Íslands hvað þetta varðar. Svo virðist sem við verkefnið sé þrátt fyrir það ranglega stuðst við strandlínu meðalsjávarmáls sem viðmiðun við afmörkun netlaga og leiðir það af sér að skipulagsákvæði fara á nokkrum svæðum út fyrir framangreint gildissvið laganna og skarast á við skipulagsvald sveitarfélaga, sbr. skipulagslög nr. 123/2010.

Þessi óvissa um afmörkun netlaga leiðir jafnframt af sér óvissu um stjórnsýsluleg mörk margvíslegra leyfisveitinga sem vikið er að í skipulagstillögunni. Ítrekar stofnunin fyrri ábendingar um mikilvægi þess að ráðist verði í heildstæða kortlagningu á stórstraumsfjöru umhverfis landið.

Sem dæmi bendir Orkustofnun á að svæði UN 14 er að stórum hluta innan netlaga, þ.m.t. allt svæðið fyrir innan Meleyri og Meleyrin sjálf við Breiðdalsvík, enda er svæðið tilgreint í aðalskipulagi Fjarðabyggðar (svæði ST-60). Sama á við um svæði UN 12 í botni Fáskrúðsfjarðar sem ekki verður betur séð en að sé allt ofan stórstraumsfjöru, sbr. meðfylgjandi skjáskot af vefkorti Loftmynda ehf. (svæði ST-40 í aðalskipulagi Fjarðabyggðar):



Sambærilega óvissu má og greina á svæði UN 10, í skipulagi fyrir Vestfirði þar sem miklar leirur og sandrif koma upp á fjöru í Önundarfirði en óljóst er hvar mörkin liggja, sbr. meðfylgjandi skjáskot:



Verður ekki betur séð en að allnokkur hluti svæðisins falli innan netlaga og því utan afmörkunarskipulagsins.

Með vísan til framanritaðs bendir stofnunin jafnframt á að skýringarmynd á bls. 6 í greinargerð með skipulaginu er ónákvæm og villandi þar sem munur er á strandlínu (meðalsjávarmál) og stórstraumsfjöru. Þá má benda á að með lögum nr. 58/2017 var lögum um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, breytt á þann hátt að utan við landhelgi er nú skilgreint 12 sml breitt aðlægt belti. Það skortir á umræddri mynd.

Orkustofnun telur enn fremur mikilvægt að vekja athygli á tilgreindum atriðum í almennum ákvæðum um nokkra nýtingarflokka í skipulagstillögunni, ekki síst í ljósi þess að hér er um að ræða fyrstu málsmeðferð þessa eðlis og gera má ráð fyrir því að hún verði fordæmisgefandi fyrir önnur svæði:

Siglingar (SI)

Orkustofnun gerir athugasemdir við að ekki sé opnað fyrir möguleika á efnistöku innan reita sem skilgreindir eru fyrir siglingar. Vísar stofnunin til framanritaðrar umfjöllunar um gildi jarðefna á hafsbötni fyrir sveitarfélög og atvinnulíf. Ekki eru gerðar athugasemdir við að siglingar hafi forgang innan viðkomandi svæða en stofnunin telur mikilvægt að möguleiki verði til að heimila efnistöku ef hentugt efni er þar að finna. Þekkt eru dæmi um slíkt, t.a.m. leyfi til efnistöku austur af Engey í Kollafirði, sbr. leyfi nr. OS-2021-L009-01, þar sem megin siglingarleið til Sundahafnar liggur um hluta efnistökusvæðis og gerðu Faxaflóahafnir ekki athugasemdir við þá tilhögun sem þar er tilgreind. Þar er tilgreint (í 4. mgr. 5. gr. leyfis) að leyfishafi skuli virða rétt skipa á skilgreindri innsiglingarleið til og frá Sundahöfn og gæta þess við efnistöku að ekki sé trufluð sigling nokkurs skips á siglingu til og frá hafnar. Vísar Orkustofnun jafnframt til þess að réttur skipa á siglingu eftir afmarkaðri siglingaleið er ótvíræður gagnvart efnistökuskipi. Sömu leiðis vísar stofnunin til þess að dýpkunarframkvæmdir falla undir efnistöku og getur það því verið hamlandi fyrir þróun hafna og siglingaleiða ef ekki er heimil efnistaka innan SI svæða.


Leggur Orkustofnun því til að skilmálum SI nýtingarflokks verði breytt með vísan til framanritaðra málsraka.

Staðbundin nýting (SN)

Skv. almennu skipulagsákvæði er ekki gert ráð fyrir orkuvinnslu innan SN skipulagsreita. Orkustofnun gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við þá skipan miðað við núverandi stöðu, en bendir á að þegar betri upplýsingar liggja fyrir um hagkvæmni mismunandi orkuvinnsluáðferða geti sú staða komið upp að slíkir kostir þyki hagkvæmir innan tilgreindra SN reita. Verður að mati Orkustofnunar að liggja fyrir möguleiki á hagkvæmnigreiningu þannig að nýting hafsvæðisins sé til þjóðhagslegrar hagkvæmni. Orkustofnun teldi a.m.k. skynsamlegt að opna á þann möguleika.

Umhverfi og náttúra (UN)

Orkustofnun bendir á að víða geta verið verðmæt jarðefni sem hagar er að nýta, sbr. umfjöllun hér framar. Tryggja ber að skipulagsákvæði þessa nýtingarflokks takmarki ekki um of aðgengi sveitarfélaga til efnistöku af hafsbötni. Stofnunin telur mikilvægt að ekki séu sett óþarfa höft á möguleika sveitarfélaga til þróunar og framkvæmda. Ekki eru gerðar athugasemdir við að á skilgreindum UN svæðum sé gætt aukinnar varúðar, eftir því sem við á hverju sinni. Hér má m.a. tilgreina að mörg verðmæt fuglasvæði (fuglabjörg) eru einungis viðkvæm hluta úr ári og ef þannig skipast mál er t.a.m. hægt að afmarka starfsemi, t.d. efnistöku, til þess hluta árs sem áhrif eru takmörkuð. Sama á við um svæði sem NÍ hefur lagt til að fari í B hluta Náttúruminjaskrár, en mikilvægi sumra þeirra svæða er tímabundið og ekki verður séð að efnistaka muni fortakalaust valda rýrnum umhverfisgæða eða vistgerða.



Í því sambandi bendir Orkustofnun og á að tilnefning Náttúrufræðistofnunar til svæða á B-hluta Náttúruminjaskrár hefur ekkert sérstakt lögformlegt gildi enda hefur hún ekki hlotið viðeigandi umfjöllun né staðfestingu, sbr. 13., 15. og 33. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013. Orkustofnun telur því of geyst farið að veita (a.m.k. hluta) þeirra svæða þá vernd sem tilgreind er í framlagðri skipulagstillögu. Í gildi er Náttúruminjaskrá frá 1995, sbr. auglýsing nr. 63/1995 með síðari breytingum, enda er ítrekað vísað til hennar í texta skjalsins. Eðlilegt er að stuðst sé við þá skipan í skipulagstillögunni.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Marta Rós Karlsdóttir
sviðsstjóri

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. september 2022
Tilv.:2207447 / HZ

Efni: Skipulagsmál - umsagnir um strandsvæðisskipulag Austfjarða

Fyrir liggja drög að strandsvæðisskipulagi Austfjarða og Vestfjarða. Er um að ræða þarfa og afbragðs góða vinnu sem unnin hefur verið af Skipulagsstofnun, undir stjórn viðkomandi svæðisráða. Talið var brýnt að hefja skipulagsgerð sem fyrst á þessum svæðum vegna mikillar eftirspurnar og fyrirsjáanlegra hagsmunaárekstra. Samgöngustofa hefur rýnt tillögurnar m.t.t siglingaöryggis og gerir þær athugasemdir sem hér fara á eftir.

Í drögunum eru lagðar út siglingaleiðir auk þess sem önnur starfsemi í fjörðum og flóum er einnig skipulögð. Á ýmsum stöðum í drögunum rekast siglingaöryggi og skipulögð eldisstarfsemi á. Má þar nefna Seyðisfjörð, Reyðarfjörð og Ísafjarðardjúp en á þessum stöðum hafa svæði undir fiskeldi verið skipulögð þannig að þau eru hindrun fyrir siglingar eftir hefðbundnum leiðum.

Vaxandi ásókn er í notkun strandsvæða við Ísland á sama tíma og umferð stórra skipa til hafna landsins hefur aukist. Óhjákvæmilegt er að hagsmunir rekist á þegar notkun hafsvæða þrengir að hefðbundnum siglingaleiðum, jafnvel þannig að siglingaöryggi sé ógnað.

Sérstakar siglingaleiðir hafa hingað til ekki verið ákvarðaðar við Ísland, fyrir utan aðskildar siglingaleiðir við Reykjanes en öruggar leiðir hafa verið markaðar með sjómerkjum. Rétt er að hafa í huga að ekki hefur verið talin þörf á skilgreiningu sérstakra siglingaleiða víðast hvar en nú þegar sífellt meira pláss fjarða er nýtt fyrir ýmsa starfsemi, s.s. fiskeldi, er orðið ljóst að þörf er á ákvörðun siglingaleiða á ýmsum svæðum til að tryggja öryggi siglinga.


Áformað er að skilgreina siglingaleiðir, þar sem þess er þörf. Á grundvelli 4. gr. laga um Samgöngustofu segir m.a.: „*Samgöngustofa ákveður kröfur um öryggi samgöngumannvirkja ásamt því að kveða á um skipulag umferðar- og leiðsögukerfa í lofti og á láði og legi.*“ Íslensk stjórnvöld geta ákvarðað slíkar siglingaleiðir og fyrirkomulag umferðar á innsævinu, þ.e.a.s innan grunnlína, skv. lögum nr. 41/1979 um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, án aðkomu alþjóðastofnana.

Stofnunin telur að vinna þurfi frekar að ákvörðun siglingaleiða, þar sem þess er þörf, ásamt því um leið að skilgreina aðferðir sem beitt er við slíka ákvörðun. Stofnunin hefur því fengið til liðs við sig sérfræðinga úr ýmsum áttum til að vinna að þessu verkefni, auk þess sem

stuðst er við efni erlendis frá. Ljóst er að sú vinna mun taka einhvern tíma en ráðgert er að hraða henni eins og kostur er. Í kjölfarið þarf að ákveða siglingaleiðir, þar sem þess er þörf og hvernig sjómerkjum verður hagað til að tryggja öryggi siglinga.

Samgöngustofa vill einnig minna á að Ísland hefur í reglugerð 614/2014 um útnefningu skipaafdrepa á Íslandi skilgreint ákveðin svæði sem skipaafdrepp og þarf því að vera til athafnasvæði í fjörðum fyrir þau.

Virðingarfyllt



Halldór Ó. Zoëga

Deildarstjóri siglinga- og hafnaeftirlits



Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir

Deildarstjóri lögfræðideildar

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. Október 2022
Tilv.:2207447 / HZ

Efni: Skipulagsmál - umsagnir um strandsvæðisskipulag Austfjarða

Vegagerðin og Samgöngustofa hafa rýnt frekar fram komnar tillögur að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og Austfjarða með siglingaöryggi að leiðarljósi og telja mjög brýnt að koma að frekari athugasemdum vegna tillagnanna, umfram þær sem áður höfðu verið sendar inn.

Telja stofnanirnar mjög brýnt að veittur verði frekari frestur til þess að skoða þau svæði sem tilgreind eru hér neðar í þessu bréfi með tilliti til siglingaöryggis en ljóst er að öryggi siglinga hefur á tilteknum svæðum í tillögunum verið vikið til hliðar fyrir svæði fyrir staðbundna nýtingu undir eldissvæði. Sum eldissvæðin hafa í tillögunum verið merkt í hvítum ljósgeirum vita, en fortakslaust er að sigling í hvítum geira á að vera hindranalaus og örugg. Eins hafa nokkur eldissvæði verið merkt ofan í hefðbundnar, almennar siglingaleiðir. Að mati Samgöngustofu ber siglingaöryggi að hafa afgerandi forgang við skipulagsgerð.

Samkvæmt Alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu, svokallaðri SOLAS samþykkt, skal, skv. 2. mgr. 13 gr. í V. kafla, taka mið af alþjóðlegum tilmælum og viðmiðunarreglum þegar sett eru upp sjómerki til að sjófarendur upplifi kerfið sem einsleitt og það virki á sama hátt á alþjóðavísu. Ísland hefur fullgilt samninginn og hefur hann haft gildi hér frá 16. október 1983. Þannig ber að fylgja tilmælum og viðmiðunarreglum alþjóðavitasamtakanna IALA, sem tilgreina í viðmiðunarreglu IALA G1041¹ um geiraljós, að **hvítur geiri merki örugga leið (e. white sector indicates safe passage)**.

Vegagerðin og Samgöngustofa eru þær stofnanir sem fara með framkvæmd laga um vitamál nr. 132/1999. Sé óskað eftir því að setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Vegagerðina og merkið má ekki taka í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Samgöngustofu, sem sér þá um að merkið verði auglýst.

Rekstraraðilum eldiskvía ber að merkja kvíar með sjómerkjum, eins og tilgreint er í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og viðhalda merkjum. S kv. lögum um vitamál nr. 132/1999 ber þeim

¹ <https://www.iala-aism.org/product/g1041/?download=true>

að vera í samráði við Vegagerðina um gerð og staðsetningu slíkra merkja og fá heimild Samgöngustofu fyrir að taka sjómerkið í notkun. Það hefur ekki verið gert.

Langflest slys á sjó verða vegna mannlegra mistaka² og er þörfin fyrir hæfilega fjarlægð kvía frá siglingaleiðum og hvítum geira ljósvita því raunveruleg.

Bent hefur verið á að almennt er ekki heppilegt að hafa eldissvæði í mikilli nálægt við höfða, þar sem þeir skaga út í sjó frá landi og þannig getur hent að fljótandi mannvirki, eins og eldiskvíar, sjáist ekki fyrr en komið er fyrir höfðann, sem skapað getur mikla hættu fyrir sjófarendur.

Verið er að vinna með markvissum hætti að ákvörðun siglingaleiða við Ísland, þar sem þess gerist þörf en Íslensk stjórnvöld geta ákvarðað slíkar siglingaleiðir og fyrirkomulag umferðar á innsævinu, þ.e.a.s innan grunnlína, skv. lögum nr. 41/1979 um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, án aðkomu alþjóðastofnana. Er vinnan unnin með aðkomu Landhelgisgæslunnar og fleiri hagaðila og miðar þeirri vinnu vel áfram.

Hér á eftir eru listuð upp þau eldissvæði í skipulagstillögunum sem á einhvern hátt ógna öryggi siglinga. Þau svæði er ekki hægt að taka í notkun, miðað við núverandi aðstæður og þarf að breyta drögunum eða leggja til viðunandi mótvægisáðgerðir áður en hægt er að skipuleggja svæðin fyrir eldi.

VESTFIRÐIR

Ísafjarðardjúp.

SN21 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Arnarnesi. Þar hefur skipulögð siglingaleið verið sveigð frá landi, frá viðtekinni siglingaleið.

SN23 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi. Útlit svæðis er ekki heppilegt m.t.t. fyrirsjáanleika þegar siglt er meðfram kvínni þar sem hún er ekki samhverf og hún skagar í átt að siglingaleið meira á annan veginn en hinn þegar siglt er inn til Súðavíkur.

SN26 Er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Arnarnesi.

SN31 er í hvítum ljósgeira frá vitanum í Æðey.

SN32 er í hvítum ljósgeira frá vitanum í Æðey.

Álftafjörður/Súðavík

Skipulagt svæði SN24 þrengir verulega að siglingaleið og þröngvar skipum upp á grynningar austan í firðinum.

² [HUMAN ERROR-THE MAIN FACTOR IN MARINE ACCIDENTS](#)

Önundarfjörður

SN19 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi.

SN20 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi.

Í firðinum sunnanverðum eru nú þegar svæði í notkun. Skipulag gerir ráð fyrir stækkun svæðanna með SN19 en einnig er lagt til að norðan í firðinum verði sett svæðið SN20. Þetta getur hugsanlega þrengt að siglingum inn fjörðinn. Hefðbundnar siglingaleiðir hafa verið færðar nær miðjum firðinum vegna svæðanna SN 19 og SN20.

Dýrafjörður

SN15 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

SN18 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

Svæðin SN15 og SN18 valda því að hefðbundnar siglingaleiðir leggjast af og verða að fara nær miðjum firðinum.

Arnarfjörður

SN6 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

SN7 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

SN8 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

SN12 með leyfi fyrir efnistöku á kalkþörungaseti er mjög nálægt sjólögnum og gæti efnistakan valdið skemmdum á þeim.

Tálknafjörður

SN5 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

Patreksfjörður

SN1 er innan hvíta geirans frá Ólafsvita og er sett í hefðbundna siglingaleið og þrengir hugsanlega að siglingu inn til Patreksfjarðar.

AUSTFIRÐIR

Seyðisfjörður.

SN1 nær inn í hvítan ljósgeira frá Brimnesvita.

SN2 er mjög nálægt hvítum ljósgeira Brimnesvita.

Skipulögð siglingaleið inn Seyðisfjörð er mjó, um 500 metra breið.

Mjóifjörður.

SN4 er sett ofan á stað sem merktur er í sjókort sem sæstrengur.

Reyðarfjörður

SN5 hefur verið settur á hefðbundna siglingaleið inn fjörðinn og því ætlast til að umferð fari nær miðju en hefðbundið er.

SN6 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN7 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN8 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN10 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN11 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

Almennt gildir um Reyðarfjörð að svæði skipulögð fyrir fiskeldi þrengja að siglingaleið, sem færð hefur verið frá hefðbundinni leið í miðju fjarðar.

Fáskrúðsfjörður

S12 er að fullu innan hvíts ljósgeira Hafnarnesvita.

SN13 er að hluta innan ljósgeira Hafnarnesvita og hefur verið settur í hefðbundna siglingaleið og hún þá færð nær miðju fjarðarins.

SN14 er að fullu innan hvíts ljósgeira Hafnarnesvita.

Berufjörður.

SN16 er að hluta innan hvíts ljósgeira Karlstaðartangavita og er settur í hefðbundna siglingaleið, sem þá hefur verið færð nær miðju fjarðarins.

Virðingarfyllst

Halldór Ó. Zoëga

Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir

Deildarstjóri siglinga- og hafnaeftirlits

Deildarstjóri lögfræðideildar

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. september 2022
UST202207-060/A.B.
10.04.01

Efni: Tillaga – Strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði og Vestfirði – Skipulagsstofnun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu fyrir strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði og Vestfirði.

Í greinargerð kemur fram að strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði í fjörðum og flóum (utan netlaga) þar sem sett er fram stefna um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins. Auk þess kemur fram að strandsvæðisskipulag getur þannig m.a. falið í sér stefnu um nýtingu svæða til eldis nytjastofna, efnistöku eða ferðaþjónustu, verndun eða samgönguleiðir.

Umhverfisstofnun fagnar því að loks sé strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði og Vestfirði að verða að veruleika.

Umhverfisstofnun minnir á umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða dags. 22. júní 2017.¹

Í þessari umsögn er fjallað um strandsvæðisskipulagið í einni umsögn þar sem að ábendingar stofnunarinnar eiga almennt við um báðar tillögurnar nema annað sé tekið fram. Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðubúnir að koma á fund Skipulagsstofnunar og svæðisráðs og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

1. Vatn

Stjórn vatnamála

Í kafla 1.3 í greinargerð sem nefnist *Tengsl við aðrar áætlanir og áhrif á leyfisveitingar og aðra starfsemi* vantar að tengja strandsvæðisskipulagið við nýútgefna vatnaáætlun sem staðfest var af ráðherra í apríl sl. Vatnaáætlun er unnin á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn, þ.e. strandsjó, stöðuvötn, árósarvötn og straumvatn) og vistkerfi þess. Auk þess er markmiðið að hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Samkvæmt 28. gr. laganna

¹<https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Adrar-umsagnir/Frumvarp%20til%20laga%20um%20skipulag%20haf-%20og%20strandsv%20a6%20b0a%20-%20408%20m%20a11.pdf>

skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og *samgangna*, vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Jafnframt segir í sömu grein að við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Rúm 2.400 yfirborðsvatnshlot og rúm 300 grunnvatnshlot hafa verið afmörkuð á Íslandi og er hvert þeirra með eigin umhverfismarkmið. Samkvæmt vatnaáætlun Íslands eiga öll yfirborðsvatnshlot að ná umhverfismarkmiðum sínum um að vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Er þar átt við ákveðna líffræðilega, efna- og eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti. Um 90% allra yfirborðsvatnshlota á Íslandi hafa verið metin í mjög góðu vistfræðilegu ástandi. Þessi vatnshlot hafa lítið eða ekkert þekkt álag, en sú flokkun gæti þó í einhverjum tilfellum breyst eftir því sem gögn um álag verða nákvæmari, eða ef álag kemur til með að aukast. Markmið laganna eru þau að hindra frekari rýrnun vatnsgæða og skal tryggja að ástand yfirborðsvatnshlota versni ekki. Það þýðir að vatnshlot má ekki falla niður um ástandsflokk. Þannig má vatnshlot sem er í *mjög góðu* vistfræðilegu ástandi ekki fara niður í ástandsflokkinn *gott* vistfræðilegt ástand. Komi til þess að ástand vatnshlots rýrni eða falli um ástandsflokk þarf sá sem ber ábyrgð á álaginu (rekstraraðili, sveitarfélag eða aðrir) að setja fram aðgerðir til að draga úr álaginu á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið og koma því aftur í sama horf.

Um 10% yfirborðsvatnahlota á Íslandi eru enn óflokkuð m.t.t. vistfræðilegs ástands en þetta eru vatnshlot sem hafa skráð álag vegna margskonar starfsemi t.d. vegna fiskeldis eða fráveitu. Í tilfelli þessara vatnshlota er mikilvægt að mælingar, vöktun og/eða rannsóknir leiði í ljós raunverulegt ástand. Það er hlutverk og ábyrgð þeirra aðila sem valda álaginu að sýna fram á að þeirra starfsemi sé ekki að valda rýrnun á vistfræðilegu eða efnafræðilegu ástandi vatnshlota sem nýtt eru t.d. sem viðtaki mengunar. Það getur verið bæði mun tímafrekara og kostnaðarsamara að bæta ástand vatnshlota þegar ástandið er orðið slæmt en að gera ráðstafanir til að viðhalda góðu ástandi. Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í köflum um *Takmarkaðar upplýsingar* að efla þurfi áframhaldandi rannsóknir og vöktun og þær upplýsingar nýttar í tengslum við núverandi nýtingu. Í dag er enn sem komið er ástand strandsjávvarhlotta ekki að fullu ljóst sér í lagi þeirra sem eru undir álagi en með vatnaáætlun er komið á afar skilvirku vöktunarkerfi (samræmt yfir allt landið í samræmi við þær kröfur sem hafa verið innleiddar í öðrum Evrópulöndum).

Í almennum skipulagsákvæðum fyrir reiti sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra* segir að stuðla eigi að verndun umhverfis og náttúru á svæðinu en í því felst meðal annars að rýra ekki gæði strandsjávvar. Í umfjöllun um einstaka reiti í nýtingarflokknum *Lagnir og vegir* kemur fram þegar strengir liggja um svæði sem skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra* að ekki eigi að rýra gæði strandsjávvar. Umhverfisstofnun bendir á að hér er hægt að túlka textann þannig

að í lagi sé að rýra gæði strandsjávar utan svæða sem eru í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra*. Umhverfisstofnun bendir á að krafan um a.m.k. gott ástand vatnshlota gildir um öll vatnshlot, óháð landnotkunarflokki.

Umhverfismat

Í umhverfismati skipulagstillagnanna á bls. 9 er sýnd tafla fyrir umhverfisþætti, en undir kafla um strandsjó er gert ráð fyrir að skipulagið hafi óveruleg áhrif á strandsjó. Umhverfisstofnun bendir á það sem kemur fram hér að ofan að enn vantar gögn um ástand vatnshlota í strandsjó til að hægt sé að segja til um hvert er raunverulegt ástand þeirra. Leggja þarf mat á það hver áhrifin eru á vatnshlotin ef öll sú nýting sem ráðgerð er fer af stað.

Í kafla um *Heilbrigði og öryggi* vill Umhverfisstofnun koma því á framfæri að hreinsun á fráveituvatni er skammt á veg komin í þéttbýlum á Vestfjörðum og Austfjörðum og uppfylla færstar þeirra kröfur um hreinsun fráveituvatns og lagnir útrása. Fráveita er ekki aðeins losun lífrænna efna og næringarefna heldur einnig töluvert mikið magn af úrgangi bæði frá fólki sem hendir hlutum í salernin og með ofanvatni. Tölur sýna að magn rusls sé um hálf kg á hvern íbúa á ári. Slíkt hefur neikvæð áhrif á lífríki hafins sem og atvinnurekstur sem byggir á afurðum sem eiga að koma úr hreinu íslensku umhverfi. Ljóst er að hér þurfa sveitarfélög að fara í töluverðar úrbætur og þó að fráveitan sé allra jafnan innan netlaga þá getur áhrif frá fráveitu gætt lengra út í vatnshlotin.

Í kafla um *Strandsjó* vill Umhverfisstofnun benda á að álagsgreining vegna fyrstu vatnaáætlunar fór fram árið 2013 og síðar árið 2019 var bætt við álagi vegna fráveitu og fiskeldis. Sú greining byggir á gögnum frá ýmsum aðilum um álag á vatn. Vöktun í vatnshlotum sem eru notuð til viðmiðunar á góðu náttúrulegu ástandi er sett fram í vöktunaráætlun vatnaáætlunar. Eins og fram kemur hér að ofan þá fer vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Samkvæmt aðgerðaáætlun vatnaáætlunar munu vatnshlot vera álagsgreind að nýju árin 2024-2025 sem hluti af vinnu við næstu vatnaáætlun Íslands (2028-2033). Á gildistíma fyrstu vatnaáætlunar verður unnið í aðgerðum vegna endurskoðunar starfsleyfa og vöktunaráætlana mengandi reksturs m.t.t. þeirra krafna sem lög um stjórn vatnamála setur.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í umhverfismati þar sem fjallað er um samlegðaráhrif mismunandi áhrifaþátta, t.d. varðandi *Eldi og ræktun*, að þar sem svæðin liggja að annarri nýtingu þurfi að gæta sérstaklega að samlegðaráhrifum og hugsanlegum árekstrum í leyfisveitingum og vöktunaráætlunum. Einnig þarf að huga að samlegðaráhrifum með starfsemi á landi.

Fráveita frá Ísafjarðarbæ (UN13)

Í kafla 4 um líffræðilegan fjölbreytileika og ástand sjávar er vísað til krafna vatnaáætlunar en Umhverfisstofnun leggur til eftirfarandi viðbætur við textann til frekar skýringar:

Árið 2013 var unnið að álagsgreiningu fyrir vatnshlotin og var niðurstaðan að vatnshlotið Skutulsfjörður innri (101-1282-C) var metið í óvissu um að ná

umhverfismarkmiðum þar sem helsti álagsþáttur var óhreinsað fráveituvatn, sú óvissa stendur enn. Til þess að skera úr um óvissu í hlotinu þarf að fara fram vöktun á líffræðilegum gæðapáttum en slíkt hefur ekki verið gert í þeim tilgangi að aflétta óvissunni um ástand vatnshlotsins. Mælingar á forgangsefnum voru gerðar í vatnshlotinu árið 2019-2020 á mánaðarfresti og leiddu þær mælingar í ljós að efnafræðilegt ástand Skutulsfjarðar innri væri gott. Þær mælingar skera þó ekki úr um þá óvissu sem vatnshlotið er í vegna fráveituvatns (næringarefna).

Í greinargerð fyrir strandsvæðisskipulag Vestfjarða (bls. 36) er vísað til samfélagsáttmála sveitarfélaga á Vestfjörðum um sameiginlega hagsmunagæslu í fiskeldi og tengdum atvinnugreinum. Þá skal hafa sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi sem í felst að efla þekkingu á fiskeldi og umhverfisþáttum. Umhverfisstofnun vill því vekja athygli á mikilvægi þess að rekstraraðilar sem valda álagi á vatnsauðlindina ásamt sveitarfélögum hlutist til um vöktun á ástandi strandsjávar í samræmi við kröfur stjórnar vatnamála til að tryggja framtíð bæði atvinnugreina í sjávarútvegi sem og vatnsauðlindarinnar. Lög um stjórn vatnamála kveða á um að sá sem veldur álagi skal vakta ástand vatnshlotsins og draga úr álagi þar sem þess er þörf. Þar sem um fleiri en einn rekstraraðila er að ræða á einu svæði væri hægt að vinna að sameiginlegri vöktun í viðtaka eða vatnshloti. Mikill hagur væri af slíku samstarfi.

Losun efnis í hafið

Varðandi *Strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði*, vekur Umhverfisstofnun athygli á að á skipulagsuppdrættinum eru svæði í Ísafjarðardjúpi merkt A15 og A16 en ættu að vera merkt sem A14 og A15 samkvæmt lýsingu á bls. 49 í greinargerð.

Í lýsingu á svæði A15, Utanvert Ísafjarðardjúp, segir m.a. í greinargerð að utan við Bolungarvík sé leyfi til losunar efnis í hafið. Ekki kemur nánar fram til hvaða leyfis er vísað. Umhverfisstofnun veitti með bréfi dags. 15. september 2021 leyfi til að varpað yrði í hafið austan við Bolungarvíkurhöfn allt að 16.000 m³ af sandi úr höfninni vegna viðhaldsdýpkunar. Leyfið er afmarkast við þessa tilteknu framkvæmd.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur veitt Íslenska kalkþörungafélaginu leyfi til varps í hafið út af Kópanesi í Arnarfirði. Það kemur hins vegar ekki fram í umfjöllun um svæði A4 í greinargerðinni. Núgildandi leyfi var veitt árið 2020 fyrir ákveðnu magni af efni og hægt er að nálgast staðsetningu varpsstaðar hjá stofnuninni.

Í umfjöllun um almenn skipulagsákvæði vegna skipulagsreita í nýtingarflokknum *Siglingar* kemur meðal annars fram að „*almennt er ekki gert ráð fyrir haugsetningu innan reita fyrir siglingar en mögulegt er að veita slík leyfi að undangenginni umsögn hafnaryfirvalda þar sem ekki er mælt gegn slíkri nýtingu.*“ Umhverfisstofnun vekur athygli á að allt varp efna og hluta í hafið er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Notkun efnis í opna landfyllingu telst vera varp í hafið og er leyfisskyld, sbr. leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Svæðisskipulag Austfjarða - El Grillo

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við skipulag nýtingar innan Seyðisfjarðar verði tekið tillit til þeirrar mengunarhættu sem stafar af skipinu El Grillo. Í umhverfismatsskýrslu fyrir strandsvæðisskipulag Austfjarða segir meðal annars: „*Olía hefur lekið úr skipinu og ekki tekist að koma í veg fyrir frekari leka.*“ Þar segir einnig: „*Olíuleki úr skipsflakinu El Grillo getur haft áhrif á útfærslu valkostar hvað varðar verndun, staðbundna nýtingu, veiðar og aðra þætti s.s. ferðaþjónustu og útivist.*“

Umhverfisstofnun bendir á að gripið hefur verið til aðgerða til að stöðva leka frá skipsflakinu, samanber aðgerðir sem Landhelgisgæsla Íslands sá um árin 2020 og 2022 þar sem steypt var í tanka sem olía lak frá. Báðar aðgerðirnar tókust vel. Mengunarhætta er þó ennþá til staðar þar sem töluverð olía er enn um borð í skipinu. Því er fyrirhugað að Landhelgisgæsla Íslands kanni árlega ástand skipsins og að til staðar verði mengunarvarnabúnaður hjá Seyðisfjarðarhöfn til að bregðast við ef mengunar verður vart. Nauðsynlegt er að tryggja gott aðgengi að skipsflakinu vegna þessa og öruggar siglingaleiðir, ásamt því að taka tillit til þessa við nýtingar svæðisins.

Siglingaleiðir

Í greinargerðum með svæðisskipulagstillögunum segir meðal annars: „*Í strandsvæðisskipulagi, í tengslum við verndaráform, er tilefni til að taka afstöðu til þess hvort takmarka þurfi umferð skemmtiferðaskipa á viðkvæmum svæðum eins og við fuglabjörg.*“ Þrátt fyrir það er í skipulaginu ekki að finna neina stefnumörkun þar að lútandi. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að mörkuð verði stefna um aðgang skemmtiferðaskipa að svæðum utan hafnarsvæða. Jafnframt þarf að setja reglur um umferð léttbáta og skipabáta og landtöku farþega skipanna utan hafnarsvæða. Skoða þarf hvort skilgreina á tiltekna áfangastaði fyrir skemmtiferðaskip og hvaða svæði henta fyrir móttöku farþega frá stærri skipum og innviðaupbyggingu í því sambandi. Einnig þarf að huga að loftmengun, siglingum við fuglabjörg út frá verndun fugla og brádamengunarhættu. Umhverfisstofnun vekur enn fremur athygli á að auk siglinga skemmtiferðaskipanna sjálfra færast í vöxt að í þeim séu kafbátar sem ætlaðir eru til siglinga með farþega. Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á að stofnunin ásamt Samgöngustofu og Landhelgisgæslu Íslands gaf út árið 2019 leiðbeiningarit fyrir stjórnendur farþegaskipa sem koma til Íslands. Í ritinu er samantekt á þeim lögum, reglum og tilmælum er varða siglingar farþegaskipa hér við land. Leiðbeiningaritið var uppfært og endurútgefið árið 2022.

Samkvæmt lýsingum á svæðum í greiningerð með *Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða* eru þess dæmi að svæði fyrir staðbundna nýtingu hafi áhrif á siglingar/siglingaleiðir, sbr. til dæmis umfjöllun um SN15, SN18, SN20 og SN21, en í lýsingu á síðastnefnda svæðinu segir:

„*Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 fer töluverð umferð skipa um reitinn, jafnt minni sem stærri skipa á bilinu 50.000 til 99.999 tonn. Siglingaleið mun því færast nær miðju Ísafjarðardjúps. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir Siglingar, SI6.*“

Reiturinn er að hluta innan siglingageira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.“

Í greinargerð með *Strandsvæðisskipulagi Austfjarða* er einnig dæmi þess að gert sé ráð fyrir að umferð skipa færist vegna reita fyrir staðbundna nýtingu og að reitur sé að hluta innan ljósgeira vitaljósa.

Umhverfisstofnun telur að ef sú starfsemi sem skilgreind er innan reita fyrir staðbundna nýtingu eigi að hafa forgang fram yfir aðra nýtingu þá verði að meta hvaða áhrif breyttar siglingaleiðir og nálægð við starfsemina hafi, bæði á siglingaöryggi og mögulega mengunarhættu. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerðum skipulagstillagnanna að í strandsvæðisskipulagi sé mikilvægt að skilgreina hindrunarlaus svæði sem ætluð eru til siglinga til þess að tryggja örugga og greiða leið í og úr höfn.

2. Fiskeldi

Almenn nýting og fiskeldi

Í greinargerðunum, þar sem fjallað er um skipulagsreiti í nýtingarflokknum *Almenn nýting (A)*, kemur fram að heimilt sé að vera með staðbundna auðlindanýtingu, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku og ræktun, slátt sjávargróðurs og sambærilega nýtingu innan þeirra reita að teknu tilliti til hagsmuna almennrar nýtingar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fiskeldi sé innan skipulagsreitsins *Staðbundin nýting (SN)*. Með því sé fyrirsjáanleiki og skýrleiki aukinn.

Afmörkun fiskeldissvæða

Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfum fyrir fiskeldi í sjó eru leyfileg eldissvæði afmörkuð með hnitum. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að reitir í *Staðbundin nýting* séu rétt staðsettir og hnitsettir svo hægt sé að ganga úr skugga um að eldissvæði í starfsleyfum séu innan reita, sé ætlunin að fiskeldi sé einungis staðsett innan *Staðbundin nýting* reita.

Auk þess bendir stofnunin að mikilvægt sé að yfirfara uppdrátt að því marki að hann sé í samræmi við nógildandi leyfi nema ætlunin sé að fiskeldið sem er nú þegar þar til staðar víki fyrir annarri nýtingu.

Víkjandi starfsemi

Í skipulagstillögunum er gert ráð fyrir að fiskeldi sé á nokkrum stöðum víkjandi og að ekki verði um endurnýjun eða útgáfu á nýju leyfi. Ástæða þess er m.a. að fiskeldið getur valdið tjóni á fjarskiptastrengjum og að talið er að starfsemin samræmist ekki nýtingu svæðis.

Starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út gilda almennt í 16 ár í samræmi við 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir að vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum og lögum um

skipulag hafs- og strandsvæða. Þar sem starfsleyfi eru gefin út til tiltekins tíma er Umhverfisstofnun heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á skipulagi, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Starfsleyfi geta jafnframt verið endurskoðuð og þeim breytt ef breytingar verða til að mynda á mengunarvörnum, umfangi eða eldisbúnaði í fiskeldi.

Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr. 7/1998 er ekki mælt fyrir um endurnýjun starfsleyfis heldur endurskoðun. Þá er af 6. gr. laganna ljóst að gerður er greinarmunur á því hvort um ræði útgáfu nýs starfsleyfis, sbr. 1. mgr. eða endurskoðun og breytingu gildandi starfsleyfis, sbr. 2. mgr., einnig 14. og 15. gr. laganna. Útgáfa nýs starfsleyfis getur einungis átt sér stað þegar umsóknaraðili hefur ekki gilt starfsleyfi fyrir þeirri starfsemi sem hann sækir leyfi fyrir, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 43/2021 (Eldsneytisbirgðastöð). Rekstraraðilar sem eru með gildandi starfsleyfi fá því ekki gefin út ný leyfi heldur eru þau almennt endurskoðuð.

Verði tillagan óbreytt gæti það leitt til þess að fiskeldið muni ekki víkja á sumum stöðum fyrr en eftir mörg ár eða allt að 16 árum sem mætti segja að fari gegn markmiðinu, þ.e. að vernda fjarskiptastrengi. Þá er það óskýrt hvenær um endurnýjun sé að ræða þar sem lögin gera ráð fyrir endurskoðun starfsleyfis. Þó er mikilvægt að taka fram að ekki er æskilegt að breyta orðalaginu með því að segja að ekki verði um endurskoðun leyfa þar sem endurskoðun getur falið í sér breytingu á mengunarvörnum, umfangi, kennitölu eða eldisbúnaði en slíkar breytingar eru tíðar í starfsleyfum fyrir fiskeldi. Þá gæti það haft letjandi áhrif á að rekstraraðilar að skipta yfir í umhverfisvænni lausnir, t.d. búnað.

Stofnunin leggur til að setja fram tímamörk í skipulaginu sem felst í því að fyrir þann tíma skuli starfsemin víkja. Samkvæmt 40. gr. laga nr. 7/1998 skulu rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I-IV, tryggja að starfsemi þeirra sé rekin í samræmi við ákvæði laganna, reglugerða settum samkvæmt þeim og starfsleyfisskilyrðum. Ef frávik verða er þeim fylgt eftir í eftirliti og eftir atvikum með þvingunarúrræðum eða viðurlögum. Loks má benda á að mikilvægt er að gæta jafnræðis og tryggja að fyrirkomulagið verði skýrt og fyrirsjáanlegt.

Umhverfismat framkvæmda

Afmörkun reita fyrir staðbundna nýtingu þar sem ekki liggur fyrir leyfi til fiskeldis kunna að stangast á við áherslur í náttúruvernd, sbr. til dæmis reit SN26 fyrir strandsvæðisskipulag Vestfjarða sem er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár en þar nærri er eyjan Vigur sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna.

B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögur að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár hafa verið birtar á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við

sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila áður en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila. Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar til hliðsjónar við skipulagsgerð.

Í greinargerð kemur fram að taka þurfi afstöðu til þátta, líkt og t.d. ásýndar eða fuglalífs, á hverju svæði fyrir sig við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þetta þar sem að stofnunin tekur nú þegar afstöðu á grundvelli umhverfismats framkvæmda til þátta líkt og ásýndar, fugla- og dýralífs, lífríkis og vöktunar á því.

Staðbundin nýting

Í greinargerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða kemur fram að á reitum SN3, SN8, SN14, SN21, SN23, SN25, SN26, SN27 og SN32 liggja fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis, auk umsóknar til viðbótar við nógildandi leyfi innan reitar SN33. Hið rétta er að nú þegar eru í gildi starfsleyfi til fiskeldis á reitum SN3, SN8, SN14, SN25 og SN27 en umsóknir liggja fyrir um leyfi til fiskeldis á reitum SN21, SN23, SN26, SN32, sem og SN33.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að tvö leyfi til fiskeldis séu innan reitar SN19. Einungis eitt starfsleyfi er í gildi innan reitar SN19.

Fram kemur í sérákvæðum vegna skipulagsreitar SN20 að áform séu um að sækja um leyfi til fiskeldis. Umhverfisstofnun bendir á að ekki liggja fyrir umsókn um fiskeldi á svæðinu, sem hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett voru í bráðabirgðaákvæði laga nr. 71/2008 um fiskeldi, sbr. 24. gr. b. laga nr. 101/2019. Því skal Hafrannsóknarstofnun ákveða skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði sbr. 1. mgr. 4. gr. a. og ráðherra úthluta eldissvæðum sbr. 2. mgr. 4. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Hlutverk Skipulagsstofnunar

Í greinargerðum áætlananna kemur fram að ef vafi leiki á, leiðbeini Skipulagsstofnun um samræmi framkvæmda og starfsemi við strandsvæðisskipulagið. Mikilvægt sé að leyfisveitendur leiti umsagnar Skipulagsstofnunar um samræmi við strandsvæðisskipulagið þegar fjallað er um leyfisumsóknir. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreint ferli en telur að mikilvægt sé að skipulagsáætlanirnar séu skýrar um hvort leita skuli umsagnar Skipulagsstofnunar við allar leyfisveitingar vegna starfsemi á skipulagssvæðunum eða einungis þegar vafi leiki á um samræmi við skipulagið. Einnig má vera skýrara hvað átt er við með umfjöllun leyfisumsókna.

Hafnarreglugerðir

Umhverfisstofnun bendir á að rétt er að hafa í huga að í sumum hafnarreglugerðum er allur fjörðurinn undir, t.d. hafnarreglugerð fyrir Súðavík nr. 788/2015. Reglugerðirnar ná þá utan netlaga og sveitarfélagsmarka og inn á strandsvæðisskipulagið. Þá segir til að mynda í 3. gr. reglugerðar nr. 788/2015 að hafnarstjórn veitir leyfi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi.

3. Friðlýsingar, náttúruminjasrá og náttúruvernd

Jökulfirðir

Í skipulagstillögunni fyrir Vestfirði eru Jökulfirðir (UN19) skilgreindur sem reitur í nýtingarflokknum umhverfi og náttúra. Umhverfisstofnun tekur undir afmörkunina og eru að mati Umhverfisstofnunar vel skilgreind rök fyrir afmörkuninni í greinargerðinni.

Umhverfisstofnun bendir á að allt land umhverfis Jökulfirðina er á náttúruminjasrá og hluti þess er friðlýstur: þ.e. friðlandið á Hornströndum.

Umhverfisstofnun bendir á að leiðarljós fyrir friðlandið á Hornströndum er að vernda víðfeðmt svæði með einstakri náttúru og dýralífi þar sem kyrrð ríkir og innviðir eru ekki áberandi. Á svæðinu skulu náttúrulegir ferlar vera ríkjandi án afskipta manna, með það að leiðarljósi að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þess að upplifa slík svæði.² Unnið er með svæðið sem óbyggð víðerni og öllum vélknúnum hávaða haldið í algjöru lágmarki. Strendur Jökulfjarða eru mjög hreinar og náttúran öll óspillt. Í heiminum eru orðin fá svæði sem ná að uppfylla þessi skilyrði og eru á sama tíma jafn aðgengileg gestum og raun ber vitni. Mikilvægt að varðveita fyrir komandi kynslóðir og fyrir vöxt ferðaþjónustu á svæðinu.

Áhrifin af iðnaði í Jökulfjörðum yrðu mun meiri í þessu umhverfi en í umhverfi sem nú þegar er manngerðara, með vélknúinni umferð, byggingum, vegum og áhrifum af lýsingu.

Dynjandisvogur og Borgarfjörður

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að skilgreina stærra hafsvæði sem náttúruverndarsvæði í þessum hluta Arnarfjarðar (af hverjum Dynjandisvogur og Borgarfjörður ganga inn af). Á svæðinu eru merkir staðir í bæði náttúrufars- og menningarsögulegu tilliti og þangað leggur fjölmargt ferðafólk leið sína ár hvert. Ákjósanlegt er að allt hafsvæði innan línu sem dregin er frá Langanesi og norður yfir fjörðinn verði skilgreint sem náttúruverndarsvæði en bæði Dynjandi og Hrafnseyri eru innan auglýstra marka þjóðgarðs á Vestfjörðum sem áformað var að stofna árið 2021. Ef af þjóðgarði verður mun hann að líkindum auka enn á aðdráttarafl svæðisins.

Dynjandi er í hugum margra táknmynd fyrir Vestfirði og svæðið er fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna utan þéttbýla á Vestfjörðum. Fegurðargildi fossins og umhverfis hans er hátt en frá gönguleiðinni meðfram Dynjandisá og frá Dynjanda sjálfum er stórfenglegt útsýni yfir fjörðinn og mikilvægt að ekki sé dregið úr upplifun gesta af óspilltri náttúru með nýtingu sem er framandi í þessu umhverfi.

Hrafnseyri er fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar og þar er starfrækt sýning sem helguð er minningu hans og kaffihús á sumrin. Staðurinn hefur því mikið aðdráttarafl fyrir gesti.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að huga þarf að stefnu um umferð og landtökur skemmtiferðaskipa um voginn. Skortur er á gögnum um tíðni umferðar

² Sjá leiðarljós á bls. 6 í stjórnumar- og verndaráætlun friðlandsins á Hornströndum.

skemmtiferðaskipa og landtöku, stærð skipa, athafnir farþega og fleira. Enn fremur skortir rannsóknir á áhrifum þessarar umferðar á loftgæði og lífríki í fjörunni sem og fuglalíf.

Framkvæmdir utan friðlýstra svæða

Í skipulagstillögunum er fjallað um hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif inn á friðlýstu svæðin. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt ef framkvæmdir geta haft áhrif á verndargildi svæðanna, eins og segir í greininni; „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

Verndarsvæði í hafi

Í greinargerð með strandsvæðisskipulaginu segir meðal annars (bls. 16): „*Rannsókn hefur staðið yfir á neðansjávarminjum við Ísland síðan 2010 og er markmið hennar meðal annars að fá yfirlit yfir fjölda, eðli og ástand neðansjávarminja við landið. Í rannsókninni er lögð áhersla á skipsflök og minjar við verslunarstaði og hvalveiðistöðvar.*“ Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ekki kemur nánar fram um hvaða rannsókn er að ræða né heldur hvenær niðurstaðna er að vænta.

Umhverfisstofnun bendir á að Ísland er aðildarríki að samningi um líffræðilega fjölbreytni. Aðildarríki samningsins samþykktu 20 heimsmarkmið árið 2010, sem kallast Aichi-markmiðin, meðal annars er kveðið á um að vernda eigi að minnsta kosti 10% hafsvæða fyrir árið 2020.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur umsjón með framkvæmd samningsins hér á landi. Ríkjum ber að setja ýmis ákvæði samningsins inn í lög landsins og er það að stórum hluta gert í lögum um náttúruvernd, lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og nokkrum öðrum lögum.

Umhverfisstofnun leggur til að við vinnslu skipulagsins verði metið hvort tilefni er til að skilgreina frekar verndarsvæði í hafi.

Afmörkun náttúruminja

Á uppdrætti eru á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra (UN)* gert ráð fyrir verndun sérkenna viðkomandi svæðis vegna landslags eða náttúrulegs, sögulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um formlega friðun sé að ræða.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í Strandsvæðisskipulagi Austfjarða liggur reitur SN7 að friðlandi Gerpissvæðisins. Umhverfisstofnun telur æskilegt að Gerpissvæðið fái UN flokkun þar sem að svæðið er verndað vegna landslags.³

³ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/friðlyst-svaedi/austurland/gerpissvaedid/>

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í umhverfisskýrslum er fjallað um vistgerðir sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á eðlilegra er að tala um vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á að m.a. njóta leirur sérstakrar verndar. Leirur eru austan Sandodda innst í Patreksfirði og í botni Tálknafjarðar. Auk þess eru leirur í botni Hamarsfjarðar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skoðað sé hvort að tilefni sé til að skilgreina öll leirusvæði sem UN svæði.

4. Aðrir þættir

Almenn nýting

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fjalla þarf nánar um hvort skotveiði falli undir hefðbundnar nytjar eða útivist á reitum *SI* og *A* í skipulagstillögunum en þar segir: „...*gert ráð fyrir almennri nýtingu strandsvæða, svo sem til atvinnuveiða, ferðaþjónustu og útivistar ásamt hefðbundnum nytjum til einkanota, og skal aðstæðum til almennrar nýtingar viðhaldið.*“

Umhverfismat

Í umhverfismati kemur fram að í tillögunni segi að spáð sé hækkun sjávarborðs og aukinni úrkomuákefð. Auk þess kemur fram að hækkað hitastig sjávar geti valdið breytingum á lífríki og haft áhrif á nýtingu strandsvæða, staðbundna nýtingu og atvinnuveiðar.

Í greinargerð kemur fram að áhrif tillögunnar vegna loftslags séu metin óveruleg. Umhverfisstofnun telur ekki tilefni til að segja að umhverfisáhrif á loftslag séu óveruleg í ljósi þeirrar óvissu sem ríki og ætti því að skilgreina sem óviss áhrif. Stofnunin bendir t.a.m. á að reikna má með losun gróðurhúsalofttegunda þegar seyra er losuð í sjó, annars vegar vegna losunar metans í loftfirrðum aðstæðum og hins vegar vegna losunar á N₂O.⁴

Umhverfisviðmið

Umhverfisstofnun bendir á að endurskoða mætti töflu 2.1 í umhverfismatinu þar sem að mati stofnunarinnar vantar ýmis atriði. Til að mynda mætti undir umhverfisþættinum *auðlindir* tiltaka umhverfisvísinn *mengandi starfsemi* eins og er gert undir umhverfisþættinum *strandsjór*. Einnig ætti að fella umhverfisvísinn *efnistaka og haugsetning* undir *strandsjó* eins og er gert undir *auðlindir*. Þá vantar tilvísun í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til dæmis undir kaflanum *heilbrigði og öryggi*, en löggin eru stoð fyrir reglugerðum sem fjalla nánar um fráveitur og loftgæði. Undir kaflanum loftslagsbreytingar vantar tilvísun í lög nr. 70/2012 um loftslagsmál en aðgerðaáætlun stjórnvalda og stefna stjórnvalda er gerð á grundvelli þeirra laga.

⁴⁴<https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Greinarger%c3%b0%20um%20aukna%20s%c3%b6fnun%20seyru%20og%20losun%20GHL%20jan2022.pdf>

Gildistími

Umhverfisstofnun telur skýrara ef skipulagið hefur tiltekinn gildistíma, eins og skipulagsáætlanir hafa almennt, sérstaklega að teknu tilliti til svæða þar sem í sérákvæðum er tilgreind víkjandi starfsemi.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir,
forstjóri

Hulda Soffía Jónasdóttir,
sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b
105 Reykjavík
hafskipulag@skipulag.is

Bt.

Dags. 15.09.2022

Tilv. 5618-0-0005

Mál: 2022-0140

Með erindi dags. 6. júlí 2022 sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands vegna strandsvæðisskipulags Austfjarða.

Mikil og metnaðarfull vinna hefur verið lögð í þetta ferli.

Umsögn Veðurstofunnar er eftirfarandi:

Rétt er að leggja áherslu á ofanflóðahættuna í strandsvæðisskipulaginu, en í 16. gr. í reglugerðar 505/2000 segir:

Ef gildandi svæðis- og/eða aðalskipulag er ekki í samræmi við gert hættumat skal endurskoða skipulagið þannig að það verði í samræmi við hættumatið. Hættumati skal skila inn sem fylgiskjali með tillögu að svæðis- og aðalskipulagi þar sem það á við. Skipulagsáætlanir fyrir svæði utan þéttbýlis skulu ætíð samþykktar og/eða staðfestar með fyrirvara um hugsanlega ofanflóðahættu sem ljós kann að verða við hættumat á einstökum svæðum, sbr. 1. mgr. 8. gr.

Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð. Við endurskoðun aðalskipulags skal sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða hættumat.

Óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg, sbr. 11. gr.

Einnig bendir Veðurstofan á að sviðsmyndirnar sem lýst er í viðauka 3: sviðsmyndagreining taka ekki tillit til tímaramma og því er óraunhæft að gefa einkunn út frá loftslagsbreytingu. Það er villandi að tala um að áhættan sé óveruleg í umhverfismatinu en benda svo á í strandsvæðisskipulaginu að “Fyrirsjáanlegt er að umhverfisbreytingar af völdum loftslagsbreytinga muni hafa áhrif á umhverfi og vistkerfi sjávar á skipulagssvæðinu með hlýnun og súrnun sjávar og hækkun sjávarborðs” (bls. 12 í strandsvæðisskipulagi).

Hvað einstaka þætti varðar leggur Veðurstofan til að:

- Í Umhverfismatinu tafla 2.1 undir liðnum Heilbrigði og öryggi bæta við: “lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.”
- Í Umhverfismatinu tafla 2.1 undir liðnum Loftslagsbreytingar er lagt til að bæta við upplýsingum um aðlögun í umhverfisviðmið og bæta við í umhverfisvísa :“Möguleg aukning á ofanflóðahættu”
- Í Strandsvæðaskipulaginu kafla 2.1 bls. 12 bæta við í næst síðustu málsgreininga: “Einnig geta loftslagsbreytingar haft í för með sér aukna ofanflóðahættu.”

- Í kafla 7.2 í síðustu málsgrein má bæta við í setninguna: “Þetta getur t.d. varðað *ofanflóðahættu, sjávarflóð, sjávarstöðubreytingar ...*”
- Bæta þarf upplýsingagjöf um aðlögun vegna loftslagsbreytinga í strandsvæðisskipulaginu og umhverfismatinu.
- Endurskoða einkunnagjöf um loftslagsbreytingar.
- Efst á bls. 7 stendur „Error reference not found” í strandsvæðaskipulaginu þegar vísa á til sviðsmýnda viðauka.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason

Forstjóri Veðurstofu Íslands



Hrafnkell Ásólfur Proppé

Sviðsstjóri, svið stefnumótunar og miðlunar

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b, 105 Reykjavík

Hrafnkell.proppe@skipulag.is

hafskipulag@skipulag.is

Tillaga að strandsvæðisskipulagi Austfjarða

Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu svæðisráðs að strandsvæðisskipulagi Austfjarða, dagsettu í júní 2022 og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Efnistaka

Ekki er ljóst hvort efnistaka fellur undir nýtingarflokkinn *Staðbundin nýting (SN)* eða *Almenn nýting (A)*. Í kafla 6.2.1 um nýtingarflokkinn *Staðbundin nýting (SN)* kemur fram að efnistaka falli undir hann. Ekki er skilgreindur efnistökuréitur í töflu 4. Aftur á móti kemur fram í umfjöllun um reit A4 Norðfjarðarflói í nýtingarflokkinum *Almenn nýting (A)* að þar sé leyfi á fimm stöðum til rannsókna og efnistöku. Vegagerðin mælir með að skilgreindur verði reitur fyrir þetta leyfi á Norðfjarðarflóa í töflu 4 undir nýtingarflokki *Staðbundin nýting (SN)*.

Við Eyri í Reyðarfirði liggur fyrir leyfi fyrir 520.000 m³ efnistöku af sjávarbotni og fór leyfisveitingaferli í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Þessarar efnistöku er ekki getið í greinargerðinni.

Merkingar sjókvíaeldisstöðva

Vegagerðin hefur það hlutverk að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins m.a. með rekstri og viðhaldi vita og sjómerkja. Þannig er í lögum um vitamál nr. 132/1999 kveðið á um skyldu Vegagerðarinnar til að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur. Til slíkra leiðbeininga teljast m.a. vitar og önnur föst merki á landi sem og fljótandi leiðarmerki, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna,

Vegagerðin lítur svo á að merkingar á sjókvíaeldum falli þarna undir, enda þjóni þau sama tilgangi og önnur merki sem talin eru upp í dæmaskyni í lögum um vitamál, enda er merkingum á sjókvíaeldum ætlað sama hlutverk, þ.e. að sjá sjófarendum fyrir leiðbeiningum vegna öryggis í siglingum.

Þannig getur Vegagerðin, skv. 8. mgr. 3. gr. sömu laga, krafist viðkomandi hafnarstjórn um að setja upp vita og önnur leiðarmerki sem Vegagerðin telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnar svæði og skal gerð og staðsetning allra leiðarmerkja fyrir sjófarendur ákveðin í samráði við Vegagerðina sbr. 5. mgr. 3. gr. laga um vitamál. Skv. því ber þeim sem fengið hefur leyfi fyrir eldiskví að merkja svæðið í samráði við Vegagerðina, bæði hvað

varðar gerð og staðsetningu sjómerkja og ber þeim að tilkynna Vegagerðinni um allar breytingar og bilanir á þeim enda skal Vegagerðin hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningakerfi (leiðarmerki) sem fyrir hendi eru og stuðla að útgáfu korta sem innihalda nauðsynlegar upplýsingar til sjófarenda svo þeir geti notað áður nefnd hjálpartæki.

Bent er á að í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, sem sett er með stöð í lögum um fiskeldi nr. 71/2008, er einnig fjallað um merkingar sjókvíaeldisstöðva og skal af því tilefni bent á að samkvæmt almennum lögskýringarreglum ganga sett lög framur reglugerðum sé efni þeirra ósamrýmanlegt og ganga lög um vitamál nr. 132/1999 þannig framur ákvæðum um merkingar í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og getur reglugerðin ekki leyst aðila undan skyldu skv. lögum um vitamál nr. 132/1999.

Í töflu 4, reitir í nýtingarflokki Staðbundin nýting (SN), kemur fram að þar sem leyfissvæði fiskeldis liggja að hvítum ljósgeira skuli eldistöð ekki vera nær mörkum en 50 metra.

Eins og fram kemur í kafla 5. Innviðir og orka, 5.1. Siglingar, liggja ekki fyrir skýr viðmið um afmörkun siglingaleiða í fjörðum fyrir aðrar en þær sem eru merktar með leiðarvitum sem merkja öruggar siglingaleiðir í hvítu ljósi, rauðu með hættusvæði fyrir siglingar og grænu með hættusvæði eða svæði sem er óæskilegt til siglinga, t.d. skipalægi.

Vegagerðin bendir er á að hægt er að endurskilgreina áður merktar siglingaleiðir (með leiðarvitum) miðað við breyttar forsendur með því að hnika til geirum vita, en þannig að siglingaleiðir séu ávallt öruggar og fullnægjandi fyrir þær siglingar sem leiðirnar eiga að þjóna, enda er það hlutverk Vegagerðar skv. lögum nr. 132/1999 að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis á siglingaleiðum við strendur landsins og sjá til þess að þessar siglingaleiðir séu rétt merktar og fullnægjandi.

Rétt er því að Vegagerðin er umsagnaraðili við leyfisveitingar til að yfirfara merkingar sem áætlað er að setja upp. Einnig þarf að fara fram áhættumat þegar merkingar eru settar upp til að meta umfang merkinga sem þurfa að vera til staðar miðað við þá áhættu sem er til staðar og þéttleika og tegund siglinga. Þær kröfur geta verið meiri eða minni en talið er upp í reglugerð 540/2020.

Akkerislægi

Í kafla 4.2.1 kemur fram að á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokk *Umhverfi og náttúra (UN)* geti akkerislægi átt við að teknu tilliti til verndarhagsmuna á viðkomandi reit.

Í kafla 5.2.1 kemur fram að á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokki *Siglingar (SI)* sé ekki gert ráð fyrir akkerislægjum.

Í kafla 6.2.1 kemur fram að á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokki *Staðbundin nýting (SN)* sé ekki gert ráð fyrir akkerislægjum.

Í kafla 6.2.2 kemur fram að akkerislægi geti verið á reitum fyrir *Almenna nýtingu (A)*. Einn slíkur reitur er skilgreindur, reitur A2 Seyðisfjörður, þannig: „*Innst í firðinum er akkerislægi og tryggja þarf aðkomu stórra skemmtiferðaskipa að höfninni. Þar er einnig skipsflakið El Grillo sem merkt er með ljósdufli*“.

Á uppdráttum eru merktir **akkerisstaðir**, en í greinargerðinni er notað orðið **akkerislægi**. Betra væri að nota sama orðið um fyrirbærið í greinargerð og á uppdráttum.

Auk akkerisstaðar á Seyðisfirði, A2, eru slíkir staðir merktir á uppdráttum á Norðfirði, Eskifirði/Reyðarfirði og Berufirði. Þeir akkerisstaðir eru ekki skilgreindir á reitum fyrir *Almenna nýtingu* eins og fyrir akkerisstaðinn á Seyðisfirði. Þarna gætir ósamræmis sem þarfnast lagfæringar.

Allir þessir akkerisstaðir/akkerislægi eru á uppdráttum merktir á reiti í nýtingarflokki *Siglingar*, en í *Almennum skipulagsákvæðum* fyrir þann nýtingarflokk kemur fram að þar sé ekki gert ráð fyrir akkerislægjum. Aftur er um ósamræmi að ræða.

Skipaafdrepp

Í kafla 5.2.1 kemur fram að á reit *SI4 Reyðarfjörður og Eskifjörður* í nýtingarflokki *Siglingar (SI)* hafi Samgöngustofa skilgreint Reyðarfjarðarhöfn sem skipaafdrepp (neyðarhöfn).

Á uppdráttum er **skipaafdrepp utan hafnar** merkt við mynni Reyðarfjarðar sem er þá utan hafnarsvæðis Reyðarfjarðarhafnar. Spurning hvort fullt samræmi sé á milli texta í greinargerð og á uppdráttum, þ.e. annars vegar sé skipaafdrepp skilgreint í Reyðarfjarðarhöfn og síðan sé slíkt merkt utan hafnar. Jafnframt hvort fullt samræmi sé í því að skipaafdrepp sé merkt á reit í nýtingarflokki *Siglingar*, en í *Almennum skipulagsákvæðum* fyrir þann nýtingarflokk kemur fram að þar sé ekki gert ráð fyrir akkerislægjum, en með skipaafdreppi er átt við að þar geti skip legið fyrir akkerum.

Afmörkun svæða til siglinga

Í kafla 5.1 er fjallað um afmörkun á svæðum til siglinga og vitnað til reglna frá Kystverket í Noregi:

Samkvæmt leiðbeiningum Kystverket skulu afmörkuð svæði til siglinga almennt vera 1 km að breidd til að tryggja öruggar og greiðar leiðir, en taka þarf mið af aðstæðum á hverjum stað. Þar kemur einnig fram að í ákveðnum tilvikum sé tilefni til að skilgreina breiðara svæði fyrir siglingar en 1 km. Á það meðal annars við um umferð skipa sem eru stærri en 235 metrar á lengd eða 32 metrar á breidd, sérstaklega ef um er að ræða stór skemmtiferða- og flutningaskip. Sambærileg viðmið hafa ekki verið skilgreind af stjórnvöldum hér á landi og því er

hér horft til framangreindra viðmiða Kystverket. Aðstæður í flestum fjörðum á Austfjörðum eru þannig að ekki er hægt að skilgreina svæði til siglinga sem eru 1 km á breidd. Er það annaðhvort vegna þess að þar er fyrir staðbundin starfsemi eða að landfræðilegar aðstæður bjóða ekki upp á svo breitt svæði til siglinga. Seyðisfjörður er til að mynda einn þessara fjarða, hann er þröngur eða rúmlega 800 metrar þar sem hann er þrengstur. Að auki er stefnt að fiskeldi í firðinum sem getur dregið enn frekar úr aðgengi skipa. Um Seyðisfjörð er mikil umferð stórra skipa en auk fiskiskipa kemur Norræna vikulega ásamt stórum skemmtiferðaskipum yfir sumartímann, en árið 2019 komu þangað tæplega 70 skemmtiferðaskip.

Vegagerðin vill benda á að það sem átt er við með afmörkun svæða til siglinga er að á þeim svæðum hefur Kystverket einhvers konar forsjá, Kystverket þarf að samþykkja starfsemi sem fer inn á svæðið. Reglurnar kveða hins vegar skýrt á um að ákvörðun á breidd siglingareнна skuli byggja á viðmiðunum sem settar eru fram af PIANC Working Group 49 í *Harbour Approach Channels – Design Guidelines*. Þær viðmiðanir byggja á að hönnunarskip sé valið fyrir siglingaleiðina byggt á áætluðum siglingum. Breidd innsiglingar er síðan reiknuð út frá breidd hönnunarskips, hraða þess og stjórnhæfni, umhverfisaðstæðum, botngerð, siglingamerkingum og því hvort gert sé ráð fyrir að skip mætist.

Vegagerðin hefur skoðað hver sé nauðsynleg breidd siglingaleiðar inn Seyðisfjörð samkvæmt þessum leiðbeiningum og skipt firðinum í 3 hluta, ysta, mið og innsta hluta. Ef hönnunarskip varðandi breidd innsiglingar er skilgreint sem 40 m breitt skip og gert ráð fyrir að slík skip geti mæst, þá þarf breidd innsiglingar að vera 390 m, 310 m og 280 m á þessum þremur hlutum. Á það skal þó bent að litlar líkur eru á að slík skip mætist á siglingu þó að hámarki 4 skemmtiferðaskip séu samtímis á Seyðisfirði, en skipin koma að morgni og fara að kvöldi. Það er því ljóst að nauðsynleg breidd er töluvert innan þess 1 km sem getið er um í Strandsvæðaskipulaginu.

Ef að kemur til fiskeldis á Seyðisfirði verður væntanlega sett á lóðsskylda og takmarkaður hraði á siglingu um fjörðinn. Akureyrarhöfn setti á lóðsskyldu á Eyjafirði fyrir nokkrum árum vegna aukningar í siglingum en án þess að til kæmu þrengingar vegna fiskeldis og hefur höfnin töluverðar tekjur af.

Leyfisveitendur

Vegagerðin vísar í lög um vitamál nr. 132/1999 hvað varðar hlutverk Vegagerðarinnar og fer fram á að þeirra verði getið í strandsvæðisskipulagi.

Samráðs- og umsagnaraðilar

Vegagerðin vill koma því á framfæri hvort ekki sé ástæða til að samráð sé haft við eða a.m.k. leitað umsagnar hjá Hafnasambandi Íslands við gerð strandsvæðaskipulaganna tveggja sem nú eru í vinnslu, sérstaklega þar sem

slíkt skipulag er nýtt hér við land og því verða þau fyrirmynd annara slíkra. Þannig ættu það ekki bara að vera hafnir á viðkomandi svæðum sem koma að þessu heldur einnig Hafnasambandið fyrir hönd allra hafna.

Útrásir og sjötökulagnir

Líklega falla útrásir undir veitulagnir og mögulega líka sjötökulagnir. Veitulagna er víða getið í skilgreiningu nýtingarflokka og í Almennum skipulagsákvæðum.

Í töflu 3 eru skilgreindir reitir fyrir nýtingarflokkinn Lagnir og vegir (LV). Engar útrásir eða sjötökulagnir eru skilgreindar þar.

Sveitarfélög á svæðinu verða að gefa upplýsingar um útrásir.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar

Sigurður Sigurðarson
Strandverkfræðingur

Greipur Gísli Sigurðsson
Verkfræðingur

Erna Bára Hreinsdóttir
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Síða 5/5

Vegagerðin

**Skipulagsstofnun****Svæðisráð**

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Reykjavík 6. október 2022

Efni: Athugasemdir við tillögur að skipulagi haf- og strandsvæða á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Vegagerðin hefur ásamt Samgöngustofu rýnt fram komnar tillögur að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og Austfjarða með siglingaöryggi að leiðarljósi og telja mjög brýnt að koma að frekari athugasemdum vegna tillagnanna en áður höfðu verið sendar inn.

Síða 1/4

Telur stofnunin mjög brýnt að veittur verði frekari frestur til þess að skoða þau svæði sem tilgreind eru hér neðar í þessu bréfi með tilliti til siglingaöryggis en ljóst er að öryggi siglinga hefur á tilteknum svæðum í tillögunum verið vikið til hliðar fyrir svæði fyrir staðbundna nýtingu undir eldissvæði. Sum eldissvæðin hafa í tillögunum verið merkt í hvítum ljósgeirum vita, en fortakslaust er að sigling í hvítum geira á að vera hindranalaus og örugg. Eins hafa nokkur eldissvæði verið merkt ofan í hefðbundnar, almennar siglingaleiðir. Að mati stofnananna ber siglingaöryggi að hafa afgerandi forgang við skipulagsgerð.

Samkvæmt Alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu, svokallaðri SOLAS¹ samþykkt, skal, skv. 2. mgr. 13 gr. í V. kafla, taka mið af alþjóðlegum tilmælum og viðmiðunarreglum þegar sett eru upp sjómerki til að sjófarendur upplifi kerfið sem einsleitt og það virki á sama hátt á alþjóðavísu. Ísland hefur fullgilt samninginn og hefur hann haft gildi hér frá 16. október 1983. Þannig ber að fylgja tilmælum og viðmiðunarreglum alþjóðavitasamtakanna IALA, sem tilgreina í viðmiðunarreglu IALA G1041² um geiraljós, að **hvítur geiri merki örugga leið (e. white sector indicates safe passage)**.

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Vegagerðin og Samgöngustofa eru þær stofnanir sem fara með framkvæmd laga um vitamál nr. 132/1999. Sé óskað eftir því að setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við

¹ <https://www.samgongustofa.is/media/english/SOLAS-Consolidated-Edition-2018.docx.pdf>

² <https://www.iala-aism.org/product/g1041/?download=true>

Vegagerðina og merkið má ekki taka í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Samgöngustofu, sem sér þá um að merkið verði auglýst.

Rekstraraðilum eldiskvía ber að merkja kvíar með sjómerkjum, eins og tilgreint er í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og viðhalda merkjum. Skv. lögum um vitamál nr. 132/1999 ber þeim að vera í samráði við Vegagerðina um gerð og staðsetningu slíkra merkja og fá heimild Samgöngustofu fyrir að taka sjómerkið í notkun. Það hefur ekki verið gert.

Langflest slys á sjó verða vegna mannlegra mistaka³ og er þörfin fyrir hæfilega fjarlægð kvía frá siglingaleiðum og hvítum geira ljósvita því raunveruleg.

Vegagerðin vill benda á að almennt er ekki heppilegt að hafa eldissvæði í mikilli nálægt við höfða, þar sem þeir skaga út í sjó frá landi. Í og þannig geta fljótandi mannvirki, eins og eldiskvíar, sem ekki sjást fyrr en komið er fyrir höfðann skapað mikla hættu fyrir sjófarendur.

Síða 2/4

Hér á eftir eru listuð upp þau eldissvæði í skipulagstillögunum sem á einhvern hátt ógna öryggi siglinga. Þau svæði er ekki hægt að taka í notkun, miðað við núverandi aðstæður og þarf að breyta drögunum eða leggja til viðunandi mótvægisáðgerðir áður en hægt er að skipuleggja svæðin fyrir eldi.

VESTFIRÐIR

Ísafjarðardjúp.

SN21 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Arnarnesi. Þar hefur skipulögð siglingaleið verið sveigð frá landi, frá viðtekinni siglingaleið.

SN23 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi.

Útlit svæðis er ekki heppilegt m.t.t. fyrirsjáanleika þegar siglt er meðfram kvínni þar sem hún er ekki samhverf og hún skagar í átt að siglingaleið meira á annan veginn en hinn þegar siglt er inn til Súðavíkur.

SN26 Er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Arnarnesi.

SN31 er í hvítum ljósgeira frá vitanum í Æðey.

SN32 er í hvítum ljósgeira frá vitanum í Æðey.

Álftafjörður/Súðavík

Skipulagt svæði SN24 þrengir verulega að siglingaleið og þröngvar skipum upp á grynningar austan í firðinum.

Önundarfjörður

SN19 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi.

SN20 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi.

Vegagerðin

³ [HUMAN ERROR-THE MAIN FACTOR IN MARINE ACCIDENTS](#)

Í firðinum sunnanverðum eru nú þegar svæði í notkun. Skipulag gerir ráð fyrir stækkun svæðanna með SN19 en einnig er lagt til að norðan í firðinum verði sett svæðið SN20. Þetta getur hugsanlega þrengrt að siglingum inn fjörðinn. Hefðbundnar siglingaleiðir hafa verið færðar nær miðjum firðinum vegna svæðanna SN 19 og SN20.

Dýrafjörður

SN15 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

SN18 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

Svæðin SN15 og SN18 valda því að hefðbundnar siglingaleiðir leggjast af og verða að fara nær miðjum firðinum.

Arnarfjörður

SN6 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

SN7 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

SN8 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

SN12 með leyfi fyrir efnistöku á kalkþörungaseti er mjög nálægt sjólögnum og gæti efnistakan valdið skemmdum á þeim.

Tálknafjörður

SN5 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

Patreksfjörður

SN1 er innan hvíta geirans frá Ólafsvita og er sett í hefðbundna siglingaleið og þrengrir hugsanlega að siglingu inn til Patreksfjarðar.

AUSTFIRÐIR

Seyðisfjörður.

SN1 nær inn í hvítan ljósgeira frá Brimnesvita.

SN2 er mjög nálægt hvítum ljósgeira Brimnesvita.

Skipulögð siglingaleið inn Seyðisfjörð er mjó, um 500 metra breið.

Mjóifjörður.

SN4 er sett ofan á stað sem merktur er í sjókort sem sæstrengur.

Reyðarfjörður

SN5 hefur verið settur á hefðbundna siglingaleið inn fjörðinn og því ætlast til að umferð fari nær miðju en hefðbundið er.

SN6 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN7 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN8 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN10 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.
SN11 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.
Almennt gildir um Reyðarfjörð að svæði skipulögð fyrir fiskeldi þrengja að siglingaleið, sem færð hefur verið frá hefðbundinni leið í miðju fjarðar.

Fáskrúðsfjörður

S12 er að fullu innan hvíts ljósgeira Hafnarnesvita.

SN13 er að hluta innan ljósgeira Hafnarnesvita og hefur verið settur í hefðbundna siglingaleið og hún þá færð nær miðju fjarðarins.

SN14 er að fullu innan hvíts ljósgeira Hafnarnesvita.

Berufjörður.

SN16 er að hluta innan hvíts ljósgeira Karlstaðartangavita og er settur í hefðbundna siglingaleið, sem þá hefur verið færð nær miðju fjarðarins.


Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar.
Bergþóra Kristinsdóttir
frkv.stjóri þjónustusviðs

Undirskrift



D) Aðrir hagsmunaaðilar

1. EIGENDUR INNVÍÐA



Skipulagsstofnun - Hafskipulag

hafskipulag@skipulag.is



Strandsvæðisskipulag Austfjarða 2022

Athugasemdir HEF veitna ehf.

HEF veitur ehf. eiga og reka hita- vatns- og fráveitur í Múlaþingi. Félagið er að öllu í eigu Múlaþings.

Fráveitur félagsins skila fráveituvatni í sjó hjá öllum kjörnum Múlaþings sem liggja að sjó; á Borgarfirði eystri, Seyðisfirði og Djúpavogi.

HEF veitur gera eftirfarandi athugasemd við skipulagið:

1. Engin grein er gerð fyrir fráveituútrásum á Djúpavogi og Seyðisfirði, hvorki núvernadi né verðandi. Losunarstaðir fráveitu hafa vísast eitthvað með nýtingarmöguleika nærumhverfis útrásarenda að gera. Því má álykta að útrásir og útrásaendar eigi erindi í skipulag sem þetta.

Ábendingar / fyrirspurnir:

- a. Svæðismörk skipulagsins ná ekki til alls Múlaþings, Borgarfjörður eystri er undanskilinn. Heppilegt hefði verið að afgreiða Strandsvæðisskipulag fyrir Múlaþing allt í einu.
- b. Skýringa óskað á því hvers vegna svæði utan ystu tanga eru í nokkrum tilfellum utan skipulagsmarka (Barðsnes/Norðfjarðarhorn, Gerpir og Glettingur).

Múlaþingi, 15. september 2022

Virðingarfyllst, f.h. HEF veitna

Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
Hrafnkell Ásólfur Proppé
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

13.09.2022
2022-07-18/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um tillögu að strandsvæðaskipulagi Austfjarða

Fyrir liggur tillaga að strandsvæðaskipulagi Austfjarða og í erindi Skipulagsstofnunar dags. 6. júlí 2022 var óskað eftir ábendingum Landsnets um tillöguna.

Landsnet hefur farið yfir skipulagsgögnin. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun.

Þar sem Landsnet á ekki mannvirki innan þess svæðis sem tillagan nær til, né hefur þar áform um ný mannvirki, telur fyrirtækið ekki tilefni til efnislegra athugasemda.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Tilvísun RARIK: AG-ERI-000121

Umhverfisstofnun
Hrafnkell Ásólfur Proppé

Egilsstaðir
25.08.2022

Efni: Ósk um umsögn um strandsvæðisskipulag Austfjarða


RARIK hefur mótttekið erindi yðar dags. 06.07.2022 með tilvísun *Ósk um umsögn um strandsvæðisskipulag Austfjarða* og hefur farið yfir tillöguna.

RARIK gerir ekki athugasemdir við efni tillögunnar.

Með kveðju,
Örvar Ármannsson
Deildarstjóri Netrekstur Austurlandi

D) Aðrir hagsmunaaðilar

2. FYRIRTÆKI EÐA STOFNANIR



Reykjavík, 15. september 2022

b.t. sviðs stefnumótunar og miðlunar
Skipulagsstofnun
Borgartúni 7B
105 Reykjavík

Efni: Sameiginlegar athugasemdir Fiskeldis Austfjarða hf. og Laxar fiskeldis ehf. vegna tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða 2022.

Tillaga að strandsvæðisskipulagi

Óskað hefur verið eftir athugasemdum Fiskeldis Austfjarða hf. og Laxar fiskeldis ehf. (hér eftir einnig nefnd „félögin“) vegna tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða, sem kynnt var þann 15. júní s.l. Félögin stunda sjókvíaeldi á Austfjörðum, en Fiskeldi Austfjarða hefur leyfi til sjókvíaeldis á laxi í Berufirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði en Laxar fiskeldi hefur leyfi til eldis á laxi í Reyðarfirði. Auk þess bíða umsóknir Fiskeldis Austfjarða um starfs- og rekstrarleyfi til laxeldis í Seyðisfirði afgreiðslu leyfisveitenda. Vilja félögin með erindi þessu koma á framfæri sameiginlegum athugasemdum vegna auglýstrar tillögu að strandsvæðisskipulagi.

Við vinnslu umsagnarinnar óskuðu félögin eftir aðgangi að hnitaupplýsingum sem liggja til grundvallar skipulaginu en aðgangur var ekki veittur. Reynt hefur verið að leggja sjónrænt mat á staðsetningu, stærð og afstöðu einstaka skipulagsreita miðað við núverandi og fyrirhuguð eldissvæði á Austfjörðum. Athugasemdir þessar eru því settar fram með þeim fyrirvara að félögin hafa ekki aðgang að þeim upplýsingum sem ákjósanlegt hefði verið að hafa til hliðsjónar við yfirferð auglýstrar tillögu.

Fiskeldi er grein í örum vexti og brýnt að fiskeldisfyrirtækjum sé skapaður skýr rammi sem stuðlar að uppbyggingu greinarinnar í sátt við samfélag og umhverfi. Það er því mikilvægt að settum markmiðum strandsvæðisskipulags verði náð með þeim hætti sem síst valdi óviðbúnum áskorunum í rekstri fyrirtækjanna eða torveldi leyfisveitingaferli sem nú þegar er afar þungt í umsvifum. Nauðsynlegt að tryggja fyrirtækjum fyrirsjáanleika í regluerki og svigrúm til þeirrar uppbyggingar sem nú stendur yfir. Er þess því óskað að við gerð strandsvæðisskipulags sé í auknum mæli horft til annarrar opinberrar vinnu sem nú stendur yfir á sviði fiskeldis svo búa megi greininni heildstætt og skilvirkt regluverk.

Til viðbótar við þær athugasemdir sem hér eru settar fram er vísað til umsagnar SFS um tillögu að strandsvæðisskipulagi og taka félögin undir athugasemdir samtakanna.

Skipulagsreitir og skipulagsákvæði á Austfjörðum

Fiskeldi Austfjarða og Laxar fiskeldi eru þau tvö félög sem stunda sjókvíaeldi á Austfjörðum. Af þeim 18 reitum sem falla undir staðbundna nýtingu á Austfjörðum samkvæmt strandsvæðisskipulagi eru 17 reitir skilgreindir fyrir fiskeldi (Skipulagsstofnun, 2022a). Þar af er einn reitur í Mjóafirði, en þeim reit hefur ekki verið úthlutað til eldisstarfsemi skv. 4. gr. laga um fiskeldi, nr. 71/2008. Aðrir reitir samræmast að mestu gildandi starfs- og rekstrarleyfum Fiskeldis Austfjarða og Laxar fiskeldis, sem og fullgildum starfs- og rekstrarleyfisumsóknum Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði. Ekki eru fleiri fyrirtæki en Laxar fiskeldi og Fiskeldi Austfjarða sem starfa á sviði fiskeldis í fjörðunum.

Mjóifjörður, staðbundin nýting

Í tillögu að strandsvæðisskipulagi hefur einn skipulagsreitur í Mjóafirði verið skilgreindur fyrir staðbundna nýtingu, þ.e. SN4 (Mjóifjörður). Eldissvæði í Mjóafirði hefur ekki verið úthlutað til fiskeldis, en ekki liggur fyrir áhættumat eða burðarþolsmat fyrir fjörðinn. Fiskeldi Austfjarða og Laxar fiskeldi gera ekki athugasemd við kynnta tillögu í Mjóafirði, en leggja til að hún fái að haldast óbreytt í endanlegri afgreiðslu strandsvæðisskipulags.

Seyðisfjörður, staðbundin nýting

Í tillögu að strandsvæðisskipulagi hafa þrír skipulagsreitir í Seyðisfirði verið skilgreindir fyrir staðbundna nýtingu. Það eru SN1 (Sörlastaðavík), SN2 (Selstaðavík) og SN3 (Skálanesbót). Samræmast skipulagsreitirnir að mestu umsóknum Fiskeldis Austfjarða um starfs- og rekstrarleyfi í firðinum, en Selstaðavík mætir skerðingu til suðurs vegna reits LV1, sem tilgreinir helgunarsvæði Farice sæstrengs sem liggur um fjörðinn.

Ákvæði við reit SN1 (Sörlastaðavík) segir að við leyfisveitingar skuli leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar og festinga. Ákvæði við alla nýtingarreiti Seyðisfjarðar, sem og í megintexta í tillögu að strandsvæðisskipulagi, segir einnig eftirfarandi: „Innan svæðisráðs eru skiptar skoðanir á nýtingarflokkum í Seyðisfirði en samstaða um að tillagan sé auglýst til að fá fram sem viðtækust sjónarmið. Mörk reita fyrir staðbundna nýtingu í Seyðisfirði taka mið af áformum um fiskeldi sem nú eru í umsóknarferli. Unnið er að áhættumati siglinga í Seyðisfirði m.t.t. þeirra áforma. Niðurstöður áhættumats kunna að hafa áhrif á endanlega útfærslu reita fyrir staðbundna nýtingu í Seyðisfirði og verða til umfjöllunar svæðisráðs ásamt athugasemdum og umsögnum að kynningartíma loknum.” (Skipulagsstofnun, 2022a).

Vilja félagin áréttta að fimm ára löngu matsferli vegna fyrirhugaðrar starfsemi í Seyðisfirði lauk nýverið og bíða fullgildar umsóknir Fiskeldis Austfjarða um starfs- og rekstrarleyfi nú afgreiðslu Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar. Í matsferli voru bæði Landhelgisgæsla og Samgöngustofa á meðal umsagnaraðila, auk Vegagerðarinnar og fleiri stofnana (Skipulagsstofnun, 2021). Voru áformuðum eldissvæðum fjarðarins að endingu valdar staðsetningar með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif á bæði siglingar og ásýnd fjarðar. Staðsetningar eldissvæða tóku þar að auki breytingum í matsferli svo koma mætti til móts við þær athugasemdir sem komu fram í ferlinu. Stærð svæðanna var ákvörðuð út frá nauðsynlegu plássi fyrir hverja og eina eldisstöð þar sem eldisstöðin, allur búnaður hennar og festingar verða að rúmast innan tilgreinds eldissvæðis. Fyrir vikið er afar takmarkað svigrúm til skerðingar eða breytinga á stærð og legu eldissvæðanna, frá því sem fram kemur í leyfisumsóknum og umhverfismati Fiskeldis Austfjarða (Fiskeldi Austfjarða og Verkís, 2021).

Líkt og bent var á að framan segir í tillögu að strandsvæðisskipulagi að vinna eigi áhættumat siglinga í Seyðisfirði og gæti niðurstaða matsins haft áhrif á staðbundna nýtingu í firðinum. Ekki liggja fyrir opinberar upplýsingar um áhættumat siglinga, hvernig það skuli framkvæmt eða hver aðkoma almennings og hagsmunaaðila verður að þeirri vinnu. Ekki er um að ræða mat sem á sér eiginlega lagastoð og því erfitt að sjá hvernig niðurstöður matsins munu geta haft áhrif á staðbundna nýtingu fjarðarins. Ef til stendur að vinna opinbert mat sem hefur áhrif á leyfisveitingar á tilteknum svæðum er mikilvægt að það sé gert með lögmætum hætti, að slík vinna eigi sér skýra stoð í lögum og að aðkoma hagsmunaaðila og almennings sé tryggð.

Eldisáform Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði byggja á þeim þremur svæðum sem kynnt voru í umhverfismatsferli, en skerðing eða önnur breyting á svæðunum gæti haft verulega neikvæð áhrif á áformaða starfsemi í firðinum. Það er því nauðsynlegt að eldissvæði taki ekki breytingum frá því sem lagt hefur verið upp með í umsóknum félagsins um starfs- og rekstrarleyfi, og að skilgreindir nýtingarreitir Seyðisfjarðar endurspegli að fullu svæðin sem kynnt voru í umsóknum félagsins.

Seyðisfjörður, almenn nýting

Við reit almennrar nýtingar í Seyðisfirði, A2, segir í sértæku ákvæði: „ekki er gert ráð fyrir frekari nýtingu sem krefst staðbundins búnaðar og takmarkar aðgengi að veiðislóð eða aðstæður til siglinga“. Fara félögin þess eindregið á leit að umrætt ákvæði verði látið niður falla, eða að öðrum kosti að nærsvæði eldissvæða í Seyðisfirði verði skilgreind sem aðskilinn reitur almennrar nýtingar, utan reits A2, og lúti ekki sama sérákvæði.

Ef aðstæður krefjast þess að gera þurfi smávægilega breytingu á legu eldisstöðvar, t.d. vegna nauðsynlegrar tilfærslu á einstaka botnfestingum, er félaginu afar mikilvægt að hafa svigrúm til þeirra ráðstafana. Það er ekki óalgengt að fyrirtækjum á sviði fiskeldis reynist nauðsynlegt að gera minniháttar breytingar á eldissvæðum eftir að reynsla er komin á rekstur á tilteknu svæði. Ef á reynir myndi sérákvæðið torvela slíkar breytingar verulega, án þess að fyrir liggi skýr ástæða eða rökstuðningur. Það er því mikilvægt að sérákvæðinu verði breytt með fyrirhugaða starfsemi í huga, eða að markaðir verði aðrir reitir í flokki almennrar nýtingar umhverfis eldissvæðin án umrædds sérákvæðis.

Seyðisfjörður, lagnir og vegir

Fyrirhugað eldissvæði við Selstaðavík, SN2, skerðist vegna skipulagsreits LV2 sem skilgreindur er fyrir lagnir og vegi vegna Farice sæstrengs sem liggur um Seyðisfjörð. Á reitnum er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna. Ekki virðist sem helgunarsvæði fjarskiptastrengja sé innfært í réttum hlutföllum á kortaupprátt og óskast það leiðrétt, en svo virðist sem skipulagsreiturinn sé breiðari en fjarskiptalög geri ráð fyrir.

Fjallað er um helgunarsvæði sæstrengja í 4. mgr. 86. gr. laga nr. 70/2022 og telst það vera 402 metrar, eða kvartmíla, út frá viðkomandi sæstreng á báða vegu. Bann við starfsemi innan helgunarsvæðis er ekki almennt heldur tekur til botnveiða og legu skipa. Ákvæðið tekur ekki til sjókvíaeldisstöðva, enda um að ræða alls eðlisólíka starfsemi. Skal áréttað að bannákvæði 86. gr. er íþyngjandi ákvæði sem ekki verður skýrt rúmri lögskýringu. Undir þetta tekur löggjafinn enda tekur undanþáguákvæðið í 3. ml. 4. mgr. 86. gr. laganna einvörðungu til veiða og ekki til annarrar starfsemi innan svæðisins, sem væri tilfellið ef ákvæðinu væri ætlað að taka til starfsemi annarrar en veiða.

Áður er sjókvíaeldisstöð er ákvarðaður staður fara fram ítarlegar rannsóknir á sjávarbotni og framkvæmd er staðarúttekt samkvæmt staðli NS9415:2009. Þá fer fram greining á umhverfisaðstæðum auk fjölgeislamælingar á botni. Út frá niðurstöðum greiningarinnar er staðsetning akkerisfestinga ákvörðuð en við útsetningu getur endanlegri staðsetningu festinganna skeikað um allt að 10 metra. Ef hreyfingar verða á akkerisfestingum eftir að þær hafa verið settar í sjó er sú hreyfing í átt að miðju stöðvarinnar, en ekki frá stöðinni. Stafar sæstrengjum fyrir vikið ekki hætta af eldismannvirkjum innan helgunarsvæðis og ekki er ástæða til að láta legu sæstrengs, hvorki í Seyðisfirði né Berufirði, hafa áhrif á útmörk eldissvæða.

Reyðarfjörður, staðbundin nýting

Í tillögu að strandsvæðisskipulagi eru sjö skipulagsreitir skilgreindir fyrir staðbundna nýtingu í Reyðarfirði, þar af sex reitir fyrir fiskeldi. Þessir reitir eru SN5 (Rifsker), SN6 (Bjarg), SN7 (Sigmundarhús), SN8 (Gripaldi), SN10 (Hafranes) og SN11 (Kolmúli og Vattarnes). Leggja félögin til að lega skipulagsreita fyrir staðbundna nýtingu Reyðarfjarðar haldist óbreytt í endanlegri afgreiðslu strandsvæðisskipulags.

Ákvæði við skipulagsreit SN7 (Sigmundarhús) gerir kröfu um að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við landslagsverndarsvæði. Greining á sjónrænum áhrifum eldisstöðva í Reyðarfirði var hluti af umhverfismatsferli Laxar fiskeldis vegna 10.000 tonna viðbótarframleiðslu félagsins í Reyðarfirði (Laxar fiskeldi og Rorum, 2018). Við útgáfu rekstrarleyfis í kjölfar umhverfismats tók Matvælastofnun afstöðu til álits Skipulagsstofnunar (2022b) þar sem m.a. er fjallað um áhrif á ásýnd fjarðarins (Matvælastofnun, 2020). Afstaða leyfisveitenda liggur þar með fyrir sem hluti af hefðbundnu umhverfismats- og leyfisveitingaferli.

Fáskrúðsfjörður, staðbundin nýting

Í tillögu að strandsvæðisskipulagi eru þrjú skipulagsreitir í Fáskrúðsfirði skilgreindir fyrir staðbundna nýtingu, þ.e. SN12 (Höfðahúsabót), SN13 (Fagraeyri) og SN14 (Einstigi). Leggja félögin til að lega reitanna haldist óbreytt í endanlegri afgreiðslu strandsvæðisskipulags.

Ákvæði við skipulagsreitina þrjá í Fáskrúðsfirði segir að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það. Ákvæði við skipulagsreit SN13 (Fagraeyri) segir jafnframt að taka skuli afstöðu til vöktunar á lífríki við Sævarendaströnd. Í tengslum við leyfisveitingaferli hefur Fiskeldi Austfjarða látið vinna samantekt um áhrif fiskeldis á fuglalíf í Berufirði og Fáskrúðsfirði (Halldór, 2016). Skilyrði um vöktun á eldissvæðum og nærumhverfi eru jafnframt á meðal starfsleyfis-skilyrða Umhverfisstofnunar (Umhverfisstofnun, 2021) og vilja félögin árétta að samhliða rekstri er stunduð umhverfisvöktun samkvæmt vöktunaráætlun samþykkt af stofnuninni (Rorum, 2022a). Með reglubundinni vöktun er fylgst með mögulegum áhrifum eldis á umhverfi fjarðarins, þar með talið fuglalíf.

Fáskrúðsfjörður, umhverfi og náttúra

Í Fáskrúðsfirði er skipulagsreitir UN13 (Sævarendaströnd) í floknum umhverfi og náttúra. Reiturinn er aðliggjandi Fögrueyri, SN13, eldissvæði Fiskeldis Austfjarða. Sævarendaströnd er á B-hluta náttúruuminjaskrár en hefur ekki verið færð í A-hluta. Má því velja vöngum yfir því hvort tímabært sé

að kynna skipulagsreit UN13 með þeim hætti hér er gert, enda annað lögbundið ferli að baki friðlýsingar svæða á B-hluta náttúruminjaskrár.

Vegna nálægðar reitarins við eldissvæðið Fögrueyri vilja félögin benda á að í tilkynningu að strandsvæðisskipulagi nær Sævarendaströnd mun lengra inn fjörðinn en tilefni er til samkvæmt korti Náttúruminjaskrár af svæðinu. Sævarendaströnd er 0,23 km² reitur sem þekur fjöru og grunnsævi við fjöruborð afmarkaðs hluta fjarðarins (Náttúrufræðistofnun Íslands, slóð og vefsíða, 2022).

Aðliggjandi skipulagsreit UN13 við Sævarendaströnd er friðlýst æðavarp, en skv. 20. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, er óheimilt hluta úr ári að leggja net nær friðlýstu æðavarp en 250 m frá stórstraumsfjöru. Þó reitur UN13 skarist ekki við eldissvæðið við Fögrueyri telja félögin mikilvægt að árétta að umrætt ákvæði nær ekki til fiskeldiskvía, þar sem ekki er um að ræða net til veiða.

Í ljósi ofangreinds leggja félögin til að skipulagsreitir UN13 verði ekki hluti af endanlegri útgáfu strandsvæðisskipulags, en til vara fara félögin þess á leit að svæðið verði minnkað til samræmis við þær upplýsingar sem fram koma í Náttúruminjaskrá.

Stöðvarfjörður, staðbundin nýting

Í tillögu að strandsvæðisskipulagi er einn skipulagsreitir skilgreindur fyrir staðbundna nýtingu í Stöðvarfirði, þ.e. SN15 (Stöðvarfjörður). Leggja félögin til að lega skipulagsreitir Stöðvarfjarðar haldist óbreytt í endanlegri afgreiðslu strandsvæðisskipulags.

Ákvæði við skipulagsreitinn segir að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli taka afstöðu til sjónræna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við þéttbýlið í Stöðvarfirði. Fiskeldi Austfjarða hefur gild starfs- og rekstrarleyfi í firðinum og vilja félögin benda á að sýnileikagreining var unnin í umhverfismatsferli því sem liggur til grundvallar útgáfu leyfanna. Í greinargerð Matvælastofnunar um álit Skipulagsstofnunar vegna framkvæmdarinnar var tekin afstaða til áhrifa á ásýnd, m.a. frá Stöðvarfirði (Matvælastofnun, 2022). Afstaða leyfisveitenda liggur þegar fyrir og leggja félögin til að ákvæðið verði látið niður falla.

Berufjörður, staðbundin nýting

Í tillögu að strandsvæðisskipulagi eru þrjár skipulagsreitir í Berufirði skilgreindir með staðbundna nýtingu, þ.e. SN16 (Hamraborg), SN17 (Gautavík) og SN16 (Svarthamarsvík). Reitirnir samræmast starfs- og rekstrarleyfum Fiskeldis Austfjarða en reitur LV4 (Sandbrekkuvík) skerðir eldissvæði félagsins við Hamraborg. Leggja félögin til að reitir skilgreindir fyrir staðbundna nýtingu í Berufirði samræmist útgefnum starfs- og rekstrarleyfum í endanlegri afgreiðslu strandsvæðisskipulags.

Ákvæði við alla skipulagsreiti fjarðarins segir að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það. Í tengslum við leyfisveitingaferli hefur félagið látið vinna samantekt um áhrif fiskeldis á fuglalíf í Berufirði og Fáskrúðsfirði (Halldór, 2016) auk þess sem unnin var fuglarannsókn í Berufirði á vegum félagsins m.t.t. nýtingar flórgoða, duggandar og himbrima á Berufirði og Berufjarðarströnd yfir vetrartímam (Þorleifur Eiríksson, 2021). Jafnframt er vöktun fuglalífs hluti af starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar (Umhverfisstofnun, 2021b) og samhliða rekstri er stunduð umhverfisvöktun samkvæmt vöktunaráætlun samþykkt af stofnuninni (Rorum, 2022b). Með reglubundinni vöktun er fylgst með mögulegum áhrifum eldis á umhverfi fjarðarins, þar með talið fuglalíf.

Berufjörður, lagnir og vegir

Samkvæmt tillögu að strandsvæðisskipulagi skerðist eldissvæði Fiskeldis Austfjarða við Hamraborg vegna skipulagsreits LV4 sem skilgreindur er fyrir lagnir og vegi vegna sæstrengja sem liggja yfir fjörðinn. Á reitnum er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna. Innan reitsins liggur hluti Hamraborgar, eldissvæðis Fiskeldis Austfjarða sem skilgreint er sem skipulagsreitur SN16. Ekki er tilefni til að skerða umrætt eldissvæði vegna helgunarsvæðis sæstrengs og vísast í því skyni til fyrri umfjöllunar um helgunarsvæði sæstrengs í Seyðisfirði.

Samantekt

Tillaga að strandsvæðisskipulagi er auglýst, m.a. til að fá fram athugasemdir frá hagsmunaaðilum sem málið kann að varða. Erfitt hefur reynst að taka afstöðu til verksins með skýrum hætti þar sem hnit skipulagsreita og þær mælieiningar sem stuðst er við hafa ekki verið gerðar aðgengilegar umsagnaraðilum. Strandsvæðisskipulagi er ætlað að setja fram íþyngjandi ákvæði og skilyrði sem hafa bein áhrif á starfsemi einstakra fyrirtækja og því mikilvægt að þessar upplýsingar liggi fyrir svo allar nauðsynlegar athugasemdir fái að koma fram. Líkt og áður sagði eru athugasemdir Fiskeldis Austfjarða og Laxar fiskeldis settar fram með þeim fyrirvara að umrædd gögn voru ekki tiltæk.

Þeir reitir sem ætlaðir eru til staðbundinnar nýtingar fyrir fiskeldi á Austfjörðum samræmast að mestu starfs- og rekstrarleyfum félaganna, auk fullgildra starfs- og rekstrarleyfisumsókna. Í Seyðisfirði er lögð til skerðing á einu af fyrirhuguðum eldissvæðum Fiskeldis Austfjarða vegna helgunarsvæðis sæstrengs og í Berufirði er af sömu ástæðu lögð til skerðing á svæði þar sem félagið hefur þegar gild starfs- og rekstrarleyfi. Telja félögin ekki ástæðu til annars en að þau svæði sem skilgreina á til staðbundinnar nýtingar fyrir fiskeldi á Austfjörðum samræmist að fullu þeim svæðum sem nú þegar eru tilgreind í starfs- og rekstrarleyfum, sem og svæðum sem tilgreind eru í umsóknum félaganna um ný starfs- og rekstrarleyfi.

Þá segir í skipulagsákvæðum reita sem falla undir staðbundna nýtingu í Seyðisfirði að áhættumat siglinga geti haft áhrif á staðbundna nýtingu fjarðarins. Gera félögin alvarlega athugasemd við óskilgreindar forsendur og hlutverk áhættumats siglinga. Ekki þykir ljóst hvernig staðið verði að matinu, hverjir komi að þeirri vinnu eða hvernig hagsmunaaðilum eða almenningi verður gert kleift að gera athugasemdir í ferlinu. Óljóst er með hvaða hætti áhættumatið á að hafa áhrif á nýtingu fjarðarins, en í umhverfismati Fiskeldis Austfjarða vegna fyrirhugaðrar starfsemi í Seyðisfirði var m.a. fjallað ítarlega um siglingar.

Einnig gera félögin athugasemd við sérákvæði nýtingarreits A2 í Seyðisfirði, þar sem fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir legu staðbundins búnaðar, m.a. vegna fiskeldis. Tryggja þarf að fyrir hendi sé möguleiki á að framkvæma minniháttar breytingar á eldissvæðum í firðinum, ef reynsla skyldi leiða í ljós að gera þurfi tilfærslur á akkerisfestingum umfram það sem fyrirhuguð eldissvæði bjóða nú upp á. Leggja félögin til að sérákvæði reitarins verði látið niður falla eða að öðrum kosti að umhverfis eldissvæð í firðinum verði skilgreindir nýir reitir almennrar nýtingar sem ekki lúta sama ákvæði.

Í Fáskrúðsfirði er skipulagsreitur UN13 (Sævarendaströnd) sem liggur nærri Fögrueyri, eldissvæði Fiskeldis Austfjarða í Fáskrúðsfirði. Reitir UN13 er mun stærri en tilefni er til samkvæmt upplýsingum í vefsíðu Náttúruminjaskrár. Leggja félögin til að reiturinn verði ekki hluti af endanlegri útgáfu strandsvæðisskipulags eða að öðrum kosti að reiturinn verði minnkaður til samræmis við þær upplýsingar sem fram koma hjá Náttúruminjaskrá.

Jafnframt benda félögin á að þó nokkuð er um tvítekningar milli skipulagsákvæða skipulagsreita staðbundinnar nýtingar og eiginlegs leyfisveitingaferlis og leyfisskilyrða á sviði fiskeldis. Undir skipulagsákvæðum er víða kallað eftir afstöðu leyfisveitenda við einstaka atriði sem leyfisveitandi hefur þegar tekið skýra afstöðu til. Telja félögin óljóst hvernig ákvæðunum skuli beitt umfram það sem þegar hefur verið gert og leggja til að dregið verði úr tvítekingum og þeim ákvæðum fækkað eins og kostur er.

Mikilvægt er að samhliða gerð strandsvæðisskipulags sé horft til annarrar opinberrar vinnu sem nú fer fram á sviði fiskeldis. Fyrirhuguð er stefnumótun Matvælaráðs á sviði fiskeldis og er forvinna vegna hennar nú þegar hafin. Unnið er að opinberri úttekt á stjórnáslu málaflokksins auk þess sem skipaður hefur verið starfshópur til yfirferðar á reglum og verklagi vegna smitsjúkdómavarna í laxeldi. Þar að auki vinnur ráðgjafafyrirtækið Boston Consulting Group nú að skýrslu um stöðu fiskeldis á Íslandi þar sem m.a. á að greina framtíðarmöguleika greinarinnar.

Laxeldi er í örum vexti og regluverk greinarinnar í stöðugri mótun. Svo greinin fái að vaxa með öruggum hætti og í sátt við samfélag og náttúru þarf að tryggja fyrirtækjum skilvirkni og fyrirsjáanleika í regluverki, sem nú þegar er mjög flókið. Fyrir vikið er mikilvægt að að endanleg útgáfa strandsvæðisskipulags endurspegli gildandi regluverk, sem og að horft verði til þeirrar opinberu vinnu sem nú stendur yfir vegna fyrirhugaðrar stefnumótunar fiskeldis.

Til viðbótar við það sem hér hefur komið fram taka Laxar Fiskeldi og Fiskeldi Austfjarða undir athugasemdir SFS við auglýsta tillögu að strandsvæðisskipulagi.

F.h Laxar fiskeldis og Fiskeldis Austfjarða

Soffía Karen Magnúsdóttir, forstöðumaður leyfismála

Kjartan Davíð Sigurðsson, skipulagsfræðingur

Heimildir

Fiskeldi Austfjarða og Verkís (2021). *Matsskýrsla vegna 10.000 tonna eldis á laxi í Seyðisfirði – mat á umhverfisáhrifum*. Fiskeldi Austfjarða & Verkís.

Halldór Walter Stefánsson (2016). *Áhrif fiskeldis á fuglalíf í Berufirði og Fáskrúðsfirði*.

Laxar fiskeldi og Rorum (2018). *Viðbótarframleiðsla Laxa fiskeldis ehf. á 10.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Reyðarfirði. Mat á umhverfisáhrifum*. Laxar fiskeldi og Rorum.

Matvælastofnun (2020). *Greinargerð. Útgáfa leyfis FE-1152*. Matvælastofnun.

Matvælastofnun (2022). *Greinargerð. Útgáfa leyfis FE-1133*. Matvælastofnun.

Náttúrufræðistofnun Íslands, heimasíða og vefsíða skoðuð 14.9.2022.

<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/faskrudsfsjurdur> (vefsíða)

<https://natturuminjaskra.ni.is/index.html?extent=735958.1851%2C496137.3746%2C743584.8149%2C501779.6254%2C3057> (vefsíða)

Rorum (2022a) *Vöktunaráætlun Fiskeldis Austfjarða í Fáskrúðsfirði*

Rorum (2022b) *Vöktunaráætlun Fiskeldis Austfjarða í Berufirði*

Skipulagsstofnun (2019). *Aukin framleiðsla á laxi í Reyðarfirði um 10.000 tonn á vegum Laxa fiskeldis. Álit um mat á umhverfisáhrifum*. Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun (2021). *10.000 tonna eldi á laxi á vegum Fiskeldis Austfjarða. Álit um mat á umhverfisáhrifum*. Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun (2022a). *Austfirðir: Strandsvæðisskipulag – Strandsvæðisskipulag Austfjarða: tillaga svæðisráðs til kynningar*. Skipulagsstofnun fyrir hönd svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.

Skipulagsstofnun (2022b). *Breyting á eldisfyrirkomulagi Laxa fiskeldis í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Ákvörðun um matsskyldu*. Skipulagsstofnun


Umhverfisstofnun (2021). *Starfsleyfi fiskeldis Austfjarða í Berufirði*.

Umhverfisstofnun (2021b). *Starfsleyfi fiskeldis Austfjarða í Fáskrúðsfirði*.

Þorleifur Eiríksson (2021). *Athugun á nýtingu fugla, einkum flórgoða, duggandar og himbrima á Berufirði og Berufjarðarströnd yfir vetrartímann, með áherslu á fyrirhuguð fiskeldissvæði í norðanverðum firðinum, frá apríl 2021-mars 2022*. Rorum.

D) Aðrir hagsmunaaðilar

3. HAGSMUNA- EÐA FÉLAGASAMTÖK



Skipulagsstofnun

Athugasemdir Íslenska náttúruverndarsjóðsins við skipulagstillögu um Strandsvæðisskipulag Austfjarða 2022

Sent til: hafskipulag@skipulag.is



Reykjavík, 15. september 2022

Í verklýsingu tillögu Svæðisráðs fyrir Strandsvæðisskipulag Austfjarða segir að það geti „falið í sér stefnu um nýtingu svæða til eldis nytjastofna, efnistöku eða ferðapjónustu, verndun eða samgönguleiðir, svo eitthvað sé nefnt.“

Yfirbragð tillögu Svæðisráðsins hefur hins vegar yfir sér það yfirbragð að þar eru hagsmunir sjókvíaeldis á laxi settir framur hagsmunum annarra atvinnugreina á Austfjörðum. Vegna þessarar slagsíðu Svæðisráðsins er þegar ljóst að sú tillaga að standsvæðisskipulagi, sem er hér til umfjöllunar, mun ekki stuðla „að sjálfbærri þróun“ né „draga úr neikvæðum áhrifum þess á umhverfið“ nema henni verði breytt í grundvallaratriðum.

Neikvæð áhrif á landslag, ásýnd og ímynd Austfjarða

Sjókvíaeldiskvíar eru sjónrænt lýti í landslagi hvar sem þær er að finna. Á eldissvæðunum eru einnig staðsettir fóðurprammar með starfsmannaaðstöðu sem munu skera sig verulega úr landslagi. Prammarnir rísa upp úr haffletinum, eru flóðlýstir í myrkri og þeim fylgir hljóðmengun að auki. Þessu til viðbótar fylgir óhjákvæmilega verulega mikil bátaumferð við eldi laxi í sjókvíum. Þjónustubátar eru í föstum siglingum, brunnbátar flytja seiði í kvíar og sækja lax til slátrunar og erlend gúanótanskip koma til að sækja meltu og dauðan fisk úr sjókvíunum.

Allt mun þetta hefur mjög neikvæð sjónræn áhrif og trufla kyrrð Austfjarð. Þetta rýrir eða eyðileggur möguleika við að byggja upp til dæmis ferðapjónustu við þá firði þar sem strandsvæðisskipulagið gerir ráð fyrir sjókvíaeldissvæðum.

Lækkar verðmæti fasteigna

Þar sem tiltölulega stutt er um liðið frá því sjókvíaeldi fór að vaxa að umfangi hefur ekki verið hægt að meta langtíma áhrif sjókvíaeldis á verð fasteigna og sjávarjarða við firði þar sem það er stundað. Áhrif útsýnis yfir sjókvíaeldissvæði á verð fasteigna hefur á hinn bóginn verið skoðað í ítarlegri rannsókn í Skotlandi þar sem þessi iðnaður hefur verið stundað mun lengur en hér. Farið var yfir fjölda kaupsamninga á fasteignum í nágrenni sjókvíaeldissvæða við vesturströnd landsins og var verð fasteigna þaðan með útsýni yfir laxeldissjókvíar 20.032 pundum (3,6 milljón krónum) lægra að jafnaði en sambærilegra eigna þar sem ekki sást til sjókvía. Sjá: „The Effects of Aquaculture and Marine Conservation on Cultural Ecosystem Services: An Integrated Hedonic – Eudaemonic Approach“ <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0921800918315829>

Ekki er ástæða til að ætla að þróunin verði önnur hér á landi. Rétt er að vekja athygli á að eigendur sjávarjarða bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum hafa bent á þessa hættu í umsögnum um sjókvíaeldisáform skammt frá strandlengju jarða þeirra. Ekki er brugðist við þessum ábendingum í tillögum Svæðisráðsins.

Á við skólp frá 672.000 manns

Sjókvíeldi á laxi losar skólp frá starfseminni beint í sjóinn. Samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun Noregs má gera ráð fyrir að frárennsli (utslipp) frá hverju tonni af eldislaxi í sjókvíum sé á við skólp (avlöpsutslipp) frá 16 manns (sjá: http://www.miljodirektoratet.no/no/Nyheter/Nyheter/Old-klif/2009/November_2009/Foreslar_strengere_regelverk_for_fiskeoppdrett/).

Þetta þýðir að mengunin sem mun streyma frá 42.00 tonna á Austfjörðum (hámarksframleiðsla samkvæmt áhættumati Hafrannsóknastofnunar) verður á við 672.000 manns, án ilm- og sápuafna, en að viðbættu skordýraeitri og lyfjum vegna laxalúsar og koparleifum úr ásætuvörnum sem losna af netapokunum.

Í þessu ljósi óskaði IWF árið 2019 eftir leiðsögn frá Umhverfisráðuneytinu um hvar hægt væri að sjá forsendur þess að reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og lög um varnir gegn mengun hafs og stranda 33/2004 gilda ekki um eldi í sjókvíum.

Svar barst fyrir hönd ráðuneytisins frá Stefáni Einarssyni Ph.D., sérfræðingi á skrifstofu hafs, vatns og loftslags, í tölvupósti í 2. apríl 2019. Það hljómar svo:

„Í 1. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, kemur fram að markmið þeirra sé að vernda hafið gegn mengun og athöfnum, sem geta stofnað heilbrigði manna í hættu og skaðað lifandi auðlindir og raskað lífríki og spillt umhverfi. Lögin gilda um starfsemi sem tengist atvinnurekstri sem getur haft áhrif á þessa þætti að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

Lög nr. 71/2008, um fiskeldi, gilda um eldi nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gæta samræmis við framkvæmd laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði og laga nr. 58/2006 um fiskrækt. Áður en hægt að er hefja fiskeldi þarf að gera burðarþolsmat fyrir viðkomandi sjókvíaeldissvæði, tilkynna framkvæmdina til ákvörðunar um matsskyldu, samanber lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, afla rekstrarleyfis frá Matvælastofnun og starfsleyfis frá Umhverfisstofnun, samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, gilda um starfsemi, sem í þessu tilfelli er sjókvíeldi, að svo miklu leyti sem ofangreind lög gilda ekki um hlutaðaeigandi atriði.

Reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999 gildir um söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúabyggð og tiltekinni atvinnustarfsemi. Reglugerðin gildir enn fremur um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Skólp er skilgreint sem húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns. Húsaskólp er skólp frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannslíkamans og heimilisstarfa, en iðnaðarskólp er annað en húsaskólp og ofanvatn sem losað er frá húsnæði eða annarri aðstöðu sem notuð er til atvinnurekstrar.

Fráveitur eru nýttar til flutnings og hreinsunar á skólpi áður en því er veitt út í viðtaka. Í sjókvíum lifir fiskurinn í viðtakanum (sjónum); þar er fiskurinn fóðraður og fódurleifar og úrgangur frá fiskinum fer beint út í viðtakann. Ekki myndast því skólp sem hægt er að safna og meðhöndla. Á mengunarvörnum vegna fiskeldis í sjókvíum er því að tekið á annan hátt, samanber ofangreind ákvæði um burðarþolsmat, mat á umhverfisáhrifum og rekstrar- og starfsleyfi.“

Engin starfsemi á landi kemst upp með að senda óhreinsað skólp frá sér beint út í umhverfið og sveitarfélög um allt land innheimta há gjöld af íbúum sínum til að standa straum af margra milljarða kostnaði við að bæta frárennismál frá byggð. Á sama tíma fá sjókvíaeldisfyrirtæki að menga firði landsins vegna þess að starfsemin fer fram „í viðtakanum“.

Í skýrslu ráðherranefndar frá 2020, koma fram ýmis varnaðarorð þessu tengt sem Svæðisráðið virðist annað hvort hafa kosið að horfa fram hjá við tillögugerð sína eða ekki vitað af.¹

i. „*Vísindanefndin hefur bent á að rannsóknir Hafrannsóknastofnunar í núverandi formi fela þannig ekki í sér heildarmat á mögulegum umhverfisáhrifum stækkandi fiskeldisgreinarinnar á Íslandi, heldur mat á tveimur tilteknum áhrifaþáttum.*

Við mælum þannig með að framtíðarvinna taki mið af öðrum hugsanlegum umhverfismálum til þess að ná fram viðtækara mati á umhverfissjálfbærni og burðarþoli.“

ii. „*Ennfremur nær líkanið [burðarþols] sem notað er ekki yfir öll áhrif fiskeldis á umhverfið.*

Mikilvægt er að mati nefndarinnar að einungis sé litið á burðarþol sem fyrsta skref í áætlanagerð um fiskeldi og að umsóknum um rekstrarleyfi fylgi nákvæmara umhverfismat.“

iii. „*Áætlunina um burðarþol ætti ekki að skoða sem vísbendingu um að ætíð skuli heimila fiskeldi upp að hámarkinu.*“

(Sjá: <https://www.althingi.is/alttext/pdf/150/s/2029.pdf>)

Þá hefur Umhverfisstofnun nýverið fallist á breyta starfsleyfum sjókvíaeldisfyrirtækja og heimila notkun Á eldisnótum með ásætuvörnum sem innihalda koparoxíð. Er það þvert á bann við notkun slíkra netapoka í fyrri starfsleyfum þar sem tekið hefur verið fram að fyrirtækin hafi ekki heimild að losa í sjó efni, svo sem kopar og önnur efni sem talin eru upp í listum 1. og 2. í viðauka reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Í Noregi, þar sem sjókvíaeldið á sér lengri og umfangsmeiri sögu en hér við land, er ástandið fyrir allnokkru orðið þannig að rauð viðvörunarljós blikka vegna ósættanlegrar koparmengunar í fjörðum landsins frá sjókvíaeldi.

Norska Hafrannsóknastofnunin vakti athygli á þessari stöðu í umfjöllun á vefsvæði sínu í febrúar 2021 (sjá: <https://www.hi.no/hi/nyheter/2021/februar/hoyt-kobberforbruk-i-oppdrettsneringen>). Þar kemur fram að kopar frá sjókvíaeldisidnaðinum mengar hafsbótinn og nágrenni sjókvía sem húðaðar eru með koparoxíði og að ekki sé til staðar næg þekking á afleiðingum þess.

Í umfjöllun norsku Hafrannsóknastofnuninni er bent á að ef fyrirtæki með starfsemin á landi verða uppvis að því að losa umfram tvö kíló af kopar í umhverfið á ári er þeim lokað af yfirvöldum. Sjókvíaeldið losar 1.700 kíló á ári í sjó við Noreg. Þar kemur líka fram að rannsóknir sýna að um 80 prósent af kopar, sem er að finna í ásætuvörnum sem innihalda koparoxíð, losnar í hafið.

Sjókvíaeldisfyrirtæki við Ástralíu og Nýjasjálaland hafa hætt notkun ásætuvarna með koparoxíði vegna mögulegra skaðlegra áhrifa á umhverfið og lífríkið. (Bannister et al. 2019: <https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/08927014.2019.1640214>).

Það er þekkt og staðfest að kopar er hættulegur lífríkinu. Kopar leysist ekki upp og hverfur af sjálfu sér í umhverfinu. Engin ástæða er til ætla annað en að kopar muni hlaðast upp af sífellt vaxandi magni með tímanum í setlögum og öðru umhverfi sjókvíaeldissvæða í íslenskum fjörðum vegna notkunar á eldisnótum með ásætuvörnum sem innihalda koparoxíð.

Sjókvíaeldi á að uppfylla sömu kröfur um söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps og önnur starfsemi. Hvernig það er gert er þessa iðnaðar að leysa. Losun þungmálma á borð við kopar í hafið á að sjálfsögðu að vera óheimil. Eðlilegt er að tekið verði á þessum þáttum í Strandsvæðisskipulagi. Það er ekki gert í tillögu Svæðisráðsins.

¹ Nefndin var skipuð af ráðherra þann 9. mars 2020. Var Gunnar Stefánsson prófessor í tölfræði við Háskóla Íslands formaður hennar en auk hans voru í nefndinni Kevin Glover, forsvarsmáður stofnerfðafræðihóps norsku Hafrannsóknastofnunarinnar og dósent við Háskólann í Bergen og Bruce McAdam sem kennir vistfræðilega líkanagerð við fiskeldisstofnun Háskólans í Stirling í Skotlandi. Nefndin skilaði skýrslu á ensku til ráðherra vorið 2020 og ráðherra skilaði íslenskri þýðingu hennar auk viðbragða Hafrannsóknastofnunar til Alþingis í ágúst 2020, „Skýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um niðurstöður óháðrar nefndar um athugun á aðferðarfræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar“

Brotið á sjálfstæðum tilverurétti villtra stofna

Með því að heimila sjókvíaeldi á laxi í opnum netapökum er brotið á sjálfstæðum tilverurétti villtu laxastofnanna í náttúru Íslands sem þeir eiga samkvæmt lögum um náttúruvernd (1. og 2. gr. nr. 60/2013 með síðari breytingum) og samningi Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að, um líffræðilega fjölbreytni en hann leggur áherslu á að vernda lífríki á öllum skipulagsstigum þess, þar með talið þeirra erfðauðlinda sem lífríkið býr yfir.

Í Strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði er tækifæri til að leggja línu um að þau fyrirtæki sem vilja stunda sjókvíaeldi skuli að tryggja að fiskur sleppi ekki út í náttúruna. Villtir laxastofnar eiga ekki að bera neina áhættu af þessari starfsemi. Að öðrum kosti er tillagan eins og hún lögð fram í beinni andstöðu við þá stefnu, sem hún þó inniheldur, um að „viðhaldið verði líffræðilegum fjölbreytileika og framleiðslugetu hafsins með því að standa vörð um vistkerfi og ástand sjávar.“

Fyrir hönd Íslenska náttúruverndarsjóðsins (iwf.is)


Jón Kaldal

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b 105
Reykjavík

sent með tölvupósti á: hafskipulag@skipulag.is

Reykjavík, 13.sept.2022

Umsögn Landverndar um Strandsvæðaskipulag Austfjarða 2022

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér innihald tillögu að Strandsvæðaskipulagi fyrir Austfirði og auk þess átt fulltrúa í svokölluðum samráðshópi sem hefur gert umtalsverðar athugasemdir á fyrri skipulagsstigum sem því miður sjást fá merki um í fyrirliggjandi skipulagi. Óneitanlega ber skipulagið mjög sterkan keim af þeim stjórnsýslulegu mistökum sem gerð voru við setningu nýrra laga um fiskeldi árið 2018 þar sem eldri umsóknir um svæði til fiskeldis fengu að halda stöðu sinni þrátt fyrir að úrelt væru. Skipulagið verður að vinna faglega og í sátt við almenning og aðra hagsmunaaðila að skipulagi- haf og strandsvæða og í þessu ferli hefur því ekki verið fylgt. Það má því með réttu segja að skipulagstillaga þessi hefði frekar átt að bera nafnið "Skipulag um fiskeldi á Austfjörðum" þar sem ekki fer mikið fyrir stefnu svæðisráðs um annað en að verja staðbundna hagsmuni fyrir hönd hagsmunaaðila í fiskeldi. Stjórn Landverndar telur mjög alvarlegan ágalla á niðurstöðum umhverfismatskýrslu þar sem ekki virðist hafa farið fram raunverulegt mat á tillögunni vegna áhrifa á náttúru, umhverfi og loftslag.

Hvað er strandsvæðaskipulag

Í skipulagstillögu segir að "strandsvæðaskipulag geti falið í sér stefnu um nýtingu svæða til eldis nytjastofna, efnistöku eða ferðaþjónustu, verndun eða samgönguleiðir, svo eitthvað sé nefnt" Ljóst má vera að þegar fylgigögn sbr. uppdráttur er skoðaður liggur fyrir að strandsvæðaskipulagið hefur verið unnið á forsendum fiskeldis en hefði þurft að gera með heildstæðum hlutlausum hætti. Þrátt fyrir að lög um fiskeldi frá árinu 2018 hafi haft veruleg áhrif á verklag við mótun skipulagsins og það unnið að verulegu leyti í því skjóli, þá gerir Landvernd engu að síður alvarlegar athugasemdir við hversu gríðarlega taumur eins hagsmunaaðila er dreginn langt umfram annarra við þá stefnu sem sett er fram í skipulaginu. Í þessum efnum hefði einmitt mátt vænta að Skipulagsstofnun sem hélt utan um skipulagsgerðina reyndi að gæta betur annarra hagsmuna en fiskeldis í ljósi þess að þeirri grein hafði með lögum verið gefið forskot langt umfram aðra þá sem hagsmuni hafa innan þessa gríðarstóra skipulagssvæðis. Landvernd gerir sér þó grein fyrir að ábyrgð á gerð skipulagsins og ákvarðanataka er á hendi svæðisráðs en ekki Skipulagsstofnunar. Eðlilegt er að spyrja í þessum efnum hvort svo afgerandi afstaða sem svæðisráð hefur augljóslega

tekið með einum hagsmunaðila geti talist réttlæt看leg; samræmast vinnubrögðin jafnræðisreglu og vandaðri stjórnsýslu? Þegar allir firðir á Austurlandi eru lagðir undir í slíkri vinnu þá þarf að velva því upp hvort hér sé ekki alvarlegt brot á jafnræðisreglu að ræða þegar verið er að afhenda gjaldfrjálssvæði í eigu almennings án útboðs til afnota fyrir sérhagsmuni.

Það liggur fyrir að hagsmunir annarra eru ekki metnir að verðleikum í skipulagstillöggunni sjálfri heldur haldið til hlés í fylgiskjöllum einvörðungu til að sýna fram á að það hafi borist athugasemdir og ábendingar um annað en hagsmuni fiskeldis. Að mati Landvernd er lítið sem ekkert gert með hagsmuni annarra en fiskeldis í tillöggunni. Í ljósi tilurðar þessa skipulagsverkefnis og niðurstöðu tillögu eru því gerðar athugasemdir fyrst og síðast vegna óðelilegra áhrifa fiskeldis.

Um samráð, verklag og ábyrgð svæðisráðs með strandsvæðaskipulagi.

Samráð var viðhaft við ýmsa og ólíka hópa á nokkrum stigum máls sem er vel og þá helst við svonefndan samráðshóp svæðisráði til ráðgjafar sem skipaður var ólíkum hagsmunaaðilum m.a. frá umhverfissamtökum, útivistarsamtökum og atvinnulífi þ.e. hagsmunaaðila frá stórútgerðinni. Samráðsfundir voru á hinn veginn ekki í anda þess sem til var ætlast utan þess að fulltrúar fengu að setja fram margvíslegar tillögur meðal annars inn á lifandi vefsja – afraksturinn af þessu samráði skilaði sér því miður aðeins að vilja fulltrúa útgerðar. Erfitt er að sjá að um raunverulegt samráð hafi því verið að ræða. Verklag svæðisráðsins var ekki sýnilegt og opið eins og þurft hefði að vera og bein samskipti milli svæðisráðs og ráðgefandi samráðsnefndar ekkert þar sem fulltrúar Skipulagsstofnunar sáu um þann hluta málsins sem milligönguaðili.

Það sem er ámælisvert við verklag og ábyrgð svæðisráðanna bæði fyrir austan og vestan er að þrátt fyrir að þeir beri alla ábyrgð á framsetningu skipulagsins og þeirri stefnu sem þar er sett fram í tillögum sem hér eru til umsagnar, þá eru hinir sömu hinsvegar ekki til svara fyrir stefnuna þegar til kemur. Dæmi um þetta er opinn fundur sem Skipulagsstofnun boðaði til 9. Ágúst sl. þar sem lokaafurð vinnu svæðisráðsins var kynnt. Til fundarins var boðað undir yfirskriftinni ”Kynningarfundur um tillögu að strandsvæðaskipulagi á Vestfjörðum og Austfjörðum – Reykjavík” þegar kallað var eftir á þeim fundi skýringum á einstökum atriðum er varðaði ákvarðanir svæðisráða kom í ljós að fulltrúar svæðisráða austan og vestan voru ekki til svara. Þeir voru reyndar ekki nema tveir að vestan á fundinum og sátu meðal gesta út í sal og sýndu engin viðbrögð við fyrirspurnum. Ekki var annað að sjá en þeir teldu sér ekki skylt að vera virkir þáttakendur á þessum tímamótum þegar tillagan sjálf á þeirra ábyrgð væri kynnt. Það er auðvitað með öllu óboðlegt að leggja það einvörðungu í hendur fulltrúa Skipulagsstofnunar sem bera ekki ábyrgð á skipulagstillöggunni, að svara fyrir einstakar ákvarðanir sem koma fram í tillöggunni. Það er því eindregin ósk Landverndar að Skipulagsstofnun stígi fram og geri kröfur um og tryggi annað verklag, að þeir sem bera hina eiginlegu ábyrgð verði á öllum meiriháttar skipulagsstigum gert að sitja fyrir svörum fyrir þær ákvarðanir og stefnu sem eru teknar hverju sinni.

Hið sama á almennt við um pólitíska fulltrúa í öðrum málum við kynningar sem láta verkfræðistofur

oftar en ekki nær því einvörðungu um að svara fyrir ákvarðanir og stefnur sem eru teknar sannarlega á öðrum vettvangi og innan pólitíkurinnar sem á ekki að hlaupast undan ábyrgð.

Skipulagsuppráttur – fylgiskjal

Skipulagsuppráttur strandsvæðaskipulags Austfjarða opinberar að skipulagið er skipulag fyrir fiskeldi, skipulagið er ekki mælt með faglegum hætti út frá þörfum annarra hagsmunaaðila. Nýtingaráætlun svokölluð sem unnin var í tilraunakyni á sínum tíma að hálfu Vestfirðinga í Arnarfirði gekk mun lengra í að mæta annarri nýtingu en fiskeldi á skipulagsupprætti. Þessi vinna við strandsvæðaskipulag skortir því miður metnað þegar kemur að náttúruvernd og annarri nýtingu en fiskeldi.

Frekari vöxtur í þessari grein sem svæðisráð leggur til meðal annars með sértækri ákvörðun sem svæðisráð var ekki bundið af að gera tillögu um nýtingu Mjóafjarðar fyrir fiskeldi einnig. Hendur svæðisráðs voru á engan hátt bundnar af ákvörðun um að marka stórt hafsvæði undir fiskeldi í Mjóafirði, engu að síður er það tillaga í skipulaginu en engar sambærilegar tillögur er hinsvegar að finna er varðar aðra hagsmunaaðila m.a. afmarka og taka frá þekkt veiðisvæði smábáta og annarra hagsmunaaðila eða verndarsvæði. Þeim hópi er hreinlega vísað út í þessu skipulagi og það getur ekki annað en flokkast undir neikvætt viðhorf svæðisráðs til annarra hagsmunaaðila sbr. sjómanna sem hafa einmitt sent inn athugasemdir og minnt á mikilvægi einstakra svæða sem veiðislóðir fyrir smærri útgerðir.

Um veikleika grunnrannsókna innan fjarða

Eitt af því sem ekki er rannsakað við mat á umhverfi og náttúru við slíka skipulagsgerð en ætti að vera grundvöllur alls eru heildstæðar rannsóknir á lífríki og vistkerfi allra fjarða en staðbundnar rannsóknir vegna útsetningu fiskeldiskvía gefa fráleitt heildarmynd af því hvað lífríki og vistkerfi fjarða þolir til langrar framtíðar þar sem útsetning er byggð á takmörkuðum upplýsingum við gerð burðarþolsmats. Rannsóknir hafa hins vegar staðfest sem engum kemur á óvart að uppsöfnun á úrgangi frá fiskeldi er margfalt meira inn á fjörðum en utan fjarða vegna strauma og viðtaka. Það er því ámælisvert að Hafrannsóknarstofnun og öðrum viðkomandi rannsóknarstofnunum sé ekki gert fært að rannsaka þessi grundvallaratriði til að byggja ákvarðanir sínar á þegar sótt er um tiltekin kvísvæði þar sem verður bara að giska á hver áhrif á lífríki utan staðbundinna kvísvæða verður. Eins er afleitt að ekki liggi til grundvallar sértækar rannsóknir á hryggningastöðvum innan fjarða og möguleg áhrif fiskeldisræktunar á þau svæði sem er í raun ógn við lífríki viðkomandi fjarða til langrar framtíðar. Ekki er lagt mat á rannsóknir sem ekki eru skrifuð sérstaklega í lög og reglugerðir. Stjórnvöld verða því að sjá til þess að þær stofnanir sem eiga að sinna rannsóknarhlutverki sínu fái til þess nægt fjármagn svo mögulegt sé að vinna að jafn umfangsmiklum verkefnum með fullnægjandi hætti.

Mat á einstökum þáttum skipulagsins

Sviðsmyndagreining

Tilvitn. "Ekki var valinn tiltekin sviðsmynd heldur unnið með þætti sem fram komu í umræðum og niðurstöðum"

Landvernd vill lýsa undrun á að orðalag sem þetta sé sett fram með þessum hætti þar sem svo augljóslega er unnið út frá sviðsmynd þar sem fiskeldi er í forgrunni, að halda öðru fram sem í hvívetna hefur verið reynt er beinlínis langsótt þegar litið er á skipulagstillöguna í heild sinni. Ekki verður því annað séð miðað við tillögur um nýtingu fjarða sem undir eru, en að fiskeldi hafi verið útgangspunkturinn í öllum umræðum og niðurstöðum og öðru vikið til hliðar eða mætt afgangi.

Valkostagreining

Hér á hið sama við og um sviðsmyndagreiningu, valkosturinn fiskeldi var valinn sem meginviðfangsefni, markmið og forsenda í skipulaginu og aðrir þættir metnir út frá því. Hér er því um að ræða alvarlega hnökra og fjarri því hægt að segja að þessi skipulagstillaga hafi verið unninn með heildstæðum hætti þar sem hagsmunaaðilar hafi fengið jafna aðkomu að borði. Skipulagstillagan ásamt umhverfismatskýrslu er því í heild sinni lituð af fyrirfram gefnum forsendum með fiskeldi í forgrunni sem rýrir trúverðugleika tillögunnar. Það breytir ekki því álit Landverndar að það er mjög mikilvægt að vinna að haf – og strandsvæðaskipulagi með lýðræðislegum hætti þar sem jafnræðis er þá gætt og jafnframt þá meiri möguleikar til sátta vegna hins umdeilda fiskeldis. Sömuleiðis að stefna sé mótuð á grunni rannsókna og vísinda sem liggja fyrir og að umhverfi- og náttúra sé virt sem mikilvægur áhrifaþáttur sem ekki er reyndin. Valkostagreiningin og svo verklagið að framkvæma fyrst og skipuleggja svo allt út frá völdum afmörkuðum hagsmunum er auðvitað fyrst og síðast ekki hægt að réttlæta og því ánægjulegt að fulltrúar skipulagsstofnun hafi tekið undir það á sérstökum kynningarfundum sem var haldinn fyrir skemmstu að slík vinnubrögð væru ekki heppileg eða til vitnis um faglega nálgun.

Umhverfisviðmið og vísar

Tilvísun "Umhverfismarkmiðin eru sett fram undir átta umhverfisþáttum út frá því hvað helst er talið verða fyrir áhrifum af stefnu strandsvæðaskipulags. Þeir eru auðlindir, atvinna, innviðir, heilbrigði og öryggi, menningarminjar, strandsjór, umhverfi og náttúra og loftslag. Umhverfisviðmiðin lýsa æskilegri þróun eða árangri með tilliti til sjálfbærni, nýtingar auðlinda og verndar náttúru- og menningarminja"

Hér vill Landvernd minna sérstaklega á að hugtakið "sjálfbærni" sem hefði þurft að liggja til grundvallar í skipulagstillögunni. Hvað átt er við í umhverfismatskýrslu með markmiðinu "viðvarandi sjálfbærum haqvesti og arðbær og mannsæmandi atvinnutækifæri" er ekki útlistað

nánar. Fátt er það í skipulagsstefnunni sem rökstutt er hvernig hinn meinti hagvöxtur á að haldast með sjálfbærum hætti í hendur við umhverfi- og náttúru þegar fyrir liggur að einmitt frekari vöxtur en orðið er í fiskeldi mun ganga freklega á flesta þá sjálfbærnisáætlanir sem almennt eru lagðir til grundvallar m.a. í heimsmarkmiðunum, hér fer því ekki saman hljóð og mynd.

Vægis Einkunnir.

Tilvísun *“Í umhverfismatsskýrslu strandsvæðaskipulags Austfjarða eru notaðar fjórar vægis einkunnir við mat á umhverfisáhrifum.”*

Jákvæð áhrif + Óveruleg áhrif – Neikvæð áhrif – og Óviss áhrif.

Það verður ekki séð að vægis einkunin “neikvæð áhrif” hafi verið notuð þrátt fyrir að það standi skýrum stöfum að hún hafi verið **notuð** í umhverfismatsskýrslu. Vægis einkunin neikvæð áhrif er því hreinlega strokuð út í skipulagstillögunni sjálfri og því ekki tíunduð sérstaklega sem áhrifaþáttur við einstaka matshluta.

Það að svo gríðarlega stórt og víðfemt skipulagsverkefni með jafn miklum og neikvæðum umhverfisáhrifum hafi komist á þetta stig skipulagsferils án þess að vægis einkunin “neikvæð áhrif” hafi ratað inn í einstaka viðkvæma matshluta rýrir mjög svo trúverðugleika þessarar Skipulagstillögu strandsvæða Austurlands. Einmitt í ljósi mikillar umræðu um hin neikvæðu áhrif fiskeldis í sjó og með tilliti til þess að sumir fulltrúar stærstu fiskeldisfyrirtækjum í heimi hafa viðurkennt vandann, verður ekki annað séð en að um hreina afneitun sé að ræða. Það er áfall að verða vitni af jafn undarlegum vinnubrögðum af hálfu þeirrar verkfræðistofu sem tók að sér fyrir hönd svæðisráðs að komast að þessari niðurstöðu. Það er því sérstaklega umhugsunarvert að það skuli hafa verið niðurstaða við alla matshluta tillögunnar að gefa tillögunni einkunnina jákvæð í fjórum tilvikum – óveruleg í þremur og óviss í einu tilviki og eins og áður segir neikvæð áhrif í engu tilviki. Trúverðugleiki viðkomandi verkfræðistofu er í húfi.

Umhverfi og náttúra

Á grunni þess sem hér hefur komið fram má halda því fram að það sé í raun sjálfstætt rannsóknarefni hvernig höfundum umhverfisskýrslu með stuðningi svæðisráðs hefur tekst að komast að þeirri niðurstöðu að vægis einkun um risavaxið fiskeldi öllum fjörðum Austurlands allstaðar þar sem á annað borð hægt er að koma niður fiskeldiskvíum með tilheyrandi umhverfisáhrifum geti flokkist undir **jákvæð áhrif** á náttúru. Landvernd getur í raun ekki dregið aðra þá ályktun en að það sé raunverulega ekki ætlast til að tekið sé mark á þessari skipulagsstefnu er varðar umhverfi og náttúru, svo fráleit er hún. Það verður amk ekki séð á öllum þeim innsendu athugasemdum fagstofnanna og annarra hagsmunaaðila á fyrri stigum máls, að áformin og óbreytt tillaga frá upphafi skipulagsferils sé talin hafa sérstaklega jákvæð áhrif heldur þveröfugt, sé tekið mið af matshlutanum umhverfi og náttúra. Þessu til staðfestingar voru gerðar fjölmargar alvarlegar athugasemdir vegna stefnu svæðisráðs í skipulaginu um stórfelld nýtingaráform í fiskeldi,

meðal annars frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Þessar neikvæðu en faglegu athugasemdir leyfir svæðisráð sér hins vegar að gera lítið úr. Síðast en ekki síst liggur fyrir að fjölmargar aðrar alvarlegar athugasemdir vegna umhverfi og náttúru hafa verið sendar inn frá ýmsum hagsmunaaðilum bæði þeim sem hafa beinna hagsmuna að gæta sem og almenningi og íbúum frá viðkomandi svæðum. Ástæða er sérstaklega til að nefna að 55% íbúa við Seyðisfjörð hafa mótmælt harðlega tillögu svæðisráðs um fiskeldi í Seyðisfirði og fært haldgóð rök fyrir mótmælum sínum.

Af mörgum öðrum neikvæðum áhrifaþáttum á umhverfi og náttúru má telja neikvæð áhrif á fuglalíf, m.a. æðarvörp og fágætar tegundir og stöðug umferð báta sem fælir fugl af svæðum þ.e. aðra fugla en þeir sem taldir eru til vargfugla, þeim fjölgar hinsvegar gjarnan kring um kvísvæði og sækja þá á viðkvæmari fuglategundir sérstaklega á varptíma innan fjarða með tilheyrandi skaða á lífríki. Þá er ásýndarmengun oft mjög mikil, upplifunargildi fjarða stórlega raskast, ljósmengun um nætur, uppsöfnun og dreifing úrgangs frá eldisfiski og fóðurleifar, þá síðast en ekki síst er um að ræða reglulegar slyasleppingar, neikvæð áhrif á hrygningasvæði, neikvæð áhrif á ferðaþjónustu göngu- og útivist, mengun frá bátum og búnaði sem nýttur er við fiskeldi. Þá liggja fyrir endurteknar sýkingar og dauðfiskur í mun meira mæli en eðlilegt getur talist. Einnig má telja notkun á hættulegum efnum eins og koparoxíð sem óneitanlega safnast upp í umhverfinu og lúsalyfjum sem geta haft neikvæð áhrif á rækjustofna.

Ekki er hægt að láta hjá líða að minna á að einmitt vegna neikvæðra umhverfisáhrifa hafa fiskeldisfyrirtæki Noregi hafa verið í ríkari mæli að færa sig meira út úr fjörðum, horfa til lokaðs búnaðar og svo einnig upp á land til að forðast árekstra vegna neikvæðra áhrifa á umhverfi- og náttúru. Hið sama er í burðarliðnum hér á landi sbr. uppbygging og áform um 30.000 tonna eldi í Ölfusi. Fiskeldi í opnum sjókvíum er hvorki sjálfbært eða umhverfisvænt á nokkurn hátt eins og fjölmargar rannsóknir hafa staðfest. Það að þessi langstærsti einstaki nýtingarþáttur í Strandsvæðaskipulagi Austfjarða fái jákvæða niðurstöðu í mati í skipulaginu vekur því slíka furðu að hana er í raun ekki hægt að taka alvarlega. Skipulagstilagan styður því alls ekki við sjálfbærni eða umhverfi heldur þveröfugt. Það að mannskepnunni muni vanta prótein í framtíðinni sem fiskeldisgeiranum er hugleikið, getur ekki verið réttlæting á því að loka augunum fyrir jafn víðtækum og neikvæðum áhrifum á umhverfi og náttúru og hér um ræðir við gerð stefnumótunar og er þar að auki röng. Það liggur ljóst fyrir að fjölmargar aðrar umhverfisvænni leiðir eru fyrir hendi til að mæta þörfum framtíðarinn fyrir próteinríka fæðu. Fiskeldi er líklega ein af ósjálfbærustu leiðunum til að afla próteinríkrar fæðu.

Í ljósi fjölmargra slyasleppinga og reynslu frá upphafi fram til þessa dags verður tæpast hægt að segja að sú framtíðarsýn sem birtist í Skipulagi strandsvæða á Austurlandi sé í anda sjálfbærni - umhverfis og náttúru enda staðfest að það sé ekki hægt að koma í veg fyrir sleppingar úr opnum sjókvíum og mögulega erfðablöndun við íslenska laxastofninn.

Tilvísun.viðtal mbl.13.7.2018

Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri lax- og silungaveiðisviðs hjá Fiskistofu um eina af mörgum slysasleppingum á laxi úr kvíum sem hafa orðið hér við land.

„Þetta eru alvarlegir atburðir og litnir alvarlegum augum af okkur og fyrirtækinu sjálfu og öllum haqsmunaaðilum. Það er mikilvægt að gera allt sem hægt er til að komast í veg fyrir að svona atburðir verði, en það er aldrei hægt að útiloka það að slys af þessu tagi verði,“ segir Guðni.

Strandsjór

Hér segir í umhverfisskýrslu að „staðbundin nýting er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á gæði strandsjávar.“ Það að réttlæta vægiseinkun með óverulegum áhrifum á grunni burðarþolsmats er með öllu ómarktækt þegar staðfest er þó í umhverfisskýrslu að umræddur atvinnurekstur hefur „staðbundin neikvæð áhrif“ þegar um svo margar sjóeldiskvíar er að ræða eins og sjá má í tillögum þá má halda því fram með réttu að firðirnir séu meira og minna hálfir undir og hin staðbundnu neikvæðu áhrif orðin ríkjandi þáttur í skipulaginu með tilheyrandi staðbundnum neikvæðum áhrifum sem þekja stóra hluta þeirra fjarða sem eru undir í þessari skipulagstillögu. Því ætti að mati Landverndar gefa vægiseinkunina neikvæð áhrif í stað þess að nota réttlætingu á grunni burðarþolsmats sem inniheldur alls ekki heildstæðar rannsóknir á vistkerfi fjarða. Bútsaumur í burðarþolsmati gefur ekki heildarmynd af þeim breytingum sem verða, nokkuð sem Hafrannsóknarstofnun getur staðfest.

Auðlindir

Viðurkennt er í umhverfisskýrslu að staðbundin nýting valdi álagi á auðlindir. Niðurstaðan er að nýting muni hafa óveruleg áhrif á vistkerfi fjarða þrátt fyrir að engar rannsóknir hafi farið fram með heildstæðum hætti á vistkerfi viðkomandi fjarða heldur einvörðungu staðbundin. Jafnljóst er að víða hafa komið fram staðbundin neikvæð áhrif á lífríki hafsbotna undir sjókvíum. Sú vistkerfisnálgun að byggja aðeins á burðarþolsmati sem tekur ekki heildstætt á lífríki fjarða m.a. með tilliti til annars lífríkis sbr. hrygningarsvæða ungborsks og fleiri tegunda veldur því að vistkerfisnálgunin er byggð á slíkum annmörkum í ljósi takmarkaðra rannsókna að ekki er hægt að tala um að unnið sé að þessum þætti með sjálfbærum eða faglegum hætti.

Atvinna

Landvernd dregur á engan hátt úr þeirri staðreynd að slík umsvif sem fiskeldi skapar þá verður til töluverður fjöldi starfa og þá að langmestu leyti þar sem framleiðslan fer fram á landi. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að draga fram reynslu annarra þjóða þar sem fiskeldi hefur breyst í of stóran iðnað með einhæfni starfa og fyrirkomulag vaktavinnu sem hefur dregið hefur úr viðnámsþrótti samfélaga að öðru leyti þar sem smærri samfélög eru sérstaklega veik fyrir. Þetta getur gert það að verkum sem sýnt hefur sig með rannsóknum að vaktafyrirkomulag og verksmiðjuvinna er til þess fallinn að

draga úr félagslegri virkni stórs hluta íbúa ef hlutfall þessara starfa verður of hátt. Viðnámsþróttur verður því aðeins byggður upp ef sveigjanleiki er til staðar og því þarf að hafa það til hliðsjónar að óreglulegur vinnutími stórs hlutfalls íbúa við vaktavinnu ef svo yrði styður illa viðnámsþrótt samfélaga. Reynslan hér á landi er sú að kalla þarf til stóran hóp af farandverkafólki til að sinna fiskeldi og það getur haft neikvæð langtímaáhrif á viðkomandi samfélag. Sú hætta vofir yfir að ósjálfbært fiskeldi verði fyrir miklum skakkaföllum og leggist af með afar neikvæðum áhrifum á viðkomandi samfélag.

Með tímanum má reikna með að landeldi taki við að sjókvíaeldi og þegar það gerist má reikna með verulegum skakkaföllum í viðkomandi byggðum. Þessi langtímaáhrif ber að hafa í huga þegar landi er ráðstafað til sjókvíaeldis í viðkvæmum og fámennum fjörðum.

Innviðir – siglingar

Undir þessum lið gerir skipulagstillagan ráð fyrir að *tryggja öruggar siglingaleiðir og aðkomu að höfnum í samræmi við umhverfisjónarmið og með því að festa í sessi mikilvæga innviði á svæðinu.*

Nú liggur hinsvegar fyrir sem opinbert er að þær tillögur sem liggja hér fyrir um afmörkum fiskeldissvæða er svo þrengt er að siglingaleið sbr. Seyðisfjörð í ljósi mikillar umferðar stórra skemmtiferðaskipa og reglubundinna siglinga Norrænu, auk fiskiskipa að tillagan stenst ekki skoðun sé tekið mið af lögum og reglum. Landvernd hlýtur að gagnrýna harðlega að ekki sé lýst neikvæðum áhrifum sérstaklega vegna þessa sem er opinber staðreynd. Ljóst er að með fjarlægðarmörkum hefur verið sýnt fram á að brjóta þarf lög og reglur um öryggi varðandi siglingar ef leyfa á tiltekna staðsetningar fiskeldiskvíá við Seyðisfjörð samkvæmt þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Heilbrigði og öryggi

Það er vandséð hvernig tillaga sem þessi getur stutt sérstaklega við eða eftl tækifæri til útivistar og heilbrigðs umhverfis umfram það sem hafði verið áður en til stigvaxandi uppbyggingar fiskeldis kom. Orðrétt segir í umhverfisskýrslu undir þessum lið "*Skipulagstillagan er í samræmi við umhverfisviðmið því tekið er mið af tækifærum til útivistar og hugað að viðnámsþrótti við náttúruvá*"

Hér skal áréttað að mat á náttúruvá og tilheyrandi rannsóknir á skipulagssvæðinu er einmitt stórkostlega ábótavant, má þar nefna t.d. vegna sífellt aukinni hættu á aurskriðum, en þekkt er að við Seyðisfjörð hafa fallið 27 aurskriður sem sjá má á hafsbotnsrannsóknum og meðal annars á svæðum sbr Selstaðavík sem áætlað er til nýtingar fyrir fiskeldi. Spyrja má því hvort orðalagið "*huga að viðnámsþrótti við náttúruvá*" sé tilhlýðilegt með tilliti til þeirra gríðarlegu áforma um fiskeldi sem að svæðisráð hefur lagt til í Seyðisfirði. Landvernd áréttar að við tillögugerð í skipulagi verður að gera þá lágmarkskröfu að þegar lögð eru til gríðarstór verkefni á borð við fyrirhugað fiskeldi eins og í Seyðisfirði að gerðar verði ítarlegar rannsóknir sbr. í tengslum við náttúruvá vegna stóraukinnar hættu á aurskriðum sem geta haft mjög neikvæðar afleiðingar sem reyndin hefur

sýnt. Flóðbylgjur frá bæði snjó- og aurskriðum geta fært t.d. sjókvíar og aðra starfsemi á kaf og gjöreyðilagt. Seyðisfjörður allur þarfnast sérstakrar áhættugreiningar í þessum efnum og því er meiningar- og metnaðarlaust að setja fram í stefnu að það eigi einvörðungu að "huga að".

Útivist og afþreying

Í tillögunni eru tíunduð svæði sem ætla mætti að hefðu orðið til á borði Svæðisráðs. Þau útivistarsvæði sem tiltekin eru sérstaklega til upplifunar fyrir gesti og gangandi eru *nú þegar* á náttúruminjaskrá, hverfisvernduð eða friðlýst. Auk þess eiga nær öll þessi svæði það sammerkt að útilokað er að setja þar upp nýtingaráform í fiskeldi sem skýrist einfaldlega að landfræðilegum staðháttum sbr. Álftafjörður grunnsævi og leirur sem er þegar á náttúruminjaskrá, svo og Gerpissvæði sem er þegar friðlýst að hluta og illa tækt til sjókvíaeldis og þá síðast en ekki síst Víknaslóðir sem eru þegar hverfisverndaðar og þar að auki með öllu útilokað að gera ráð fyrir fiskeldi þar sem vikurnar standa opnar fyrir úthafsöldunni. Svæðisráð leggur því ekkert nýtt og uppbyggilegt að mörkum til útivistar á skipulagssvæðinu.

Menningarminjar

Landvernd áskilur sér rétt að hafa skoðanir á annarri vernd í þessu tilviki minjavernd en í kafla um menningarminjar er þess sérstaklega getið að takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir og þá er eðlilegt að spyrja hvaða forsendur liggja að baki ákvarðanatöku svæðisráðs þegar er verið að setja fram tillögu um uppbyggingu á jafn viðamiklum mengandi atvinnurekstri innan strandsvæða þar sem rannsóknir hafa ekki farið fram og að því best verður séð lítil eða engin áhugi hjá framkvæmdaaðilum að láta vinna að þessum þó lögbundna matshluta. Í fyrsta lagi hafa skipsflök ekki verið kortlögð í neinum fjörðum á skipulagssvæðinu en talið er að mikill fjöldi sé til staðar m.a. í Seyðisfirði, að sama skapi hefur t.d. Gautavík við Berufjörð elsta þekktu verslunarhöfn á Austfjörðum ekki verið kortlögð eða rannsökuð sem skyldi – en þar eru friðlýstar fornminjar sem tengdar eru verslunarhöfninni við sjávarsíðuna sem eru ekki merktar þrátt fyrir endurteknar ábendingar þar um. Það virðist því hverfandi vilji hjá svæðisráði að láta hvorugt njóta vafans, náttúru- eða menningarminjar.

Áhrif á samfélag

Í skýrslunni er fullyrt að framkvæmdakostur falli vel að skipulagsáætlun og starfsemi verði í sátt við samfélag. Afar fátt er að finna í skýrslunni sem gefur til dæmis samfélaginu á Seyðisfirði tilefni til að fagna starfsemi áformaðs laxeldis. Þvert á móti verður ekki komist að annarri niðurstöðu en að starfsemi gangi gegn stefnu sem hefur verið að þróast á liðnum árum á Seyðisfirði. Þrátt fyrir umfangsmikið eldi sem stefnt er að verður að segjast að forsendur fyrir fjölda heilsársstarfa á Seyðisfirði eru ónákvæmar og skortir á skýrari rökstuðning. Þá skortir mjög í skýrsluna forsendur þar sem er dregin fram heildrænn ávinningur fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar og auk þess eru

tekjur hafnarsjóðs ekki úrslitaatriði fyrir samfélagið á Seyðisfirði. Án vafa er ekkert samfélag á Austurlandi, þótt víðar væri leitað, jafn viðkvæmt fyrir jafn stórtækum áformum og hér eru uppi. Áhrifin hafa margþætt neikvæð áhrif, bæði eins og að framan hefur komið og sem nánar verður rakið síðar. Landvernd telur að áformað fiskeldi í Seyðisfirði sé raunverulega gríðarlega stór samfélagslegur áhættuþáttur og stefni í hættu ímynd og uppbyggingu sem Seyðfirðingar hafa unnið að í áratugi. Landvernd leggur áherslu á að samfélagleg áhrif vegi þyngra en þeir sérhagsmunir sem hafa verið sett fram í skipulagstillögunni. Almennt má segja að uppbygging á einni atvinnugrein getur haft neikvæð áhrif á uppbyggingu annarra atvinnugrein þar sem bæði vinnuafli og fjármagn er takmarkað. Því er varasamt að nota atvinnusköpun í einstaka greinum eins og fiskeldi sem mælikvarða á jákvæð áhrif.

Loftslagsvá

Fátt er það sem á er að byggja í tillögu sem lítur að ábyrgri framtíðarsýn í loftslagsmálum en þó má vænta að orkuskipti verði í nokkrum mæli innan strandsvæða sem eru góð markmið – aftur á móti er ekki gerð tilraun til að vega og meta með heildrænum hin neikvæðu loftslagsáhrif af þeim áætlunum um nýtingu fjarða sem liggja til grundvallar stefnunnar sem áður hafa komið fram. Eins og sjókvíældi er nú stundað á Íslandi, og með því að hafa í huga að strandsvæðaskipulagstillagan sem hér er til umfjöllunar fjallar nær einvörðungu um fiskeldi, er mjög erfitt að skilja hvernig hægt er að komast að því að áhrif á loftslag verði óveruleg. Nú er fóður fyrir eldislax flutt inn með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda, gefið laxi með tilheyrandi tapi næringarefnum og hann svo fluttur út aftur með tilheyrandi losun. Þessi hringur hefur mikla losun í för með sér. Rétt er að geta þess að lax gerir miklar kröfur til fóðurs, og mikið af því má nýta beint til manneldis og sleppa öllum þeim milliskrefum sem í laxeldi á Íslandi felast¹. Áhrif á loftslag eru því alltaf neikvæð.

Samantekið um umhverfisskýrslu

Landvernd hvetur svæðisráð strandsvæðaskipulags Austfjarða í ljósi þeirra miklu veikleika sem er að finna í skipulagstillögunni að horfast í augu við þá veikleika sem hér hafa verið gerðar athugasemdir við og þá sérstaklega við hin viðurkenndu neikvæðu áhrif á náttúru- og umhverfi sem eru fyrirséð. Eins og málið blasir við frá sjónarhóli Landverndar hefur svæðisráðið falið viðkomandi verkfræðistofu að framkvæma mat til þess eins að bakka upp skipulagsgjörninginn og að réttlæta niðurstöðu í þágu sérhagsmunaafli. Þessi niðurstaða umhverfisskýrslu við skipulagstillögu og skipulagstillagan sjálf gengur því einfaldlega ekki upp. Hún er að mati stjórnar Landverndar afbökun og afneitun á staðreyndum. Það er alveg sama hvaða mælikvarðar eru notaðir í leit að réttlætingu, Landvernd getur því ekki annað en gefið þessari tilraun til smættunar á umhverfisáhrifum skipulagstillögunnar fallelkun.

¹ [Maximising sustainable nutrient production from coupled fisheries-aquaculture systems | PLOS Sustainability and Transformation](#)

Lokaorð

Það ætti að vera meginhlutverk þeirra sem standa að jafn stórum skipulagsverkefnum og hér um ræðir að byggja á bestu þekkingu hverju sinni með hliðsjón af vísindalegum niðurstöðum og rannsóknum. Að því tilefni er mikilvægt að horfa til þeirrar staðreyndar að meginástæðan fyrir stóraukinni sókn eldisfyrirtækja á landeldi er einmitt vegna neikvæðra áhrifa á umhverfi og náttúru. Þessi staðreynd er í grunninn framtíðarsýn þeirra sem vita betur í greininni sjálfri þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós hin neikvæðu áhrif á umhverfi og náttúru með sjókvíaldi.

Sú framtíðarsýn sem birtist í Strandsvæðaskipulagi Austfjarða endurspeglar á engan hátt fyrirbyggjandi staðreyndir. Skipulag það sem hér liggur til umsagnar er ósjálfbært og endurspeglar þrönga hagsmuni og fátæklega framtíðarsýn og er í hrópandi andstöðu við umhverfi, náttúruvernd og í tilvikum er farið gegn meirihluta þeirra samfélaga sem tillagan fjallar um.

**Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar**

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri



Skipulagsstofnun,
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Sent á hafskipulag@skipulag.is þann 15.09.22

Reykjavík, 15. September 2022

Efni: Umsögn NASF á Íslandi um: „Áherslur og verklag við tillögu að Strandsvæðaskipulagi á Austfjörðum“.

Umsagnaraðili

NASF á Íslandi, kt. 601217-2440, með skráð aðsetur að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, er náttúruverndarsamtök sem hafa vernd Norður-Atlantshafslaxins að meginmarkmiði. Formaður NASF á Íslandi er Friðleifur Egill Guðmundsson, kt. 180680-6169 og framkvæmdastjóri er Elvar Friðriksson kt. 111189-2349.

NASF á Íslandi (hér eftir „NASF“) stendur fyrir North Atlantic Salmon Fund og er afsprengi Verndarsjóðs villtra laxastofna, sem Orri Vigfússon heitinn stofnaði og rak í 27 ár.

Umsögn

Það er mat NASF að margar þær tillögur sem settar eru fram í strandsvæðaskipulaginu standist ekki skoðun. Þar má helst nefna notkun á vitlausum mælineiningum, tillögu að matvælaframleiðslu á þekktu ofanflóðasvæði og áhættur í siglingamálum. NASF hefur um árabíl skilað inn athugasemdum til stjórnvalda og ýmissa stofnana er snúa að sjókvíaeldi. Sjókvíaeldi er fyrirferðamikil í þessu strandsvæðaskipulagi sem nú er lagt fram. Það hefur ekki farið framhjá neinum að sjókvíeldi er mjög umdeild starfsemi hér á landi. Á undanförunum árum hefur sjókvíaeldisiðnaðurinn vaxið gríðarlega hratt á Íslandi. Svo hratt að regluverk hefur dregist langt aftur úr. Margir firðir sem fyrir aðeins nokkrum árum voru hreinir eru nú fullir af sjókvíum. Sjókvíaeldi er samkvæmt öllum skilgreiningum mengandi iðnaður og því afar umdeilt alls staðar þar sem það er stundað.

Líkt og allur stóriðnaður reynir sjókvíaeldisiðnaðurinn að koma sínu fram, sama hvort fólk og náttúra samþykki. Því miður er sá bragur á strandsvæðaskipulaginu að hér sé verið að taka enn eitt skrefið í átt að því að tryggja framgang sjókvíeldisfyrirtækja, þvert á vilja íbúa og náttúruverndarsinna.

Seyðisfjörður er sá fjörður sem mest hefur verið deilt um nýlega. Meirihluti íbúa hefur skrifað undir mótmæli gegn sjókvíaeldi og því ljóst að heimafólk vill ekki þennan iðnað í fjörðinn. Því miður virðist það þó vera þannig að það eigi að troða því þarna inn samt. Í tillögu að strandsvæðaskipulagi koma fram nokkrar tillögur sem virðast ekki vera á rökum reistar. Það verður farið nánar yfir þær hér fyrir neðan.

Notkun á vitlausri mælieiningu:

Í ljós kom að landmíla var notuð í skipulagsvinnunni, í staðinn fyrir sjómílu. Þetta gefur skakka mynd af öllum mælingum og því óásættanlegt að kynna skipulagið án þess að búið sé að endurmæla og leiðrétta fyrir þessu. Í Seyðisfirði liggur sæstrengurinn Farice-1. Skipulagsstofnun hélt því fram á kynningarfundum á Seyðisfirði þann 28.06.22 að helgunarsvæði Farice-1 væri fjórðungur úr landmílu, en síðan hefur komið í ljós og Skipulagsstofnun staðfest að rétt er að miða við fjórðung úr sjómílu. Þetta breytir öllu og þýðir að þær mælingar sem nú er verið að gera athugasemdir við eru einfaldlega ekki réttar. Það er því sjálfsgöð krafa að gerðar verði nýjar mælingar og strandsvæðaskipulagið fari aftur í gegnum kynningarferli.

Sjókvíar á ofanflóðasvæði:

Í strandsvæðaskipulaginu er lagt til að sjókvíaeldi verði heimilað við Selstaðavík. Á því svæði er mikil hætta á ofanflóðum. Þetta getur skapað mjög vafasamar aðstæður og boðið upp á stórt umhverfisslys. Helsta ógnin við villta laxastofna í dag er erfðablöndun frá eldislaxi. Sú erfðablöndun á sér stað þegar fiskur sleppur úr sjókvíum, syndir upp í ár og hrygnir með villtum laxi. Þetta dregur úr hæfni villta fisksins til þess að lifa af í náttúrunni og gerir hann á endanum útdauðann. Nú þegar sjáum við dæmi um slysasleppingar á Íslandi, oftast út af slæmu veðri. Nýlega veiddust 16 eldislaxar í Mjólka í Arnarfirði, þrátt fyrir að ekkert af fiskeldisfyrirtækjunum kannaðist við það að lax hefði sloppið hjá sér. Allar stærstu slysasleppingar sem hafa átt sér stað hafa orsakast af slæmu veðri, öldum og hamförum. Að stunda sjókvíaeldi á svæði þar sem líkur eru á skriðum og ofanflóðum er ekkert annað en glæfraleg áhætta með íslenska náttúru og laxastofna. Hér fyrir neðan má sjá lista yfir stærstu slysasleppingar sem hafa átt sér stað og orsakir þeirra.

<https://www.intrafish.com/aquaculture/here-are-the-largest-recorded-farmed-atlantic-salmon-escapes-in-history/2-1-388082>


Öryggi siglingaleiða:

Í Seyðisfirði er mikil umferð skipa, þar á meðal mjög stórra skemmtiferðaskipa. Fjörðurinn er þó frekar þröngur. Skip þessi þurfa mikið pláss til að geta siglt örugglega um án þess að raska starfsemi eða öðrum siglingum í nágrenninu. Í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 10.000 tonna laxeldi í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða er vitnað í Kystverket, norsku ríkisstofnunarinnar sem fer með stjórn stransvæða og siglingaöryggis. Þar er verið að tala um þá miklu siglingaumferð sem er í Seyðisfirði. Þrátt fyrir það er ekki miðað við afmörkuð siglingasvæði Kystverket í strandsvæðaskipulagi þessu. Það að gefa einhvern afslátt af þessu til þess að sjókvíaldi verði heimilað er mjög vafasamt. Enn og aftur vísunum við í slysasleppingar og umhverfisslys. Ef að siglingaöryggi er ekki almennilega tryggt getur það þýtt aukna áhættu á slysum og slysasleppingum í sjókvíaldi. Stórslysinn sem vísað var í hér fyrir ofan nefndu til að mynda ölduhæð sem orsök á slysi. Þröngur fjörður, risavaxin skip og opnar sjókvíar fara einfaldlega ekki saman.

Allt það sem nefnt er hér fyrir ofan gefur fulla ástæðu til þess að endurskoða þessa tillögu að strandsvæðaskipulagi. Mælingar og upplýsingar verða að vera réttar og taka verður tillit til annarar starfsemi á svæðinu og ekki síst íbúalýðræðis. Ef það er ekki gert er aðeins hægt að draga þá ályktun að strandsvæðaskipulag þetta sé unnið með það að leiðarljósi að verða að vilja stórfyrirtækja sem vilja leggja undir sig íslenska firði.

NASF þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum sínum um tillöguna. Það er okkar von að innihald þessarar umsagnar verði tekið efnislega fyrir. Jafnframt býður NASF fram aðstoð sína við ráðgjöf í þessum mikilvæga málaflökki.

Virðingarfyllst,



f.h. NASF á Íslandi
Elvar Örn Friðriksson



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík
hafskipulag@skipulag.is

Reykjavík, 15. september 2022

Efni: Athugasemdir við tillögur að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og Austfjarða 2022

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS eða samtökin) hafa tekið til umsagnar tillögur svæðisráða að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og Austfjarða. Leiðarljós beggja skipulagstillagna eru sögð vera sjálfbær þróun, viðnámsþróttur gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, lífsgæði og samkeppnishæfni. Í skipulagstillögunum er lögð áhersla á umhverfisvöktun og að ávallt liggi fyrir bestu upplýsingar um stöðu vistkerfa og gæði sjávar á strandsvæðunum, til að tryggja sjálfbæra nýtingu á þeim.

Íslensk sjókvíaeldisfyrirtæki eru starfrækt á Vestfjörðum og Austfjörðum og stunda þar eldi á regnbogasilungi og laxi. Fyrirtækin hafa á undanförunum árum náð umtalsverðum árangri í framleiðslu og skapað ný og fjölbreytt tækifæri og störf á þessum svæðum. Árlegur vöxtur fiskeldis á Íslandi hefur undanfarin ár verið nálægt 40% og framleitt magn nærri fimmfaldast. Spár gera ráð fyrir því að innan nokkurra ára verði útflutningsverðmæti íslensks laxeldis orðið meira en verðmæti íslenskra þorskafurða og að íslenskt fiskeldi geti heildstætt tekið fram úr hefðbundnum sjávarútvegi á næstu tíu árum.¹

Mikilvægt er að íslensku fiskeldi verði áfram sköpuð bestu mögulegu skilyrði til uppbyggingar og verði þannig áfram sterk og öflug atvinnugrein á Austfjörðum og Vestfjörðum. Til þess er bæði nauðsynlegt og skynsamlegt að yfirvöld marki skýra stefnu um nýtingu og vernd auðlinda á haf- og strandsvæðum. Bæði fiskeldi og sjávarútvegur þurfa að fást við náttúruöflin og hverfular athafnir mannsins á erlendum mörkuðum. Á hvorugu hafa hinar íslensku

¹https://www.mbl.is/200milur/frettir/2022/05/10/verdmaeti_laxeldis_gaeti_ordid_meira_en_fi_skveida/



atvinnugreinar stjórn. Því ber að leitast við að draga úr öðrum þeim óvissuþáttum sem hægt er að hafa stjórn á. Skýr stefna um nýtingu strandsvæða til langs tíma er af þeim sökum mjög til bóta, sé hún skynsamleg og til þess fallin að styrkja samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar, án þess að kröfum um sjálfbærni sé fórnað.

Að framangreindu sögðu eru samtökin að mörgu leyti jákvæð gagnvart efni fyrirliggjandi tillagnanna og þeirri framsetningu sem þar er kynnt. Með tillögunum fæst yfirsýn yfir nýtingu á haf- og strandsvæðum og mikilvæg þróunarsvæði. Samtökin telja þó óhjákvæmilegt að gera nokkrar mikilvægar athugasemdir og tillögur til breytinga:

I. Almennar athugasemdir

I.I Svigrúm undir tilfærslu eldiskvíá

Að mati samtakanna er nauðsynlegt að útvíkka mörk reita sem skilgreindir eru undir „Staðbunda nýtingu“ fiskeldis til að skapa meira svigrúm undir tilfærslu eldiskvíá.

Undirstrika ber að tilfærsla eldiskvíá er eitt helsta og mikilvægasta úrræðið til þess að draga úr staðbundnum áhrifum fiskeldis og stuðla að sem bestri heildarnýtingu eldissvæða. Til þess getur komið að færa þurfi til eldiskvíar eða breyta afstöðu þeirra með tilliti til straumstefnu og vinda í því skyni að draga úr hættu á smítalagi innan eldissvæðis og dreifingu fisksjúkdóma og lúsar frá eldinu. Aðrar ástæður geta einnig valdið því að þörf er á tilfærslu eldiskvíá, t.d. uppsöfnun lífrænna efna, rekis, þörungablómi, framleiðsluaukning, breytingar í eldistækni o.s.frv. Til að lágmarka staðbundin umhverfisáhrif er því nauðsynlegt að eldisstarfsemi sé tryggð nægjanlegt svigrúm til tilfærslu eldiskvíá. Slíkt er ekki einvörðungu til hagsbóta fyrir umhverfið og fiskeldisfyrirtæki, heldur má ganga út frá því allar aðgerðir sem stuðla að öflugri dreifingu og niðurbroti lífrænna efna hafi í för með sér jákvæð áhrif fyrir ótengda starfsemi sem fer fram í námunda við kvíar.

Undanfarin ár hafa stofnanir sem fara með stjórnslu fiskeldis ítrekað vakið athygli á mikilvægi þess að eldissvæði séu nægjanlega rúm. Fyrst má nefna að Skipulagsstofnun og Matvælastofnun hafa í málatilbúnaði sínum fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála byggt á því að mikilvægt sé að til staðar sé svigrúm til að færa kvíar til innan svæða með tilliti til lífræðilegs álags.² Í málatilbúnaði sínum vegna stjórnslukæru um mat á umhverfisáhrifum eldis í Skutulsfirði lagði Skipulagsstofnun áherslu á að áhrif eldis á botndýralíf séu

² Sjá t.d. úrskurð ÚUA í máli nr. 29/2019 (Fiskeldi Austfjarða, Fáskrúðsfirði)



afturkræf við hentugar aðstæður og þegar svæði eru hvíld með því að færa til sjókvíar. Til þess að svo megi verða skipti hins vegar miklu máli „að gott svigrúm sé til þess að færa kvíar inn á ný svæði.“³

Í umsögn Umhverfisstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum breyttrar staðsetningar eldissvæða í Patreksfirði kemur fram að þáverandi staðsetning hafi ekki reynst heppileg með tilliti til sjávarhita og sjávarstrauma. Tilfærsla kvía muni auka straumflæði um kvíabyrpingar með jákvæðum áhrifum á uppsöfnun lífrænna efna og súrefnisstyrk. Í umsögn Matvælastofnunar í sama máli kemur fram að með því að snúa kvíabyrpingum þvert á straumstefnu megi draga úr líkum á að smit magnist upp innan stöðvar.⁴

Á þetta er einnig lögð áhersla í nýlegri umsögn Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna breytinga á reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags, en þar segir orðrétt:⁵

„Það er þekkt viðfangsefni fiskeldis að loft getur verið þörf á því að flytja til eldiskvíar. Getur þetta verið af ástæðum sem varða tæknileg atriði sem og breytilegar umhverfisástæður. Má ætla að þetta eigi ekki síst við hér við land þar sem fremur lítilli reynslu, í árum, er til að dreifa af fiskeldi í fjörðum. Á mörgum stöðum kann þannig að koma í ljós að upphaflegar staðsetningar eldiskvía séu ekki eins hentugar og talið var og því sé þörf á því að flytja þær til. Til samanburðar má athuga hvernig bæjarstæði til sveita eru löguð að því að draga úr hættum af skriðum eða flóðum um leið og gætt er að þáttum eins og staðvindum og sólargangi, eftir því sem við á.

Huga verður nægilega að því að fiskeldi verði ekki skorinn of þröngur stakkur um möguleika að þessu leyti. Til hliðsjónar má benda á dæmi erlendis frá. Í Noregi hafa verið gefin út leyfi til staðsetninga á sjókvíum sem nægja mundu til framleiðslu á tþæla 3,7 milljónum tonnnum HLM (heildarlífmassa) á í heildina 1000 staðsetningum. Samanlagður heimilaður heildarlífmassi eldisleyfa er hins vegar einungis um fjórðungur þessa eða um 967.000 tonn HLM sem ræðst af takmarkandi þáttum, einkum lífrænu álagi af laxalús. Það svigrúm sem með þessu er fyrir hendi

³ Úrskurður umhverfisráðuneytisins í máli nr. 09120125 frá 16. janúar 2011.

⁴ [https://www.ust.is/library/Skrar/2018-04-11%20%20C3%81kv%20C3%B6r%20C3%B0un%20Skipulagsstofnunar%20vegna%20tilf%20C3%A6rslu%20eldissv%20C3%A6%20C3%B0a%20%20C3%AD%20Patreksfir%20C3%B0i%20-%20ekki%20h%20C3%A1%20C3%B0%20umhverfismati%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/2018-04-11%20%20C3%81kv%20C3%B6r%20C3%B0un%20Skipulagsstofnunar%20vegna%20tilf%20C3%A6rslu%20eldissv%20C3%A6%20C3%B0a%20%20C3%AD%20Patreksfir%20C3%B0i%20-%20ekki%20h%20C3%A1%20C3%B0%20umhverfismati%20-%20Copy%20(1).pdf)

⁵ [https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=3d18a95b-7f40-ec11-9bab-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=3d18a95b-7f40-ec11-9bab-005056bcce7e)



í Noregi er talið jákvætt að því leyti að það tryggir sveigjanleika þannig að bregðast megi hratt við breyttum aðstæðum. Annað dæmi má hafa af fiskeldi í Færeyjum þar sem eldissvæði hafa verið færð til á síðustu 20 árum í því skyni að draga úr líkum af því að sjúkdómar berist með hafstraumum, m.a. í ljósi reynslu af sjúkdómi í eldi sem þar koma upp fyrir um 20 árum síðan.“

Sömu sjónarmiða má einnig sjá stað í leyfisferli fiskeldis. Í starfsleyfum Umhverfisstofnunar er t.a.m. sérstaklega kveðið á um heimild rekstraraðila til að flytja eldiskvíar til á skilgreindu eldissvæði „til að hindra að uppsöfnun fódurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og gæði umhverfis.“ Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk.⁶ Þetta er enn fremur ítrekað af hálfu Umhverfisstofnunar í leiðbeiningum stofnunarinnar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva, þar sem segir að tilfærsla kvía geti hjálpað mikið til að draga úr mengunaráhrifum fiskeldis.⁷

Af framantöldum dæmum má ljóst vera að þær stofnanir sem hafa með höndum eftirlit og umsjón með umhverfisáhrifum fiskeldis hafa um langt skeið sammælt um nauðsyn þess að hafa eldissvæði nægjanlega rúm.⁸

LII Svigrúm til vaxtar

Samtökin hafa ítrekað vakið máls á mikilvægi þess að gætt sé að umhverfishagsmunum og að fiskeldi byggist upp á sjálfbæran hátt, án þess að óraunhæfar kröfur í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum takmarki um of vaxtarmöguleika og framþróun greinarinnar. Í fyrirliggjandi tillögum er tekið fram að áhugi ríki fyrir auknu fiskeldi á skipulagssvæðunum og fyrirséð sé að nýting þeirra taki mestum breytingum í tengslum við fiskeldi á næstu árum. Segir þar einnig að áskoranir skipulagsgerðarinnar felist meðal annars í því að afmarka ákveðna reiti sem ætlaðir eru til staðbundinnar nýtingar eins og fiskeldis en að veita jafnframt ákveðinn sveigjanleika til breytinga og þróunar með hagsmuni annarrar starfsemi að leiðarljósi.

⁶ Sjá t.d. gr. 3.5. í starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. í Dýrafirði:
https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-igildi/Fiskeldi/Starfsleyfi_ASF%20D.pdf

⁷ https://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/2748_Fiskeldiseftirlit_A5_Bs.pdf - Bls. 3

⁸ Sjá t.d. eftirfarandi umsagnir Umhverfisstofnunar :
https://www.ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-aumhverfisahrifum/Krossanes_251113.pdf;
http://umhverfisstofnun.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-aumhverfisahrifum/Brim_151203.pdf;
Sjá einnig umfjöllun meiri hluta atvinnuveganefndar við meðferð frumvarps til breytingarlaga um fiskeldi (Þingskjal 1573 – 647. mál), dags. 9. apríl 2019.



Samtökin taka undir nauðsyn þess að skipulagsstillögurnar gæti að svigrúmi til þróunar annarrar starfsemi en fiskeldis en benda á að ekki er síður mikilvægt að skapa fiskeldi áframhaldandi sveigjanleika til aðlögunar og þróunar. Að mati samtakanna hefur ekki verið gætt nægjanlega vel að þessu mikilvæga atriði í fyrirliggjandi tillögum og er það raunar staðfest í umhverfismati tillagnanna, þar sem fram kemur að innleiðing skipulagsins muni hafa „óveruleg áhrif á eldi og ræktun.“ Með öðrum orðum skapa skipulagsstillögurnar takmarkaðan grundvöll til frekari þróunar og vaxtar umfram þau áform sem þegar eru uppi.

Hafa verður í huga að þrátt fyrir að fiskeldi hafi þegar fest sig í sessi sem lykilatvinnugrein hér á landi er greinin enn í uppbyggingarfasa. Mikil þróun hefur átt sér stað í allri umgjörð fiskeldis samhliða örum vexti á undanföllum árum. Íslensk eldisfyrirtæki eru sífellt vakandi fyrir nýjum tækifærum í eldi, hvort sem er með breyttum framleiðsluferlum, nýrri tækni eða breyttum staðsetningum. Drifkraftar þróunar eru margir og fjölbreyttir. Aukin samkeppni og þar með krafa um lægri framleiðslukostnað og skilvirkni ýtir undir bættar framleiðsluaðferðir og tæknilausnir á öllum sviðum. Síauknar köfur um sjálfbærar og umhverfisvænar framleiðsluaðferðir knýja á um mótvægisáðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar. Til að mynda eru bundnar vonir við að í framtíðinni verði hægt að ala ófrjóan eða kynlausan lax sem útilokar erfðablöndunaráhættu við villta laxastofna. Þá er sífellt verið að þróa tækni og aðferðir sem bæta fóðurnýtingu og draga úr uppsöfnun lífrænna efna. Ör þróun á þessum sviðum getur gert ábyrgum framleiðendum kleift að vaxa með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti. Til þess þurfa fyrirtækin þó að búa yfir getu og aðlögunarhæfni til gera viðeigandi breytingar á starfsemi sinni, t.d. með upptöku nýrra svæða.

Einnig er til þess líta að yfirstandandi er heildstæð úttekt á ýmsum sviðum fiskeldis sem er liður í fyrirhugaðri stefnumótun matvælaráðuneytisins í málaflökknunum:

- Í fyrsta lagi hefur matvælaráðherra falið Ríkisendurskoðun að ráðast í heildstæða úttekt á stjórnarsýslu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og undirstofnana þess á sviði fiskeldis. Er ætlunin að úttektin nái yfir alla stjórnarsýslu málaflökksins, allt frá undirbúningi löggjafar og setningu afleiddra reglna til eftirlits með starfsemi fyrirtækja í greininni.
- Í öðru lagi hefur matvælaráðherra falið ráðgjafarfyrirtækinu Boston Consulting Group að annast skýrslugerð um stöðu fiskeldis á Íslandi. Í skýrslunni verða greindir framtíðarmöguleikar og áskoranir greinarinnar og er ætlunin að sú vinna muni nýtast við stefnumótun matvælaráðherra. Tekið verður mið af umhverfismálum, verðmætasköpun og regluverki. Til samræmis við stjórnarsáttmála



verður áhersla lögð á að kortleggja tækifæri til sjálfbærs vaxtar greinarinnar með vísindalega þekkingu að leiðarljósi. Höfð verður hliðsjón af samanburðargreiningu við þau lönd sem helst stunda lagareldi.

- Í þriðja lagi hefur matvælaráðherra skipað starfshóp til að skoða smitvarnir og sjúkdóma í fiskeldi. Hópnum hefur m.a. verið falið að yfirfara lög og reglugerðir um laxeldi og framkvæmd á þeim og vinna að tillögum um breytingar ef þörf þykir.

Afurð þessarar vinnu og fyrirhugaðrar stefnumótunar um fiskeldi er óljós á þessu stigi. Að mati samtakanna ætti meginmarkmið slíkrar stefnumótunar að lúta að því hvernig megi greiða leið ábyrgrar uppbyggingar, auka verðmætasköpun í greininni á sjálfbæran hátt og tryggja stöðugleika til framtíðar. Verði það niðurstaðan getur það kallað á að finna þurfi ný uppbyggingarsvæði undir fiskeldi sem bjóða má út skv. lögum nr. 71/2008 og að liðka þurfi fyrir tilfærslu og rýmkun á núverandi eldissvæðum.

Að lokum má benda á að ekki er búið að burðarþols- og áhættumeta öll þau svæði sem ætla má að henti undir fiskeldi í sjó. Þá hafa svæði verið skilgreind sem bannsvæði á grundvelli verndar villtra laxastofna án þess að fyrir liggji formlegt áhættumat skv. lögum um fiskeldi. Það er því ótímabært að segja til um hvort þau bannsvæði endurspegli endanlega ákvörðun eða séu hugsuð sem biðstaða þar til frekar rannsóknir hafa farið fram. Ef stjórnvöld hyggjast nýta þau verðmæti sem sjókvíldi býður upp á væri skynsamlegt að burðarþols- og áhættumeta sem flest svæði þannig að unnt sé að eiga málefnalega og upplýsta umræðu um niðurstöður slíkrar vinnu. Eins geta fyrirliggjandi burðarþols- og áhættumót tekið breytingum samhliða því sem reynsla fæst af eldi á viðkomandi svæðum og nýjar mótvægisáðgerðir koma til sögunnar.

II.III Skortur á rökstuðningi við mörkun svæða

Samtökin gera almenna athugasemd við takmarkaðan rökstuðning gagnvart mörkun svæða, einkum svæða sem skilgreind eru undir nýtingarflokkana „Umhverfi og náttúra (UN)“ og „Lagnir og vegir (LV)“.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða verða leyfi fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi að samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi. Því varðar því miklu að við afmörkun nýtingarflokka í strandsvæðisskipulagi sé gætt jafnvægis milli nýtingar- og verndarsjónarmiða svo ná megi þeim markmiðum sem stefnt er að með lögnum, þ.e. að skipulagsáætlanir tryggi „grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“



Samkvæmt gildandi reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 220/2020 er gert ráð fyrir því að fiskeldi fari einkum fram á svæðum sem skilgreind eru undir „Staðbundna nýtingu“ þótt um leið sé gert ráð fyrir því að það geti í ákveðnum tilvikum farið fram á svæðum skilgreind undir „Almenna nýtingu“. Efnislega er því gert ráð fyrir því að utan svæða sem hafa sérstaklega verið afmörkuð fyrir fiskeldi verði fiskeldi annað hvort víkjandi að ákveðnu marki eða hreinlega útilokað. Í ljósi þessa verður að lýsa nokkrum áhyggjum af því hve takmarkaður rökstuðningur virðist liggja að baki afmörkun svæða sem útiloka nýtingu undir fiskeldi, einkum á svæðum sem liggja að eða í námunda við eldissvæði. Þetta er einkum umhugsunarvert í ljósi markmiða skipulagsgerðarinnar um ábyrga nýtingu auðlinda.

a) Mörkun svæða undir Umhverfi og náttúru

Svæði í nýtingarflokknum „Umhverfi og náttúra“ eru í mörgum tilvikum skilgreind allvíðtækt án þess að mörk þeirra séu sérstaklega rökstudd. Að mati samtakanna þarf að rökstyðja nánar hvers vegna markmiðum skipulagsgerðar um sjálfbæra vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja verði ekki náð með öðrum og vægari hætti, sbr. meðalhófs- og rannsóknarreglur stjórnarsýsluréttar.

Að mati samtakanna á vistkerfisnálgun við skipulagsgerð að fela í sér samþætta nálgun á nýtingu náttúruauðlinda sem miðar jöfnum höndum að skynsamlegri vernd og ábyrgri nýtingu. Ákvarðanir á þessu sviði verða að grundvallast á vísindalegri þekkingu á vistkerfi og umhverfi og taka tillit til ólíkra hagsmuna við nýtingu náttúruauðlinda. Það felur í sér að leggja þarf rækt við rannsóknir, upplýsingaöflun og úrvinnslu ýmissa gagna sem tengjast umhverfi, vistkerfi og nýtingarmöguleikum viðkomandi svæðis. Í kjölfarið geta skapast forsendur til ráðast í áætlanir um skipulega vernd, t.d. með afmörkun verndarsvæða í strandsvæðisskipulagi eða skipulagsskilmálum. Fyrirliggjandi tillögur að strandsvæðisskipulagi bera þessi ekki merki í öllum tilvikum að afmörkun svæða byggji á heildstæðri nálgun og því hvetja samtökin til þess að gætt verði meira hófs við skilgreiningu svæða undir „Umhverfi og náttúra“.

Þá vekur jafnframt athygli að mörkun svæða í nýtingarflokknum „Umhverfi og náttúra“ er í sumum tilvikum rökstudd með vísan til þess að Náttúrufræðistofnun hafi lagt til að viðkomandi svæði fari á B- eða C-hluta náttúruminjaskrár. Tillaga að þingsályktun um B-hluta náttúruminjaskrár hefur hins vegar ekki verið lögð fram á Alþingi síðan núgildandi lög um náttúruvernd tóku gildi árið 2015 og því hefur engin lögformleg ákvörðun verið tekin um verndargildi viðkomandi svæða. Um þessar mundir vinnur Umhverfisstofnun að undirbúningi kynningar- og samráðsferlis á tillögum



Náttúrufræðistofnunar og mun að því loknu skila umsögn um framkomnar athugasemdir til ráðherra. Stefnt er að því að ráðherra muni í kjölfarið leggja fram formlega þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár til samþykktar á yfirstandandi löggjafarþingi 2022–2023.⁹

Að svo stöddu er því með öllu óráðið hvaða svæði verða hluti af samþykktri náttúruminjaskrá og hvernig afmörkun þeirra verður háttað. Þangað til það verður ljóst telja samtökin ótímabært að grundvalla afmörkun svæða í strandsvæðisskipulagi á óstaðfestum tillögum Náttúrufræðistofnunar. Fremur ætti að leggja mat á hvort forsendur séu til að heimila atvinnustarfsemi á viðkomandi svæðum og þá eftir þörfum með skilyrðum sem taka mið af verndarþörf og verndargildi viðkomandi svæða.

Að lokum má benda á eldisfyrirtæki eru mörg hver byrjuð að vinna að rafvæðingu fódurpramma í formi landtengingar eða með notkun á rafhlöðum. Mikilvægt er að gætt verði að því að skilgreining svæða undir „Umhverfi og náttúru“ í strandsvæðisskipulagi standi ekki landtengingu fódurpramma með rafstrengjum úr landi fyrir þrifum.

a) Mörk svæða undir raforku- og fjarskiptastrengi (lagnir og vegir)

Raforku- og fjarskiptastrengir liggja víða í sjó á skipulagssvæðinu. Taka má undir mikilvægi þess að í strandsvæðisskipulagi séu skilgreind svæði sem tryggja öryggi slíkra strengja og koma í veg fyrir röskun á virkni þeirra. Hins vegar telja samtökin skorta skýringar á því hvers vegna svæði undir raforku- og fjarskiptastrengi eru skilgreind jafn rúm og raun ber vitni, á kostnað aðliggjandi nýtingar.

Í fyrirbyggjandi tillögum er vísað til þess að samkvæmt lögum um fjarskipti sé kveðið á um aðgæslu sjófarenda þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó og að bannað sé að veiða með veiðarfærum sem fest eru í botn eða dregin eftir honum á beltum sem nær 402 metra (míluþjórðung) hvoru megin við strenginn.¹⁰ Virðist sem þessi viðmiðun ráði mestu um mörkun svæða undir raforku- og fjarskiptastrengi, þó dæmi séu um stærri svæði.

Af þessu tilefni vilja samtökin leggja áherslu á að samkvæmt orðanna hljóðan tekur núgildandi 86. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 ekki til annars en veiðarfæra sem fest eru við botn eða dregin eftir botni og skipa sem leggjast við akkeri. Ákvæðið á þar af leiðandi ekki við um aðrar festingar, þ.m.t. botnfestingar eldiskvíá. Það er fastmótuð lögskýring að sérstök rök þurfa að

⁹ <https://www.althingi.is/altext/152/s/0573.html>

¹⁰ Nú 86. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022.



koma til svo að vikið sé frá skýringu samkvæmt orðanna hljóðan og engin slík rök eru sett fram í tillögunum.

Leggja verður áherslu á að það er ólíku saman að jafna þegar rætt er um hættu sem raforku- og fjarskiptastrengjum stafar af annars vegar veiðarfærum og akkerisfestingum skipa og hins vegar botnfestingum eldiskvíá. Áður en eldiskvíár eru staðsettar í sjó fer fram ítarleg greining á umhverfisaðstæðum, s.s. veðurálagi, botngerð og straumum á eldisstað. Á grundvelli þessara rannsókna er eldisstöðin hönnuð og botnfestingar staðsettar. Frá mælingu og endanlegri staðsetningu botnfestinga skeikar alla jafna ekki meira en 10 m, sem má fyrst og fremst rekja til skekkjumarka GPS-kerfa á sjó. Útsetningarskýrsla er gerð eftir að eldiskvíár hafa verið staðsettar í sjó þar sem m.a. er staðfest að botnfestingar séu skv. teikningum og íhlutir réttir. Frá útsetningu hreyfast botnfestingar lítið sem ekkert og þá fremur í átt að að miðju sjókvíar. Raforku- og fjarskiptastrengjum stafar því lítil sem engin hættu af nálægð við botnfestingar sjókvíá. Engir verndarhagsmunir eru því fólgnir í því gagnvart sjókvíaeldi að marka slíkum strengjum 800+ metra breið helgunarsvæði.

Til hliðsjónar má benda á að í nýjum fjarskiptalögum nr. 70/2022 er að finna heimild til að veita undanþágu frá banni við veiðum nærri fjarskiptastrengjum ef um er að ræða veiðarfæri sem ekki eru talin líkleg til að raska öryggi fjarskiptastrengja á viðkomandi svæði að teknu tilliti til aðstæðna, sbr. 5. ml. 4. mgr. 86. gr. laganna.

II. Athugasemdir við einstök svæði:

II.I Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða – Jökulfirðir (UN19)

Samtökin telja ótímabært að taka ákvörðun um skilgreiningu Jökulfjarða undir nýtingarflokkinn *Umhverfi og náttúra (UN19)*. Þess í stað leggja samtökin til að gerð strandsvæðisskipulags fyrir Jökulfirði verði frestað með vísan til 2. mgr. 13. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. og ákvæði I til bráðabirgða. Í athugasemdum við fyrrnefnda ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 88/2018 segir orðrétt: ¹¹

„Ef svæðisráð telur að á tilteknu svæði sé til staðar óvissa um atriði sem geta haft veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins getur svæðisráð frestað skipulagi þess svæðis, sbr. 2. mgr. Dæmi um atriði sem geta valdið óvissu um framkvæmd skipulags er ef mikilvægar upplýsingar skortir um strandsvæðið.“

¹¹ <https://www.althingi.is/altext/148/s/0607.html>:



Af hálfu SFS er byggt á því að eftirfarandi mikilvægar upplýsingar skorti um atriði sem haft geta veruleg áhrif á framtíð svæðisins:

- Ekki hefur verið lagt mat á hæfi Jökulfjarða til nýtingar undir fiskeldi með tilliti til burðarþols eða áhættumats erfðablöndunar.
- Ekki hefur verið lagt mat á önnur vænt umhverfisáhrif fiskeldis í Jökulfjörðum og hvernig þau megi lágmarka eftir fremsta megni, t.d. með staðarvali og/eða sértækum leyfiskröfum.
- Ekki hefur verið lagt mat á möguleg byggðaleg áhrif fiskeldis í Jökulfjörðum.
- Ekki hefur verið lagt mat á vænta tekjuöflun ríkis- og sveitarfélaga af fiskeldi í Jökulfjörðum.

Framangreindar upplýsingar verður að telja nauðsynlega forsendu þess að undirbyggja vísindalega og samfélagslega nálgun og tryggja upplýsta og málefnalega umræðu um framtíð Jökulfjarða. Ljóst má telja að sveitarfélög og íbúar við Ísafjarðardjúp eiga ríkra hagsmuna að gæta bæði af verndun náttúru og uppbyggingu á fiskeldi í Jökulfjörðum og því er sérstaklega mikilvægt að ákvörðun um framtíðarnýtingu svæðisins verði ekki tekin í flýti heldur að undangenginni ítarlegri vistfræðilegri skoðun og samráði við hagaðila.

Rétt er að leggja áherslu á að í framangreindu felst engin fyrirfram tilætlan um að Jökulfirðir eða tiltekin svæði innan Jökulfjarða verði skilgreind undir staðbundna nýtingu fyrir fiskeldi. Þá er það jafnframt afstaða samtakanna að óháð niðurstöðu burðarþols og áhættumats verði ávallt að taka viðtækt tillit til sérstöðu svæðisins og ferðaþjónustu sem þar hefur byggst upp.

* * *

Að mati samtakanna eiga stjórnvöld að ýta undir og stuðla að áframhaldandi uppbyggingu og framþróun í fiskeldi í sem mestri sátt við umhverfi og samfélag. Tækifæri til ábyrgrar uppbyggingar eru sannarlega til staðar en forsenda þess að unnt sé að nýta þau þegar á reynir er háð því að stjórnsýslulegt umhverfi greinarinnar standi þróun hennar ekki fyrir þrifum. Á það jöfnum höndum við um lagalega og skipulagslega umgjörð greinarinnar.

Með vísan til alls framangreinds er farið þess á leit við svæðisráð Austfjarða og Vestfjarða að stutt verði við áframhaldandi ábyrga uppbyggingu fiskeldis með því að **annars vegar** rýmka og fjölga svæðum sem skilgreind eru undir staðbundna nýtingu fiskeldis og **hins vegar að** rýmka og fjölga svæðum sem skilgreind eru undir almenna nýtingu. Það er jafnframt mat samtakanna að um



breytingar sé að ræða sem kalli á að auglýsa þurfi tillögurnar að nýju, sbr. 3. ml. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum, gerist þess þörf.

Virðingarfyllt,
f.h. SFS




Sigurgeir Bárðarson



Athugasemdir við tillögu að strandsvæðisskipulagi á Austfjörðum

kynningarfundur á Seyðisfirði 28.júní 2022.



Fyrsta athugasemdin snýr að því hve illa fundurinn er kynntur. Þetta á að heita íbúasamráð en á fundardegi hefur aðeins sést ein auglýsing fyrir fundinn og er hana að finna neðst á heimasíðu sveitarfélagsins. Það virðist nánast til þess gert að sem fæstir taki eftir og að mæting verði eftir því. Eins ætti það er mjög auðvelt og ætti að vera sjálfsagt að streyma svona fundum í dag þar sem félagsmenn VÁ um land allt og allir, sem hafa áhuga geti fylgst með.


Okkur finnst þessi skipulagstillaga ekki tilbúin til kynningar á nokkurn hátt. Hér eru nokkrar ástæður.

- Helgunarsvæði Farce-1 strengsins er sagt 2*402 m, sem er rangt. Það er fjórðungur úr enskri mílu, sem er ekki notuð hér. Það á að nota fjórðung úr sjómílu, sem er 2*463 m eins og fram kemur á bls. 28 í áliti Skipulagsstofnunar vegna umsóknar um laxeldi í Seyðisfirði.
<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1765/201809031-10.000%20tonna%20eldi%20%C3%A1%20laxi%20%C3%AD%20Sey%C3%B0isfir%C3%B0i%20%C3%A1%20vegum%20Fiskeldis%20Austfjar%C3%B0a.pdf> um umsókn um laxeldi í Seyðisfirði.
Þetta er líka skýrt í fjarskiptalögum nr. 81/2003 á slóðinni
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003081.html>.
Þessi mismunur hefur afgeradi áhrif á hvernig helgunarsvæðið kemur fram á korti ykkar. Það vantar 122 metra upp á helgunarsvæðið.
Var virkilega ekkert samband haft við Farice varðandi legu strengsins og helgunarsvæði hans í þessari skipulagsvinnu nefndarinnar. Þessi strengur er dýr eign ríkisins og Seyðisfjörður er fyrsti og eini fjörðurinn á landinu, sem geymir sæstreng milli landa og hefur gert frá 1906. Það gefur honum mikla sérstöðu í svona skipulagsferli. Auk þess má alls ekki þrengja siglingaleiðina um Seyðisfjörð, sem er með sívaxandi umferð stórra skipa.
Þess vegna hefði valkostur A (Gerir ekki ráð fyrir svæðum fyrir sérstaka nýtingu) í umhverfismati ykkar átt að vera valinn fyrir Seyðisfjörð en ekki valkostur B.
- Í skipulagstillögu ykkar segir:
„Unnið er að áhættumati siglinga í Seyðisfirði m.t.t. þeirra áforma. Niðurstöður áhættumats kunna að hafa áhrif á endanlega útfærslu reita fyrir staðbundna nýtingu í Seyðisfirði og verða til umfjöllunar svæðisráðs ásamt athugasemdum og umsögnum að kynningartíma loknum“.
Samkvæmt þessu á almenningur ekki að fá tækifæri til að gera athugasemdir við áhættumatið. Það er brot á lögum, það eiga allar raddir að fá að heyrast. Áhættumatið mun augljóslega breyta skipulagstillögunni og því ekki tímabært að kynna tillöguna núna. Það er enginn ljósgeisli frá Brimnesvita sýndur á kortinu ykkar og ekkert fjallað um áhrif hans. Hann afmarkar innri part siglingaleiðarinnar. Innan ljósgeislans mega engir farartálmar vera sbr. lög um vitamál. Þetta má sjá á bls. 27 í áliti Skipulagsstofnunar.
- Í skipulagstillögu ykkar segir *„Huga þarf að mögulegri ofanflóðahættu“.*
Í áliti Skipulagsstofnunar kemur eftirfarandi fram:
„Ef litið er á kviarnar sem atvinnusvæði þurfa þær að vera innan A svæðis. Kviarnar í Sörlastaðavík og Skálanesbót uppfylla þetta skilyrði en kviarnar í Selstaðavík standast ekki þetta viðmið.“ Það er vítavert og óhemilt að leggja til nýja atvinnuuppbyggingu á svæði sem er á snjóflóðahættusvæði C, sem er staðreyndin í Selstaðavík. Annars staðar í firðinum er verið að skoða rándýran flutning atvinnustarfssemi af C svæðum. Þarna má ekki einu sinni reka niður háa stólpa fyrir hæsnakofa. Halló, eru kviarnar ekki örugglega atvinnusvæði?
- Í umhverfismati sem fylgir skipulagstillögunni ykkar segir:
„Niðurstaða
Helsti munur milli valkosta er að valkostur A veitir ekki fyrirhugaðri nýtingu á svæðinu forgang

og er ekki líklegur til að styðja við fyrirhugaða atvinnuuppbyggingu, hvað varðar staðbundna nýtingu en Valkostur A veitir annarri nýtingu forgang, t.d. veiðum og ferðaþjónustu. Valkostur B styður við og er líklegur til að efla atvinnusköpun sem tengist staðbundinni nýtingu. Valkostur B getur dregið úr greiðfærni og öryggi siglingaleiða ef ekki er gripið til mótvægisáðgerða s.s. merkingar. **Niðurstaða valkostagreiningar er að vinna áfram með valkost B við mótun strandsvæðisskipulagsins.** Við frekari skipulagsvinnu og í samráðsferli má gera ráð fyrir að valkosturinn taki einhverjum breytingum.

Fjörðurinn er þröngur og mikil nálægð er á milli reita í nýtingaflokkum staðbundin nýtingu, umhverfi og náttúra og siglingaleiðir, sem gæti skapað árekstra. Á síðari stigum, við leyfisveitingar, þarf að tryggja samtal milli hagsmunaaðila við frekari útfærslu nýtingar og lagt til að vinna áhættumat siglingaleiðarinnar í Seyðisfirði. Huga þarf að mögulegri ofanflóðahættu og útfærslu nýtingar í samhengi við afmörkun verndarsvæða og áhrif á verndargildi þeirra. Olíuleki úr skipsflakinu El Grillo getur haft áhrif á útfærslu valkostar hvað varðar verndun, staðbundna nýtingu, veiðar og aðra þætti s.s. ferðaþjónustu og útivist.“

Hér vantar allan rökstuðning hjá ykkur fyrir vali á valkosti B. Rökin liggja þvert á móti öll fyrir því að velja frekar valkost A.



1. Helgunarsvæði sæstrengsins er rangt þ.e.a.s. of lítið í ykkar gögnum. Þegar búið er að bæta 61 m sitthvoru megin strengsins eru kvíassvæðin öll komin inn á helgunarsvæðið. Erfitt er að færa kvíassvæðin til því flest þeirra eru þá komin upp á eða upp í harða land.
2. Siglingaleiðina má ekki þrengja. Eins og áður segir í umhverfismati ykkar : „Valkostur B getur dregið úr greiðfærni og öryggi siglingaleiða ef ekki er gripið til mótvægisáðgerða s.s. merkingar“. Merkingar þarf að festa niður með akkerisfestingum og ef farið er með þær inn í ljósgeislann er það bort á vitalögum. Eins og bent er á í álitni Skipulagsstofnunar eru ekki til íslenskar reglur um breidd innsiglinga eftir stærð skipa. En þær eru til í Noregi. Væntanlega

hafa skipafélög líka sínar eigin reglur um þetta. Norwegian Star, sem kemur til Seyðisfjarðar, er 294m langt og 32 m breitt. Það er yfir stærð norsku reglnanna miðað við breidd og legu Seyðisfjarðar. Þarna má alls ekki gefa neinn afslátt af „greiðfærni og öryggi“ nema þið ætlið að loka fyrir stærstu skemmtiferðaskipin, sem koma á Seyðisfjörð.

3. Í skipulagstillögu ykkar er ekki minnst einu orði á menningar og fræðslusetrið Skálanes, sjá slóðina <https://skalanes.com>. Þar er rekin merk rannsóknarstarfssemi á náttúrufari í samvinnu við erlenda háskóla. Samt dettur ykkur ekki í hug að merkja það svæði í græna flokkinn „Umhverfi og náttúra(UN)“. Um leið og helgunarsvæðið hefur fengið rétta breidd og ef reynt yrði að færa kvíarnar til út af því, væru þær komnar í túnfótinn á náttúruparadísinni Skálanesi .
4. Kvíastæðin, sem þið merkið inn á þetta kort, eru öll of lítil fyrir fiskeldið sem sótt var um. Sótt var um tólf kvíar 100*100 m hver. Breidd svæðis fyrir hverja þeirra með festingum þarf að lágmarki að vera 500 m. Þar með eru þær alls staðar komnar inn á helgunarsvæði strengsins og sums staðar inn í siglingaleiðina. Eftirfarandi er beint úr álit Skipulagsstofnunar:
„Skipulagsstofnun bendir á að dæmi eru um að eldissvæði vegna sjókvíaldis hafi verið svo þröngt afmörkuð og aðstæður þannig á botni að ekki hefur verið mögulegt að koma öllum festingum fyrir innan eldissvæða. Það þarf ekki að vera raunin hvað varðar fyrirhugað eldi í Seyðisfirði en vegna mikillar nálægðar við sæstrenginn er enn meira tilefni til að gætt sé að endanlegri staðsetningu kvíafestinga. Með hliðsjón af framangreindu telur Skipulagsstofnun þörf á að við leyfisveitingar verði tekið mið af helgunarsvæði sæstrengsins og afmörkun eldissvæða endurskoðuð ef þörf er á.“ Þetta er raunin í Seyðisfirði. Kvíastæðin eru allt of þröngt skilgreind og eiga þó eftir að þrengjast enn frekar þegar helgunarsvæðið er sett í rétta stærð.
5. Í umhverfismati ykkar segir: *„Fjörðurinn er þröngur og mikil nálægð er á milli reita í nýtingaflokkum staðbundin nýtingu, umhverfi og náttúra og siglingaleiðir, sem gæti skapað árekstra“*. Þessa árekstra má forðast með því að viðurkenna strax að pláss fyrir laxeldi í Seyðisfirði er ekki til staðar. Hvaða grín er t.d. litla svæðið í Selstaðavík? Það er ekki hægt að hafa neitt þarna þegar helgunarsvæðið verður komið í rétta stærð. Auk þess er nálægð svæðanna alltof lítil ef veirusýking kemur upp, eins og dæmin sanna.
6. Ferðaþjónusta , menningarstarfssemi og önnur atvinnustarfssemi, sem hefur verið byggð upp á Seyðisfirði á síðustu árum, er sett í hættu með valkosti B. Það kemur skýrt fram í athugasemdum Skipulagsstofnunar við laxeldisumsókn.
7. Meirihluti íbúa Seyðisfjarðar er andvígur laxeldi í firðinum, og vill hafa fjörðinn sinn í friði til að halda áfram atvinnuuppbyggingu í takt við það sem verið hefur. Fjörðurinn allur eins og hann afmarkast við hafnarvæðið, sem miðast að utan við línu milli Skálaness og Sléttaness, er allur undir í þeirri uppbyggingu.
8. Haft var sambandi við Farice til að fá upplýsingar um sæstrenginn og réttindi hans. Í símtali lögðu þeir áherslu á að engin afsláttur yrði gefinn af helgunarsvæði strengsins. Auk þess þyrftu þeir sitt athafnasvæði til viðgerða ef eitthvað kemur fyrir strenginn. Sendar voru spurningar til Farice um strenginn vegna laxeldisumsóknar og við fengum þetta svar:

a. *„Sæll Magnús og takk fyrir samtalið um daginn og erindið.“*

Farice sendi til Skipulagsstofnunar umsögn um málið í desember 2020 þar sem við förum yfir hvaða lög gilda til varna á sæstrengjum. Síðan höfum við ekkert heyrt og veit ekki í hvaða ferli málið er. Ekki má varpa akkerum eða vera með botnfestingar

fjórðungs sjómílu frá strengnum FARICE-1 og ekki er hægt að gefa neinn afslátt af þeirri kvöð. Á Íslandi eru ekki notaðar enskar mílur heldur sjómílur á hafi og því ljóst í okkar huga að helgunarsvæðið sé 463 metrar sitt hvoru megin við strenginn. Þannig er helgunarsvæðið alls 926 metrar á breidd. Ekki er hægt að segja það sama um gamla strenginn frá 1906 enda er hann löngu farinn úr notkun. Ekki verður séð að hann hafi sérstakt verndargildi sem fornminjar.

Síðan er hægt að hafa áhyggjur af aukningu á skipa- og pramma umferð nærri strengjunum eins og þú bendir réttilega á. Mér finnst því rétt að í ferlinu verði svarað hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að prammar sem þjónusta kvíarnar geti fyrir mistök eða vegna t.d. veðurfarslegar aðstæðna rekið inn á helgunarsvæði strengsins og valdið strengnum tjóni.

Hafa þarf í huga að almenn skipaumferð er heimil í Seyðisfirði með sambærilega áhættu varðandi mistök og tilgreint hér að ofan og því eitthvað sem er eðlislæg áhætta í rekstri á FARICE-1 eins og öðrum fjarskiptasæstrengjum.

*Með kveðju,
Þorvarður“*

9. Með allt þetta í huga spyrjum við: Fyrir hverja er þessi skipulagsvinna unnin? Í umhverfismatinu ykkar er þetta:

„Leyfi til fiskeldis og umsóknir um leyfi til fiskeldis eru innan reita í nýtingarflokknum staðbundin nýting“

Við lestur skipulagstillögunnar og annarra gagna er ljóst að „Staðbundin nýting“ vísar eingöngu til fiskeldis. Aldrei er minnst á neina aðra nýtingu. Það á að vinna svona skipulag með heilum hug með tilliti til allra en ekki út frá þörfum einstakra umsóknaraðila eða fyrirtækja. Strandsvæðaskipulag er ábyrgðarhlutur. Og þegar kortið er skoðað sést að reynt er að troða fiskeldi inn í hverja smugu í öllum fjörðum, þó lítið sé plássíð víða og ekkert í Seyðisfirði eins og við höfum rökstutt. Það er í raun nóg að skoða kortið ykkar til að komast að þeirri niðurstöðu, þó það sé rangt. Það vantar 122 m uppá helgunarsvæði Farice-1. Það er reyndar eins og Austfirðir séu komnir með Apabóluna þegar kortið er skoðað í heild.

Við gagnrýnum harðlega að hér sé verið að leggja ófullkomin gögn fram til kynningar og þykir súrt að enn sé reynt að ganga gegn vilja meirihluta Seyðfirðinga og annarra sem eru á móti fiskeldi. Við köllum líka eftir rökstuðningi fyrir því að þið veljið valkost B en ekki A við áframhaldandi vinnu. Okkur sýnist á framlögðum gögnum ykkar að það sé kolröng ákvörðun.

Eftir skoðun á valkostagreiningu fyrir Seyðisfjörð í umhverfismati ykkar er niðurstaða okkar er þessi:

A leið.

Seyðfirðingar fá að vera áfram með þá sérstöðu, sem þeir hafa skapað sér á liðinum árum. Má þar nefna fjölbreytta ferðaþjónustu, Lunga hátíð og skóla sem eru vel þekkt víða um heim, Skálanesstrið, öflugt lista - mat- og menningarlíf og svo mætti lengi telja. Allt þetta heldur áfram að þróast og dafna með nýjum hugmyndum. T.d. bættar gönguleiðir innan og utan fjarðar og annað sem falleg náttúra Seyðisfjarðar býður uppá.

B leið.

Setur atvinnuuppbyggingu margra smárra aðila á síðustu árum í hættu og hindrar áframhaldandi þróun þeirra, en hyglar einum aðila á kostnað allra hinna. Gróðahyggja hinna stóru má ekki ráða.

Að lokum. A-leið er yfirleitt fyrsti kostur en menn hafa B-leið til vara.

A-leið er rétta leiðin fyrir Seyðisfjörð, því hvað sem öllu öðru líður fellir strengurinn og helgunarsvæði hans B-leiðina og hefur alltaf gert.

Við höfnum stríði þegar hægt er að hafa frið en berjumst áfram fyrir Seyðisfjörð ef á þarf að halda.

Með vinsemd og virðingu

Félagar Vá!





VITAFÉLAGIÐ
Íslensk strændmenning

Umsögn um strandsvæðaskipulag Vestfjarða og Austfjarða

Lestur skýrslu Skipulagsstofnunar frá 6. júlí 2022 um strandsvæðaskipulag Vestfjarða og Austfjarða vekur margar spurningar. Fræðimenn fjalla þar um mikilvægi margra þátta er varða atvinnusköpun, náttúruleif og verndun og er allt gott um það að segja. Það vekur hins vegar athygli að lítið er fjallað um neikvæða þætti er komið hafa fram í tengslum við rekstur fiskeldis í sjó á Vestfjörðum og Austfjörðum. Kemur fyrst í hugann grein eftir Jón Kaldal í Fréttablaðinu 5. ágúst 2021, bls. 10 um að Matvælastofnun hafi birt á vef sínum tölur fyrir afföll í sjókvíaeldi fyrstu sex mánuði ársins. Tölurnar eru ógnvænlegar. Frá janúar til júní drápust rúmlega 1,3 milljónir eldislaxa. Það eru 17 sinnum fleiri laxar en samanlagður fjöldi villta íslenska laxastofnsins. Þessi skelfilegi dauði er þó ekki það eina sem plagar þennan iðnað því um helmingur eldislaxa í sjókvíunum er ýmist vanskapaður, nær ekki fullum þroska vegna streitu eða er heyrnarlaus. Sjókvíaeldi á laxi hefur líka í för með sér hörmungar og dauða utan netapokanna. Sníkjudýr og sjúkdómar streyma óhindrað í gegnum netamöskvana með ömurlegum afleiðingum. Botndýralíf þurrkast út undir kvíunum því þar safnast þykkt lag af úrgangi og rotnandi fóðri. Í þessu setlagi safnast svo upp leifar af lyfjum og eitri sem notað er við framleiðsluna og í sumum tilfellum líka kopar sem fyrirtækin nota til að húða netmöskvana sem ásetuvörn gagnvart gróðri og skeldýrum. Kopar eyðist ekki af sjálfu sér í náttúrunni heldur hleðst upp í umhverfinu með miklum skaða fyrir lífríkið. Hér við land hafa bæði Arnarlax og Arctic Sea Farm orðið uppvís að því að nota koparhúðuð net í sjókvíum þrátt fyrir að það sé brot á starfsleyfi þeirra. Erfðablöndun við sleppifisk úr eldi er svo sérlega hættuleg villtum laxi sem hefur aðlagast umhverfi sínu og aðstæðum með mörg þúsund ára náttúruvali. DNA úr eldisdýri getur kollvarpað þeirri þróunarsögu og þar með getu villta laxins til að lifa af í heimi sem er þegar orðinn honum fjandsamlegur vegna loftslagsbreytinga.

Jón Kaldal segir svo í grein í Fréttablaðinu 13. mars 2022, bls. 8: Eldislax á að stóru leyti ömurlegt líf í sjókvíunum. Um og yfir 20 prósent eldisdýranna þola ekki þá vist sem þeim er búin og drepast ýmist vegna lúsasmits eða vetrarsára. Þetta er óásættanleg aðferð við matvælaframleiðslu. Það er mikilvægt fyrir neytendur að geta sniðgengið þessa vöru og sent framleiðendum hennar þannig skýr skilaboð.

Í Kjarnanum 1. desember 2021 er grein eftir Arnar Þór Ingólfsson. Þar segir að Matvælastofnun hafi fengið sendar undirskriftir um 50 íbúa á Stöðvarfirði sem mótmæla því að Fiskeldi Austfjarða fái útgefið rekstrarleyfi fyrir 7000 tonna laxeldi í firðinum. Íbúar séu efins um að mörg störf verði til á Stöðvarfirði vegna eldisins.

Í Morgunblaðinu þann 18. júlí 2022-Fiskeldi er grein eftir Tómas Arnar Þorláksson um að íbúar Seyðisfjarðar og gestir listahátíðarinnar Lunga hafi mótmælt fyrirhuguðu sjókvíaelði þar. Fiskeldi í firðinum geti komið til með að ógna bæði Farice-1 sæstrengnum sem liggur úr Seyðisfirði og siglingaleiðum skipa um fjörðinn.

Á Norðurlöndum er reynsla af fiskeldi orðin áratuga gömul og mótmæli gegn fiskeldi verða þar stöðugt háværari. Það sem í fyrstu virtist saklaus atvinnugrein er í raun mjög mengandi á allt lífríki sjávar, hamlar fólki í að stunda aðra atvinnu sem byggir á veiði, sjósókn svo sem skemmtisiglingum á litlum bátum og skútum.

Því hafa mótmæli íbúa, sérstaklega þeirra sem búa við strendur landanna orðið sífelld háværari.

Þurfum við að gera sömu mistökin?

Ónefnt er einnig mikil sjónmengun bæði frá sjó og landi sem er af sjókvíum.

Þær greinar sem vitnað er í í þessari umsögn Vitafélagsins-Íslensk strandmenning til segja hug félagsmanna til fiskeldis í sjó.

Fyrir hönd Vitafélagsins- Íslensk strandmenning

Gunnhildur Hrólfsdóttir, ritari



Skipulagsstofnun,
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Efni:

Sjónarmið Æðarræktarfélags Íslands vegna strandsvæðaskipulags fyrir Austfirði og Vestfirði

Á aðalfundum Æðarræktarfélags Íslands undanfarin ár hafa félagsmenn lýst áhyggjum sínum af mögulegum áhrifum nýtingar strandsvæða, þ. á m. til sjókvíaeldis, kalkþörungavinnslu og þangskurðar, á vöxt og viðgang stofns æðarfugls við Ísland. Telur félagið að það sé grundvallarforsenda fyrir veitingu leyfa til nýtingar strandsvæða að viðunandi rannsóknir liggi fyrir á núverandi ástandi á vistkerfi æðarfugls og brýn nauðsyn sé á vöktun á áhrifum núverandi starfsemi og þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er.

Æðarrækt er stunduð á hátt á 400 jörðum við strendur landsins og er æðarvarp umfangsmikið á Vestfjörðum og Austfjörðum. Æðarræktarfélagið hefur í samvinnu við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins unnið að uppfærðu gagnvirku korti af öllum æðarvörpum landsins. Kortið er tilbúið og aðgengilegt á eftirfarandi vefslóð:

<https://www.map.is/aedur/>

Æðarfugl er ein af þeim fuglategundum sem teljast til ábyrgðartegunda Íslendinga. Æðarfugl er á Evrópuváklista og er flokkaður í nokkurri hættu á heimslista (VU), en síðast þegar Æðarræktarfélag Íslands sendi umsögn um strandsvæðaskipulag Vestfjarða og Austfjarða var æðarfugl aðeins skilgreindur í yfirvofandi hættu á heimslista. Samkvæmt heimildum er vetrarstofn við Ísland metinn um 800 þúsund fuglar og eru það að langmestu leyti íslenskir varpfuglar. Í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar er samfelld aukning æðarfugla (um 150%) frá því um 1960 til aldamóta en eftir það er snörp fækkun. Á viðmiðunartíma fyrir válistamat (1987 – 2014) bendir vetrarvísitala til um 33% fækkunar æðarfugls hér við land eða 1,48 % á ári.

Æðarræktarfélag Íslands leggur áherslu á eftirfarandi sjónarmið varðandi þá efnispætti sem nefndir eru í forsendum fyrir mótun strandsvæðaskipulags:

1. Umfang æðarvarps

Mikilvægt er að hafa í huga að æðarfugl heldur sig árið um kring innan strandsvæðis landsins eins og það er skilgreint í lögum nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða. Við skipulag þarf að taka tillit til allra þeirra svæða þar sem æðarfugl heldur sig. Á vef Náttúrufræðistofnunar segir að þrenns konar mikilvæg svæði komi til álita fyrir æðarfugl, þ.e. varpsvæði, vetrarstöðvar og fjaðrafellistöðvar og skarist flest þeirra. Auk þess geti æðarfuglar hópast tímabundið á sömu staði ár eftir ár þar sem gnótt er fæðu, jafnvel tugþúsundum saman.þ.e. bæði vetrarstöðva og þar sem hann er nýttur til hlunninda í sjálfum æðarvörpunum.

Það er því þýðingarmikið að strandsvæðaskipulag greini í fyrsta lagi öll þau svæði þar sem fuglinn heldur sig og þau kortlögð. Í öðru lagi að þar séu kortlögð ekki einungis friðlýst æðarvörp og þau æðarvörp sem sérstaklega eru skráð sem hlunnindi jarða samkvæmt fasteignaskrá heldur öll æðarvörp. Eins og fyrr segir þá hefur Æðarræktarfélag Íslands unnið að gagnagrunni um öll æðarvörp landsins í samvinnu við RML. Grundvallarforsenda er að æðarfuglinn njóti verndar þar sem hann heldur sig hverju sinni á strandsvæðinu og því þarf að kortleggja svæðið með tilliti til þess.

2. Rannsóknir á búsvæðum æðarfugls

Grundvallarforsendur fyrir strandsvæðaskipulagi er þekking á lífsháttum æðarfugls og ástandi vistkerfis sem hann lifir í. Eins og tekið er fram í lýsingu fyrir strandsvæðaskipulagið er m.a. tilgangurinn með því að afla upplýsinga um núverandi stöðu á svæðunum. Rannsóknirnar eru enn þýðingarmeiri í ljósi þeirrar umtalsverðu fækkunar sem hefur orðið í stofni Æðarfuglsins, ekki einungis á heimsvísu heldur einnig hér við land þar sem fuglinn hefur notið mestrar lagalegrar verndar. Það má benda á að talið er að stofn æðarfugls við strendur Noregs hefur dregist saman um 80% á síðustu 40 árum. Hvað veldur er erfitt að segja til um þar sem skortur er á rannsóknum til að byggja á.

3. Starfsemi sem hefur áhrif á búsvæði æðarfugls

Strandsvæðisskipulag leggur grunn að leyfisveitingum fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á því svæði sem skipulagið tekur til. Starfsemi á búsvæðum æðarfugls getur haft áhrif á vöxt og viðgang æðarfuglsins. Til þess að hægt sé að meta hvort og/eða að hvaða marki slík áhrif séu fyrir hendi þá þurfa að liggja fyrir rannsóknir á núverandi stöðu búsvæðisins. Það er þó ljóst að á nokkrum svæðum er starfsemi nú þegar hafin á viðkvæmum svæðum án þess að nokkuð slíkt mat liggja fyrir. Æðarræktarfélag Íslands hefur ályktað sérstaklega um möguleg áhrif sjókvíaldis

sem og nýtingar sjávargróðurs.¹ Í ályktunum félagsins er talið að brýn nauðsyn sé á því að rannsaka og vakta áhrif sjókvíældisstöðva og stækkunar þeirra á lífríki sjávar (t.d. sem leiðir af notkun lyfja/eiturefna í kvíum og setmyndunar vegna úrgangs) og þar með beina og óbeina hættu fyrir vöxt og viðkomu æðarfugls. Sama gildir um vinnslu sjávargróðurs, t.d. þangskurð, en í sjávargróðrinum finnur æðarfuglinn æti og skjól. Jafnframt má sem dæmi nefna möguleg áhrif kalkþörungavinnslu, olíumengunar og öflunar sjávarfangs á grunnslóðum, t.d. hrognkelsaveiðar.

Það þarf að fara hægt í að leyfa frekari starfsemi á búsvæðum æðarfugls fyrr en ástand strandsvæða hefur verið metið og þar með lagðar forsendur fyrir því hvaða starfsemi samræmist verndarhagsmunum.

Benda má á þá staðreynd að engar frekari rannsóknir hafa verið gerðar á því lífríki sem Æðarfuglinn er hluti af og reiðir sig á til lífsbjargar frá því að Æðarræktarfélag Íslands sendi síðast inn umsögn um strandsvæðaskipulag Vestfjarða og Austfjarða árið 2020 og benti á brýna nauðsyn þess. Með frekari rannsóknum væri hægt að nýta þær niðurstöður til viðmiðunar um hvort og þá hvaða áhrif einstakir þættir skipulagsins hefðu á stofn Æðarfugls við Íslandsstrendur.

Það er sérstaklega mikilvægt að stuðla að sem mestri vernd Æðarfuglsins við Íslandsstrendur þar sem hann er nú þegar kominn í nokkra hættu á heimsvísu.

15. september 2022.


f.h. stjórnar Æðarræktarfélags Íslands,
Magnús Helgi Jónasson, stjórnarmaður

www.icelandeider.is
info@icelandeider.is

¹ Í þessu sambandi má benda á skýrslu NINA (Norsk institutt for naturforskning) sem ber heitið *Effekter av forstyrrelser på fugl og paddedyr fra akvakulturanlegg i sjø – en litteraturlstudie* frá 2015. www.nina.no Í skýrslunni er bent á skort á rannsóknum á áhrifum sjókvíældis á fugla og dýr í Noregi.


D) Aðrir hagsmunaaðilar

4. LANDEIGENDUR



D) Aðrir hagsmunaaðilar

5. EINSTAKLINGAR



Athugasemd frá Hafskipulagi

Til : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>
Frá : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>
Heiti : Athugasemd frá Hafskipulagi
Málsnúmer : 201902031
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 15.09.2022 11:36:26
Höfundur : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>

Nafn: Anna Berg Samúelsdóttir, Netfang: annabergsam@gmail.com

Skjal sem gert er athugasemd við: athugasemd við tillögu um Strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði

Fyrirspurn:

Til Svæðisráðs Austfjarða og Skipulagsstofnunar

Ég vil byrja á því að lýsa undrun minni á að Svæðisráð hafi leyft sér að vinna Strandsvæðaskipulagið með ranga mælieiningu hvað varðar helgunarsvæði sæstrengja. Tel ég að þar eigi að nota sjómílu en ekki landmílu, það hefðu öll átt að vita. Nú hafa misktökin verið viðurkennd. Þetta breytir allri heildarmyndinni. Það er ljóst að öll þrjú nýtingarsvæðin í Seyðisfirði lenda yfir helgunarsvæði Farice-1 strengsins en innan þess mega engar akkerisfestingar vera.

Nú spyr ég, fer ekki tillagan, eftir þær miklu breytingar er varða helgunarsvæðin, aftur í kynningu og umsagnarferli?

Í Selsstaðavík eru tvær neðansjávarskriður merktar á korti og fyrir ofan hana er Brimnesfjallið, sem er eitt mesta og versta snjóflóðasvæði í firðinum. Þetta er alvarlegt mál í ljósi þess að snjóflóð og aurskriður hafa verið á síðustu hundrað árum nokkuð tíð í firðinum.

Ég ætla að byrja á því að lýsa undrun minni á að Svæðisráð hafi leyft sér að vinna Strandsvæðaskipulagið með ranga mælieiningu hvað varðar helgunarsvæði sæstrengja. Þar á að nota sjómílu en ekki landmílu, það áttu allir að vita. Nú hafa mistökkin verið viðurkennd. Þetta breytir heildarmyndinni allri. Það er alla vega ljóst að öll þrjú nýtingarsvæðin í Seyðisfirði lenda yfir helgunarsvæði Farice-1 strengsins en innan þess mega engar akkerisfestingar vera.

Þá spyr ég, fer ekki tillagan eftir þær miklu breytingar, sem varða á helgunarsvæðinu, aftur í kynningu og umsagnarferli?

Í Selsstaðavík eru tvær neðansjávarkriður merktar á korti og fyrir ofan hana er Brimnesfjallið, sem er eitt mesta og versta snjóflóðasvæði í firðinum.

Í Selsstaðavík gerir Svæðisráðið ráð fyrir sjókvíaeldi, sem er matvælaeiðnaður, og þar með atvinnustarfssemi, sem má ekki vera á C-svæði ofanflóða skv. vísindafólki Veðurstofunnar.

Hvað er Svæðisráðið að hugsa þarna? Slysaslepping verður mikil ef snjóflóð falla í sjó fram. Engar eldiskvíar standast þessar náttúruhamfarir. Hvað ætlar Svæðisráðið að gera í þessum mistökum sínum, að setja matvælaeiðnað á C-svæði?

Siglingaleiðin um hafnarsvæði Seyðisfjarðar, sem nær frá Skálanesbjargi að sunnanverðu að Sléttanesi utan Brimness að norðanverðu, er þröng. Seyðisfjarðarhöfn er grunnnetshöfn og ferjuhöfn til nær 50 ára. Skv. samgönguáætlun ber að vernda og tryggja greiða og örugga siglingaleið um grunnnetshafnir landsins, eins og aðrar grunnnetssamgöngur landsins, flugvelli og vegi. Í skipulagstillögu ykkar segir: „Valkostur B getur dregið úr greiðfærni og öryggi siglingaleiða“.

Ég vil mótmæla því að Svæðisráðið leyfi sér að setja fram tillögu, sem getur dregið úr öryggi siglingaleiða. Ég vil mótmæla því að áhættumat siglinga liggja ekki fyrir og eigi ekki að fara í kynningarferli.

Ég vil benda á og mótmæla að nýtingarsvæði séu sett inn í ljósgeira vita og brjóta þar með vita- og siglingalög.

Í Skálanesi er menningar- og fræðslusetur til áratuga.

Ég ætla að leyfa mér að mótmæla því að Svæðisráð gangi svo mjög nærri náttúrunni í Skálanesbót eins og gert er í tillögu ykkar. Þar hefur græna svæðið verið þurrkað út. Þar er stórbrotið náttúrusvæði, sem ætti að friða í heild sinni, krúvarp, æðarvarp, uppeldisstaður æðarfugls úr Loðmundarfirði og uppeldissvæði fiska.

Lítið samráð hefur verið við smábátasjómenn, sem eiga hefðbundin fiskmið í Skálanesbót og Skálanesbjargi. Lítið sem ekkert samráð hefur verið við landeigendur.

Svæðisráð tekur lítið tillit til íbúalýðræðis. Það er lítils virt.

Sjókvíaeldi mun hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustu í Seyðisfirði, eins og Skipulagsstofnun hefur bent á. Mér finnst Strandsvæðaskipulagið í mótsögn við álit Skipulagsstofnunar á fyrirliggjandi umsókn um sjókvíaeldi, sem lagt er til grundvallar við vinnslu skipulagsins. Það á ekki að vinna Strandsvæðaskipulag út frá hagsmunum eins fyrirtækis.

Lokaspurningin er: Afhverju er valkostur B valinn í Seyðisfirði? Hver eru rök ykkar fyrir því? Ég læt þessa upptalningu duga en margt fleira mætti tína til og setja út á.

Ég óska eftir svari frá ykkur öllum við spurningum mínum.

Bestu kveðjur,
Kári Kolbeinsson
150180-4229

Athugasemd v tillögu að strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði

Til : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>
Frá : Kolbeinn Agnarsson <kobbirot@gmail.com>
Heiti : Athugasemd v tillögu að strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði
Málsnúmer : 201902031
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 15.09.2022 12:52:05
Höfundur : Kolbeinn Agnarsson <kobbirot@gmail.com>

----- Forwarded message -----

----- Forwarded message -----

Sæl verið þið Svæðisráð Austfjarða og starfsmenn Skipulagsstofnunar

Ég ætla að byrja á því að lýsa undrun minni á að Svæðisráð hafi leyft sér að vinna Strandsvæðaskipulagið með ranga mælieiningu hvað varðar helgunarsvæði sæstrengja. Þar á að nota sjómílu en ekki landmílu, það áttu allir að vita. Nú hafa mistökkin verið viðurkennd. Þetta breytir heildarmyndinni allri. Það er alla vega ljóst að öll þrjú nýtingarsvæðin í Seyðisfirði lenda yfir helgunarsvæði Farice-1 strengsins en innan þess mega engar akkerisfestingar vera.

Þá spyr ég, fer ekki tillagan eftir þær miklu breytingar, sem varða á helgunarsvæðinu, aftur í kynningu og umsagnarferli?

Í Selsstaðavík eru tvær neðansjávarkriður merktar á korti og fyrir ofan hana er Brimnesfjallið, sem er eitt mesta og versta snjóflóðasvæði í firðinum.

Í Selsstaðavík gerir Svæðisráðið ráð fyrir sjókvíaelði, sem er matvælaiðnaður, og þar með atvinnustarfssemi, sem má ekki vera á C-svæði ofanflóða skv. vísindafólki Veðurstofunnar.

Hvað er Svæðisráðið að hugsa þarna? Slysaslepping verður mikil ef snjóflóð falla í sjó fram. Engar eldiskvíar standast þessar náttúruhamfarir. Hvað ætlar Svæðisráðið að gera í þessum mistökum sínum, að setja matvælaiðnað á C-svæði?

Siglingaleiðin um hafnarsvæði Seyðisfjarðar, sem nær frá Skálanesbjargi að sunnanverðu að Sléttanesi utan Brimness að norðanverðu, er þröng. Seyðisfjarðarhöfn er grunnetshöfn og ferjuhöfn til nær 50 ára. Skv. samgönguáætlun ber að vernda og tryggja greiða og örugga siglingaleið um grunnetshafnir landsins, eins og aðrar grunnetssamgöngur landsins, flugvelli og vegi. Í skipulagstillögu ykkar segir: „Valkostur B getur dregið úr greiðfærni og öryggi siglingaleiða“.

Ég vil mótmæla því að Svæðisráðið leyfi sér að setja fram tillögu, sem getur dregið úr öryggi siglingaleiða. Ég vil mótmæla því að áhættumat siglinga liggi ekki fyrir og eigi ekki að fara í kynningarferli.

Ég vil benda á og mótmæla að nýtingarsvæði séu sett inn í ljósgeira vita og brjóta þar með vita- og siglingalög.

Í Skálanesi er menningar- og fræðslusetur til áratuga.

Ég ætla að leyfa mér að mótmæla því að Svæðisráð gangi svo mjög nærri náttúrunni í Skálanesbót eins og gert er í tillögu ykkar. Þar hefur græna svæðið verið þurrkað út. Þar er stórbrotið náttúrusvæði, sem ætti að friða í heild sinni, kríuvarp, æðarvarp, uppeldisstaður æðarfugls úr Loðmundarfirði og uppeldissvæði fiska.

Lítið samráð hefur verið við smábátasjómenn, sem eiga hefðbundin fiskmið í Skálanesbót og Skálanesbjargi.

Lítið sem ekkert samráð hefur verið við landeigendur.

Svæðisráð tekur lítið tillit til íbúalýðræðis. Það er lítils virt.

Sjókvíaeldi mun hafa neikvæð áhrif á ferðapjónustu í Seyðisfirði, eins og Skipulagsstofnun hefur bent á. Mér finnst Strandsvæðaskipulagið í mótsögn við álit Skipulagsstofnunar á fyrirliggjandi umsókn um sjókvíaeldi, sem lagt er til grundvallar við vinnslu skipulagsins. Það á ekki að vinna Strandsvæðaskipulag út frá hagsmunum eins fyrirtækis.

Lokaspurningin er: Afhverju er valkostur B valinn í Seyðisfirði? Hver eru rök ykkar fyrir því? Ég læt þessa upptalningu duga en margt fleira mætti tína til og setja út á.

Ég óska eftir svari frá ykkur öllum við spurningum mínum.

Bestu kv Kolbeinn Agnarsson

Kt 180751 3519

Athugasemd frá Hafskipulagi

Til : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>
Frá : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>
Heiti : Athugasemd frá Hafskipulagi
Málsnúmer : 201902032
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 15.07.2022 11:30:20
Höfundur : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>

Nafn: Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir, Netfang: krissa999@gmail.com

Skjal sem gert er athugasemd við:

Fyrirspurn:

Á virkilega að leyfa öðrum þjóðum að eyðileggja íslenska firði/náttúru með úreltri framleiðslu eins og sjókvíaeldi?

Það fer ekki framhjá neinum að Kanada, Noregur og fleiri eru búin að fordæma sjókvíaeldi en með því að samþykkja þessa starfsemi í íslenskum fjörðum þá eru Íslendingar hafðir að brandara eða dyramottu.

Ég er frá Súðavík og keyri árlega um Djúpið og þetta er hörmuleg þróun ef verður að veruleika. Þetta á einnig við um Austfirðina. Ekki gera Ísland að sorpgeymslu og vá fyrir íslenska náttúru.

Sent af vef hafskipulags - www.hafskipulag.is

Athugasemd frá Hafskipulagi

Til : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>
Frá : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>
Heiti : Athugasemd frá Hafskipulagi
Málsnúmer : 201902031
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 15.09.2022 09:44:20
Höfundur : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>

Nafn: Kristín Nanna Vilhelmsdóttir, Netfang: krnanna@gmail.com

Skjal sem gert er athugasemd við: Tillaga um strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði

Fyrirspurn:

Gott fólk ! Á morgun 15.september rennur

Góðan dag Svæðisráð Austfjarða og starfsmenn Skipulagsstofnunar

Ég ætla að byrja á því að lýsa undrun minni á að Svæðisráð hafi leyft sér að vinna Strandsvæðaskipulagið með ranga mælieiningu hvað varðar helgunarsvæði sæstrengja. Þar á að nota sjómílu en ekki landmílu, það áttu allir að vita. Nú hafa mistökkin verið viðurkennd. Þetta breytir heildarmyndinni allri. Það er alla vega ljóst að öll þrjú nýtingarsvæðin í Seyðisfirði lenda yfir helgunarsvæði Farice-1 strengsins en innan þess mega engar akkerisfestingar vera.

Þá spyr ég, fer ekki tillagan eftir þær miklu breytingar, sem varða á helgunarsvæðinu, aftur í kynningu og umsagnarferli?

Í Selsstaðavík eru tvær neðansjárskriður merktar á korti og fyrir ofan hana er Brimnesfjallið, sem er eitt mesta og versta snjóflóðasvæði í firðinum.

Í Selsstaðavík gerir Svæðisráðið ráð fyrir sjókvíaelði, sem er matvælaíðnaður, og þar með atvinnustarfssemi, sem má ekki vera á C-svæði ofanflóða skv. vísindafólki Væðurstofunnar.

Hvað er Svæðisráðið að hugsa þarna? Slysaslepping verður mikil ef snjóflóð falla í sjó fram. Engar eldiskvíar standast þessar náttúruhamfarir.

Hvað ætlar Svæðisráðið að gera í þessum mistökum sínum, að setja matvælaíðnað á C-svæði?

Siglingaleiðin um hafnarsvæði Seyðisfjarðar, sem nær frá Skálanesbjargi að sunnanverðu að Sléttanesi utan Brimness að norðanverðu, er þröng. Seyðisfjarðarhöfn er grunnetshöfn og ferjuhöfn til nær 50 ára. Skv. samgönguáætlun ber að vernda og tryggja greiða og örugga siglingaleið um grunnetshafnir landsins, eins og aðrar grunnetssamgöngur landsins, flugvelli og vegi.

Í skipulagstillögu ykkar segir: „Valkostur B getur dregið úr greiðfærni og öryggi siglingaleiða“.

Ég vil mótmæla því að Svæðisráðið leyfi sér að setja fram tillögu, sem getur dregið úr öryggi siglingaleiða. Ég vil mótmæla því að áhættumat siglinga liggi ekki fyrir og eigi ekki að fara í kynningarferli.

Ég vil benda á og mótmæla að nýtingarsvæði séu sett inn í ljósgeira vita og brjóta þar með vita- og siglingalög.

Í Skálanesi er náttúru- menningar- og fræðslusetur til áratuga.

Ég ætla að leyfa mér að mótmæla því að Svæðisráð gangi svo mjög nærri náttúrunni í Skálanesbót eins og gert er í tillögu ykkar. Þar hefur græna svæðið verið þurrkað út. Þar er stórbrotið náttúrusvæði, sem ætti að friða í heild sinni, kríuvarp, æðarvarp, uppeldisstaður æðarfugls úr Loðmundarfirði og uppeldissvæði fiska.

Lítið samráð hefur verið við smábátasjómenn, sem eiga hefðbundin fiskmið í Skálanesbót og Skálanesbjargi.

Lítið sem ekkert samráð hefur verið við landeigendur.

Svæðisráð tekur lítið tillit til íbúalýðræðis.

Grunngildi lýðræðissamfélagsins eru ekki virt og eigna- og hefðarréttur landeigenda fótum troðinn.

Sjókvíaelði mun hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustu í Seyðisfirði, eins og Skipulagsstofnun hefur bent á. Mér finnst Strandsvæðaskipulagið í mótsögn við álit Skipulagsstofnunar á fyrirliggjandi umsókn um sjókvíaelði, sem lagt er til grundvallar við vinnslu skipulagsins. Það á ekki að

vinna Strandsvæðaskipulag út frá hagsmunum eins fyrirtækis.

Lokaspurningin er: Afhverju er valkostur B valinn í Seyðisfirði? Hver eru rök ykkar fyrir því? Ég læt þessa upptalningu duga en margt fleira mætti tína til og setja út á.

Ég óska eftir skriflegu svari frá ykkur öllum við spurningum mínum.

Mbk,
Kr. Nanna Vilhelmsdóttir

Sent af vef hafskipulags - www.hafskipulag.is

Athugasemd frá Hafskipulagi

Til : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>
Frá : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>
Heiti : Athugasemd frá Hafskipulagi
Málsnúmer : 201902032
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 14.09.2022 19:45:03
Höfundur : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>

Nafn: Kristján Ingólfsson, Netfang: kiddi.ingolfs@gmail.com

Skjal sem gert er athugasemd við:

Fyrirspurn:

Þar sem laxeldi í sjó er hryllingur og ekki séð fyrir endanum á þessu finnst mér að náttúran eigi að njóta vafans.

Sent af vef hafskipulags - www.hafskipulag.is

Athugasemd frá Hafskipulagi

Til : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>
Frá : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>
Heiti : Athugasemd frá Hafskipulagi
Málsnúmer : 201902032
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 02.08.2022 04:23:19
Höfundur : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>

Nafn: Kull, Netfang: jasmina.kull@swissonline.ch

Skjal sem gert er athugasemd við:

Fyrirspurn:

Please don't do this. Nature is the most imported thing on thing in our world. Please don't destroy that.

Sent af vef hafskipulags - www.hafskipulag.is

Athugasemd v tillögu að strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði

Til : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>
Frá : Ljósbrá Guðmundsdóttir <ljosbra51@gmail.com>
Heiti : Athugasemd v tillögu að strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði
Málsnúmer : 201902031
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 15.09.2022 13:20:21
Höfundur : Ljósbrá Guðmundsdóttir <ljosbra51@gmail.com>

----- Áframsent skeyti -----

----- Forwarded message -----

----- Forwarded message -----

Sæl verið þið Svæðisráð Austfjarða og starfsmenn Skipulagsstofnunar

Ég ætla að byrja á því að lýsa undrun minni á að Svæðisráð hafi leyft sér að vinna Strandsvæðaskipulagið með ranga mælieiningu hvað varðar helgunarsvæði sæstrengja. Þar á að nota sjómílu en ekki landmílu, það áttu allir að vita. Nú hafa mistökin verið viðurkennd. Þetta breytir heildarmyndinni allri. Það er alla vega ljóst að öll þrjú nýtingarsvæðin í Seyðisfirði lenda yfir helgunarsvæði Farice-1 strengsins en innan þess mega engar akkerisfestingar vera.

Þá spyr ég, fer ekki tillagan eftir þær miklu breytingar, sem varða á helgunarsvæðinu, aftur í kynningu og umsagnarferli?

Í Selsstaðavík eru tvær neðansjávarkriður merktar á korti og fyrir ofan hana er Brimnesfjallið, sem er eitt mesta og versta snjóflóðasvæði í firðinum.

Í Selsstaðavík gerir Svæðisráðið ráð fyrir sjókvíaelði, sem er matvælaiðnaður, og þar með atvinnustarfssemi, sem má ekki vera á C-svæði ofanflóða skv. vísindafólki Veðurstofunnar.

Hvað er Svæðisráðið að hugsa þarna? Slyaslepping verður mikil ef snjóflóð falla í sjó fram. Engar eldiskvíar standast þessar náttúruhamfarir. Hvað ætlar Svæðisráðið að gera í þessum mistökum sínum, að setja matvælaiðnað á C-svæði?

Siglingaleiðin um hafnarsvæði Seyðisfjarðar, sem nær frá Skálanesbjargi að sunnanverðu að Sléttanesi utan Brimness að norðanverðu, er þröng. Seyðisfjarðarhöfn er grunnnetshöfn og ferjuhöfn til nær 50 ára. Skv. samgönguáætlun ber að vernda og tryggja greiða og örugga siglingaleið um grunnnetshafnir landsins, eins og aðrar grunnnetssamgöngur landsins, flugvelli og vegi. Í skipulagstillögu

ykkar segir: „Valkostur B getur dregið úr greiðfærni og öryggi siglingaleiða“.

Ég vil mótmæla því að Svæðisráðið leyfi sér að setja fram tillögu, sem getur dregið úr öryggi siglingaleiða. Ég vil mótmæla því að áhættumat siglinga liggi ekki fyrir og eigi ekki að fara í kynningarferli.

Ég vil benda á og mótmæla að nýtingarsvæði séu sett inn í ljósgeira vita og brjóta þar með vita- og siglingalög.

Í Skálanesi er menningar- og fræðslusetur til áratuga.

Ég ætla að leyfa mér að mótmæla því að Svæðisráð gangi svo mjög nærri náttúrunni í Skálanesbót eins og gert er í tillögu ykkar. Þar hefur græna svæðið verið þurrkað út. Þar er stórbrotið náttúrusvæði, sem ætti að friða í heild sinni, kríuvarp, æðarvarp, uppeldisstaður æðarfugls úr Loðmundarfirði og uppeldissvæði fiska.

Lítið samráð hefur verið við smábátasjómenn, sem eiga hefðbundin fiskmið í Skálanesbót og Skálanesbjargi.

Lítið sem ekkert samráð hefur verið við landeigendur.

Svæðisráð tekur lítið tillit til íbúalýðræðis. Það er lítils virt.

Sjókvíaeldi mun hafa neikvæð áhrif á ferðapjónustu í Seyðisfirði, eins og Skipulagsstofnun hefur bent á.

Mér finnst Strandsvæðaskipulagið í mótsögn við álit Skipulagsstofnunar á fyrirliggjandi umsókn um sjókvíaeldi, sem lagt er til grundvallar við vinnslu skipulagsins. Það á ekki að vinna Strandsvæðaskipulag út frá hagsmunum eins fyrirtækis.

Lokaspurningin er: Afhverju er valkostur B valinn í Seyðisfirði? Hver eru rök ykkar fyrir því? Ég læt þessa upptalningu duga en margt fleira mætti tína til og setja út á.

Ég óska eftir svari frá ykkur öllum við spurningum mínum.

Bestu kveðjur,

Ljósbrá Guðmundsdóttir

240751 2329

Strandsvæðaskipulag Austurlands

Athugasemdir við tillögu Svæðisráðs

09.08.2022

1. Bréf til Svæðisráðs
2. Afrit af kvörtun til umboðsmanns
3. Afrit af bréfi til fjögurra ráðherra
 - a. Greinargerð Rúnars Laxdal Gunnarssonar skipstjóra
 - b. Afrit af athugasemd VÁ frá 28.júní 2022

Magnús Guðmundsson

Anna Dóra Árnadóttir

Sæl

Hjálagt er afrit af kvörtun sem VÁ sendi til Umboðsmanns Alþingis í vikunni, ásamt fleiri fylgigögnum. Við leggjum það fram ásamt þessu skjali, sem formlega athugasemd við tillögu að Strandsvæðaskipulagi Austfjarða.

Við höfum verið í sambandi við Hrafnkel Proppe og Magnús Jóhannesson eftir kynningarfund á Seyðisfirði 28.6. s.l. Hér er upptaka af hluta hans.

<https://www.youtube.com/watch?v=3er9vQqOnmY>.

Á þessum fundi fullyrtu þeir báðir að miða ætti helgunarsvæði Farice-1 við fjórðung úr landmílu, en hafa nú báðir staðfest það í pósti að helgunarsvæði Farice-1 strengsins verði leiðrétt og miðað við fjórðung úr sjómílu.

Við það munu allar forsendur breytast á nýtingarsvæðunum þrem í Seyðisfirði og á öðrum svæðum þar sem strengir liggja sjó.

Eftir kvörtun um lélegar upplýsingar á kortum skipulagstillögunnar(Engar málsetningar, enginn ljósgeisli frá Brimnesvita o.fl.) benti Hrafnkell okkur á að við gætum mælt hlutina sjálf í vefsíðunni og skoðað ljósgeislann á öðru korti. Allt þetta höfum við gert en það er fáránlegt að þurfa að grafa þessa hluti upp sjálf, þegar þetta á allt að liggja fyrir við kynningu.

Magnús segir líka:

„Sömuleiðis ef ákvæði skipulagsins kunna að stangast á við önnur lög mun það hafa áhrif á fyrirliggjandi tillögur“.

Bent hefur verið á að skipulagstillagan stangast á við siglingaöryggi grunnetshafna, vitalög, fjarskiptalög og lög um ofanflóð.

Skipulagstillagan mun því taka verulegum breytingum eftir endurskoðun og við teljum að eftir breytingarnar eigi skilyrðislaust að auglýsa og kynna skipulagið með áorðnum breytingum upp á nýtt. Bendum sérstaklega á að í núverandi tillögum vantar allt um siglingaöryggi, og ólíðandi ef ekki gefst tækifæri til að gera athugasemdir við áhrif þess á skipulagstillöguna. Hægt væri að nota eða styðjast við reglur Kystverket í Noregi eins og Skipulagsstofnun benti á í álitum um umsókn FA um sjókvíaeldi í Seyðisfirði. Og enn og aftur bendum við á að Seyðisfjarðarhöfn er grunnetshöfn og ferjuhöfn til tæpra 50 ára og nýtur siglingaverndar samkvæmt því.

Eins og við höfum bent á að ofan, hefur svæðisráðið ekki alltaf farið eftir álitum sérfræðinga við vinnu skipulagsins. Nægir þar að benda á vitleysuna með „fjórðung úr mílu“ og hversu alvarlegt það er hjá Svæðisráði að fara svona rangt með.

Þess vegna krefjumst við þess að allt skipulagið verði auglýst og endurkynnt eftir breytingar, því það mun augljóslega taka miklum breytingum, ekki síst ef fullt tillit er tekið til allra þeirra sem fyrir eru með fjölbreytta starfssemi í Seyðisfirði og að íbúalýðræði verði virt.

Við berum þá von í brjósti að svæðisráðið sjái sannleikann og taki skynsamlega á þessu máli. Annars verðum við að treysta á að Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra standi með innviðum landsins þegar þar að kemur. Hans er ábyrgðin.

Með vinsemd og virðingu

Magnús Guðmundsson
Anna Dóra Árnadóttir

Hrafnkell Proppe póstsamskipti:

Frá Magnúsi Guðmundssyni

Sæll Hrafnkell

Mig vantar betri útgáfu af þessum kortahluta úr tillögu um strandsvæðaskipulag á Austurlandi.

Þar vantar mig:

1. Allar stærðir (lengdir og breiddir) á reitum SN1, SN2 og SN3
2. Breidd á siglingaleið eins og hún er teiknuð á kortið
3. Beidd á helgunarsvæði Farice eins og það er teiknaður á kortið
4. Ljósgeirann frá Brimnesvita
5. Af hverju var græna svæðið úr umhverfisnatinu fellt út af þessu korti?

Magnús

Svar frá Hrafnkatti

Sæll Magnús,

Ég mun gera mitt besta til að svara þínum spurningum en Ester verður svo að bæta við þegar hún kemur úr sumarfríi.

Fyrst varðandi Farice1 strenginn. Við gerðum þau leiðu misstök að miða við landmílu í stað sjómílu. Að kynningartíma loknum verður það leiðrétt bæði í texta og við afmörkun LV reita á upprætti. Í einhverjum tilvikum mun það hafa áhrif á reiti fyrir staðbundna nýtingu, þannig að þeir skerðist. Annað varðandi Farice1 strenginn þá kemur skýrt fram í áliti Skipulagsstofnunar við umhverfismat framkvæmdarinnar, að helgunarsvæði strengsins er 463m til sitthvorrar handar og að brýnt sé að botnfestingar sjókvía verði ekki inn þess.

Þá að spurningunum:

1. *Allar stærðir (lengdir og breiddir) á reitum SN1, SN2 og SN3*
Í vefsíðunni er mælihnappur (beint undir Íslandsútlínunum uppi vinstra megin). Þú getur mælt allar þær fjarlægðir sem þér hugnast þar. Einnig er þar aðgerðarhnappur þar sem þú getur fengið uppgöfin hnit eða slegið inn hnit til að sjá hvar þau lenda á uppdrættinum. Hnappurinn er í dökkbláa borðanum efst til hægri (XYZ). Þú finnur vefsíðuna hér <https://luk.skipulag.is/portal/apps/experiencebuilder/experience/?id=3bd93fdc1ee24b1e9645f829d0d122ff&draft=true>
2. *Breidd á siglingaleið eins og hún er teiknuð á kortið*
Hér gildir sama svar og við 1. punkt. Siglingaleiðin er ekki öll í sömu breidd, mjókkar eftir því sem einnar dregur í fjörðinn.
3. *Beidd á helgunarsvæði Farice eins og það er teiknaður á kortið*
Hér gildir sama svar og við 1. punkt. Til frekari upplýsinga þá er á uppdrættinum breiddin skilgreind sem 402m til hvorrar handar frá strengnum. Eins og ég nefndi hér að ofan þá er það ekki rétt og verður lagfært í 463m til hvorrar handar.
4. *Ljósgeirann frá Brimnesvita*
Ljósgeirinn frá Brimnesvita er fenginn af kortasjá Landmælinga. Þú finnur hann hér <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=LHG>
5. *Af hverju var græna svæðið úr umhverfisnatinu fellt út af þessu korti?*

Gerir ráð fyrir að þú vísir hér til valkostagreiningar í viðauka umhverfisskýrslu (myndir á bls. 26). Líkt og kemur fram í umhverfisskýrslu þá voru valkostir settir fram nokkuð snemma í þeirri vinnu að móta tillögunni og voru þá teiknaðir í mjög grófum dráttum. Einnig kemur þar fram að þeir kostir sem voru valdir til áframhaldandi mótunar kunna að taka nokkrum breytingum. Við frekari mótun var horft til að ná betra samræmi í mörkun reita í flokknum umhverfi og náttúru sem leiddi til einhverra breytinga frá valkostagreiningu.

Vona að þetta verði þér að einhverju liði.

Bestu kveðjur,

Hrafnkell Ásólfur Proppé

Sviðsstjóri, svið stefnumótunar og miðlunar/Division Head, Strategy and Communications
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100

Hrafnkell.proppe@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Magnús Jóhannesson póstsamskipti:

Frá Magnúsi Guðmundssyni

Sæll Magnús Jóhannsson.

Sendum þér þennan póst sem formanns Svæðisráðs strandsvæðaskipulags Austfjarða.

Verða sömu röngu/ófullkomnu kort og gögn og voru kynnt á fundi á Seyðisfirði 28. júní s.l. kynnt á þessum fundi?

Verður ekki búið að leiðrétta:

Helgunarsvæði Farice-1 og áhrif þess á nýtingarreiti?

Taka tillit til þess að Seyðisfjarðarhöfn er grunnnetshöfn og ferjuhöfn til Evrópu, og siglingaleiðina að henni ber að vernda skv. siglingalögum?

Sýna áhrif ljósgeisla Brimnesvita á stærð nýtingarsvæða? Þetta er ekki á kortunum ykkar.

Sörlastaðavík er þröng og vitalög verða brotin þar.

Að sýna málsetningar á þeim nýtingarsvæðum sem þið leggið til?

Ætlið þið áfram að leggja til að sjókvíaelði verði á C svæði í Selstaðavík? Það kemur skýrt fram hjá Skipulagsstofnun í athugasemdum við umsókn FA að Selstaðavíkin stenst ekki viðmið um atvinnusvæði vegna snjóflóðahættu.

Við viljum gjarna fá svör við þessum spurningum sem fyrst frá þér/ykkur til að geta undirbúið okkur fyrir það hvort við þurfum áfram að berjast fyrir verndun siglingaleiðarinnar og fjarskiptamálum landsins.

Við sem almennir borgarar eigum ekki að þurfa að standa í þessu, vegna rangra ákvarðana stofnana ríkis og sveitarfélaga, því þetta er á endanum á ábyrgð innviðaráðherra.

Kveðja

Magnús Guðmundsson

Anna Dóra Árnadóttir

Svar frá Magnúsi Jóhannssyni

Sæl Magnús og Anna Dóra,

Takk fyrir tölvubréf ykkar dags. 28. júlí sl. Ég hef áframsent bréf ykkar á alla fulltrúa svæðisráðs um strandsvæðisskipulag á Austfjörðum. Ég mun ennfremur sjá til þess að athugasemdir og ábendingar sem fram koma í bréfi ykkar fái umfjöllun í svæðisráðinu eins og aðrar athugasemdir og ábendingar sem berast á kynningartímanum.

Á kynningarfundinum næstkomandi þriðjudag þann 9. ágúst verða kynntar tillögur svæðisráða að Strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði og Strandsvæðisskipulagi fyrir Vestfirði eins og þær voru samþykktar á síðasta fundi beggja svæðisráða og auglýstar m.a. á vefnum, í blöðum og í Lögbirting. Athugasemdafrestur er ekki liðinn og því hefur ekki verið tekin afstaða til þeirra athugasemda sem hafa þegar borist. Athugasemdafrestur er til 15. september og að honum liðnum mun svæðisráð taka afstöðu til allra athugasemda sem berast og gerir eftir atvikum breytingar á stefnu og uppdrætti. Það er ljóst að mistök urðu varðandi helgunarsvæði fjarskipta/rafmagnsstrengja við útfærslu skipulagsins og þykir svæðisráðinu það miður. Það verður að sjálfsögðu leiðrétt. Sömuleiðis ef ákvæði skipulagsins kunna að stangast á við önnur lög mun það hafa áhrif á fyrirliggjandi tillögur.

Með bestu kveðju

Magnús Jóhannesson

Kvörtun til umboðsmanns Alþingis

Upplýsingar um þann sem ber fram kvörtun

Fullt nafn	VÁ – Félag um vernd fjarðar		Kennitala	610121-1600	
Heimili	Hafnargata 10				
Póstnúmer	710	Sveitarfélag	Seyðisfjörður		
Tölvupóstur	va.felag@gmail.com	Sími (heima)	897-7163	Sími (vinna)	

Upplýsingar um kvörtunarefni

Nafn þess aðila, stofnunar eða starfsmanns sem kvörtun beinist að.

Svæðisráð um Strandsvæðisskipulag Austfjarða og starfsfólk Skipulagsstofnunar sem vinna með ráðinu.

Yfir hverju er kvartað (í stuttu máli) ?

- Að Strandsvæðisskipulag Austfjarða sé unnið út frá hagsmunum eins fyrirtækis.
- Að áhættumat siglinga hefur ekki verið framkvæmt. Samkvæmt þessu fær almenningur ekki tækifæri til að gera athugasemdir við það.
Að ekki eigi að nota útfærðar siglingareglur Kystverket, sem fer með stjórn strandsvæða og siglingaöryggis í Noregi.
- Að reynt var að minnka helgunarsvæði Farice-1 sæstrengsins, sem liggur í Seyðisfirði um 122 m, þrátt fyrir að annað komi fram í álit Skipulagsstofnunar um umsókn Fiskeldis Austfjarða (FA) um sjókvíaeldi í Seyðisfirði.
- Að lagt sé til að sjókvíaeldi verði á snjóflóðahættusvæði C í Selstaðavík.
- Að grænt svæði í umhverfismati í Skálanesbót í Seyðisfirði sé þurrkað út til að koma sjókvíaeldi fyrir á þeim stað.
- Að íbúalýðræði og samfélagsleg áhrif séu ekki virt.
- Að samkvæmt ofantöldu átti Seyðisfjörður aldrei að fara í burðarþolsmat, þar sem ekkert pláss er fyrir sjókvíaeldi og nauðsynlegar akkerisfestingar tengdar því í firðinum.
- Að engin stofnun hefur svarað því hvort og þá hvernig sjókvíaeldi á að komast fyrir í Seyðisfirði.

Upplýsingar sem útfyllist af skrifstofu umboðsmanns

Móttökudagur	Númer máls	Kennitala stjórnsluaðila
Efnisflokkun	Meðferð	
Rökstuðningur fyrir kvörtun.		

1. Strandsvæðisskipulag Austfjarða er unnið út frá hagsmunum eins fyrirtækis.

Á bls. 21 í Frummatsskýrslu FA um sjókvíaelði í Seyðisfirði

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1592/201809031%20-%2010.000%20t%20framlei%C3%B0sla%20%C3%A1%20laxi%20%C3%AD%20Sey%C3%B0isfir%C3%B0i%20-%20Frummatssk%C3%BDrsla.pdf>

segir um stærðir kvíastæða:

“Lengd á útförum frá ramma að akkeri er að jafnaði 3X sjávardýpið. Stærð ramma er 100 x 100 m og þvermál kvía er 50 m. Fjarðlægð milli eldiskvía í rammafestingu er 60 m og þannig er best tryggt að botndýralífi verði sem minnst raskað og það hraðar endurnýjunartíma botndýralífs á hvíldartíma.”

Á bls. 10 í kynningarskjali Strandsvæðaskipulagsins

<https://www.hafskipulag.is/media/pdf-skjol/Strandsvaedisskipulag-Austfirdir-greinargerð.pdf> segir:

“Mörk reita fyrir staðbundna nýtingu í Seyðisfirði taka mið af áformum um fiskeldi sem nú eru í umsóknarferli.”

Miðað við beiðni FA eru reitir fyrir staðbundna nýtingu í Seyðisfirði of litlir í Sörlastaðavík og Selstaðavík. Í Skálanesbót er búið að hreinsa út grænt svæði og leggja til nýtingarsvæði 680 m breitt og 2.100 m langt. Öll svæðin fara inn á helgunarsvæði Farice-1 strengsins þegar búið verður að leiðrétta það, sbr. lið 3. Sjókvíaelði kemst því ekki fyrir í Seyðisfirði, nema með því að brjóta siglingalög, vitalög og fjarskiptalög.

Við teljum það ólíðandi að framtíðarstrandsvæðaskipulag Austfjarða sé unnið út frá hagsmunum eins fyrirtækis en ekki út frá breiðum hagsmunum siglingaöryggis, fjarskiptaöryggis, ferðaþjónustuaðila, listalífs og annarrar starfssemi, sem byggð hefur verið upp á síðustu áratugum á Seyðisfirði. Með því hefur Seyðisfjörður skapað sér einstaka sérstöðu bæði innan lands og utan, sem nú er í stór hættu. Það kemur skýrt fram á bls. 24 í álitni Skipulagsstofnunar á umsókn FA um sjókvíaelði í Seyðisfirði:

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1765/201809031-10.000%20tonna%20eldi%20%C3%A1%20laxi%20%C3%AD%20Sey%C3%B0isfir%C3%B0i%20%C3%A1%20vegum%20Fiskeldis%20Austfjar%C3%B0a.pdf>:

“Eins og rætt í er í kafla 3.8.3 er framkvæmdin talin geta haft talsvert neikvæð áhrif á ferðaþjónustu sem er einn helsti vaxtarbroddur atvinnulífs á svæðinu, m.a. vegna neikvæðra áhrifa á mynd svæðisins, sem ekki er sjálfgefið að gangi strax til baka ef eldi verður hætt. Með hliðsjón af framangreindu telur Skipulagsstofnun að áhrif á samfélag og efnahag séu óvissu háð, en geti orðið talsvert eða verulega neikvæð ef ekki næst sátt um framkvæmdina í nærsamfélaginu.”

Sátt um sjókvíaelði er ekki til staðar í Seyðisfirði. FA var með kynningarfund fyrir íbúa þann 3.3 s.l. og tilkynnti þar að stefnt væri að setja út kvíar haustið 2023 þó ekki sé búið að gefa leyfið út. Þetta er eina “samráðið” sem FA hefur haft við íbúa Seyðisfjarðar, og fyrirtækið hefur bara haft samband við einn landeiganda af mörgum.

2. Áhættumat siglinga hefur ekki verið framkvæmt.

Á bls. 10 í skipulagstillögu Svæðisráðs segir: (Sjá tengil í lið 1)

“Unnið er að áhættumati siglinga í Seyðisfirði m.t.t. þeirra áforma. Niðurstöður áhættumats kunna að hafa áhrif á endanlega útfærslu reita fyrir staðbundna nýtingu í Seyðisfirði og verða til umfjöllunar svæðisráðs ásamt athugasemdum og umsögnum að kynningartíma loknum.”

Samkvæmt þessu fær almenningur ekki tækifæri til að gera athugasemdir við

áhættumatið. En samkvæmt álit Skipulagsstofnunar

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1765/201809031-10.000%20tonna%20eldi%20%C3%A1%20laxi%20%C3%AD%20Sey%3%B0isfir%3%B0i%20%C3%A1%20vegum%20Fiskeldis%20Austfjar%C3%B0a.pdf>:

um umsókn FA segir á bls. 28 um vel útfærðar siglingareglur Kystverket, sem fer með stjórn strandsvæða og siglingaöryggis í Noregi :

“Samkvæmt leiðbeiningum Kystverket18 , norskrar ríkisstofnunar sem fer með stjórn strandsvæða og siglingaöryggi þar í landi, skulu afmörkuð svæði tilsiglinga almennt vera 1 km að breidd til að tryggja öruggar og greiðar leiðir, en taka þurfi mið af staðbundnum aðstæðum á hverjum stað. Þar kemur einnig fram að í ákveðnum tilvikum sé tilefni til að skilgreina breiðara svæði fyrir siglingar en 1 km. Eigi það meðal annars við umferð skipa sem eru stærri en 235 metrar á lengd eða 32 metrar á breidd, sérstaklega ef um er að ræða stór skemmtiferðaskip og flutningaskip. Sambærileg viðmið hafa ekki verið skilgreind af stjórnvöldum hér á landi og er því hér horft til framangreindra viðmiða í Noregi. Samkvæmt upplýsingum frá Seyðisfjarðarhöfn er stærsta skemmtiferðaskipið sem kemur til Seyðisfjarðar MSC Preziosa og er það rúmlega 37 metrar á breidd. Til viðmiðunar er Seyðisfjörður rúmlega 850 metrar á breidd þar sem hann þrengstur. Í ljósi þessa setja landfræðilegar aðstæður og skipaumferð því þröngar skorður, hvort og hvar hægt er að stunda sjókvíaldi í Seyðisfirði.”

Vert er að benda á að um fjörðinn fer árlega fjöldi skipa, sem eru allt að 300 m löng, og mun fjölga verulega á næstu árum. Öryggi siglinga verður því að vera í fyrirrúmi.

Hvað liggur á að kynna strandsvæðaskipulag Austfjarða áður en öll nauðsynleg gögn um siglingaöryggi liggja fyrir? Þarna er einhver maður í mysunni , peningaöflin eru greinilega sterk. Þetta mál þarf að skoða sem fyrst.

Við kvörtum yfir því að Svæðisráðið og starfsmenn Skipulagsstofnunar leggi fyrir ófullnægjandi kort og mjög illa unnin önnur gögn, sem koma til með að brjóta siglingalög, vitalög og fjarskiptalög. Fullkomin siglingakort, sem m.a. sýna dýpt fjarðarins og afmörkun ljósgeisla frá Brimnesvita, er hægt að fá hjá Landhelgisgæslunni.

Grunnet samganga er skilgreint svona skv. frétt í mbl.is 24.01.2002

<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/648712/>:

“STÝRIHÓPUR um samgönguáætlun til tólf ára hefur skilgreint tillögu að grunneti samgöngukerfis landsins. Er þar tiltekið hvaða þættir leggja grunn að samgöngum landsmanna. Segir í skýrslu stýrihópsins að grunnetið gagnist öllum landsmönnum og sé uppbygging þess í þágu landsins alls fremur en einstakra byggðarlaga.”

Seyðisfjörður er grunnetshöfn og ferjuhöfn til tæpra 50 ára og nýtur þess vegna siglingaverndar. Sjá nánar á bls. 47 í skjalinu:

https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2013/Samgonguaaetlun_kynningarrit_vefutgafa2.pdf

“Í siglingum er Reykjavíkurhöfn megingátt en alls eru gáttir til útlanda fimm hafnir þaðan sem eru áætlunarsiglingar til Evrópu eða Ameríku með flutningaskipum eða ferju. Að auki eru 28 hafnir sem uppfylla kröfur siglingaverndar um móttöku flutningaskipa og farþegaskipa sem eru í millilandasiglingum.”

Við kvörtum yfir því að Svæðisráðið liti framhjá öllum siglingalögum og reglum um grunnetshafnir allra landsmanna. Í raun hefði ekki átt að þurfa að vera að bíða eftir áhættumati þar sem fyrir liggur að sjókvíaldið kemst ekki fyrir vegna breiddar fjarðarins og þess pláss, sem siglingaleiðin tekur nú þegar í firðinum. En

enn og aftur , ef af sjókvíaeldi verður verða siglingalög, vitalög og fjarskiptalög brotin.

3. Reynt var að minnka helgunarsvæði Farice-1 sæstrengsins, sem liggur í Seyðisfirði, um 122 m, þrátt fyrir að annað komi fram í álitni Skipulagsstofnunar um umsókn FA. Við höfðum samband við Þorvarð Sveinsson framkvæmdastjóra Farice. Hann staðfestir í pósti til okkar að helgunarsvæði strengsins sé 2*463 m.

“Farice sendi til Skipulagsstofnunar umsögn um málið í desember 2020 þar sem við förum yfir hvaða lög gilda til varna á sæstrengjum. Síðan höfum við ekkert heyrt og veit ekki í hvaða ferli málið er. Ekki má varpa akkerum eða vera með botnfestingar fjórðungs sjómílu frá strengnum FARICE-1 og ekki er hægt að gefa neinn afslátt af þeirri kvöð. Á Íslandi eru ekki notaðar enskar mílur heldur sjómílur á haf og því ljóst í okkar huga að helgunarsvæðið sé 463 metrar sitt hvoru megin við strenginn. Þannig er helgunarsvæðið alls 926 metrar á breidd. Ekki er hægt að segja það sama um gamla strenginn frá 1906 enda er hann löngu farinn úr notkun. Ekki verður séð að hann hafi sérstakt verndargildi sem fornminjar.

Síðan er hægt að hafa áhyggjur af aukningu á skipa- og pramma umferð nærri strengjunum eins og þú bendir réttilega á. Mér finnst því rétt að í ferlinu verði svarað hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að prammar sem þjónusta kvíarnar geti fyrir mistök eða vegna t.d. veðurfarslegar aðstæðna rekið inn á helgunarsvæði strengsins og valdið strengnum tjóni.”

Auk þess fengum við póst frá Þorvarði þar sem þetta kemur fram:

“Landhelgisgæslan túlkar mílu með sama hætti og við, þ.e. að um sjómílu sé að ræða. Ég mun upplýsa Fjarskiptastofu um þau samskipti.”

Á kynningarfundum á Seyðisfirði 28.06. s.l. fullyrtu starfsmenn Skipulagsstofnunar að Fjarskiptastofa hefði gefið þeim upplýsingar um að helgunarsvæðið væri 2*402 m. Í svari FST við fyrirspurn okkar kemur hins vegar fram:

“FST kannast ekki að hafa veitt Svæðisskipulagsráði haf-og strandskipulags fyrir Austurland leiðbeiningar leiðbeiningar um túlkun á þessu ákvæði fjarskiptalaga. Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur.”

Eftir kvörtun til Skipulagsstofnunar út af þessu misræmi fengum við þetta svar frá starfsmanni Skipulagsstofnunar:

“Fyrst varðandi Farice1 strenginn. Við gerðum þau leiðu mistök að miða við landmílu í stað sjómílu. Að kynningartíma loknum verður það leiðrétt bæði í texta og við afmörkun LV reita á upprætti. Í einhverjum tilvikum mun það hafa áhrif á reiti fyrir staðbundna nýtingu, þannig að þeir skerðist. Annað varðandi Farice1 strenginn þá kemur skýrt fram í álitni Skipulagsstofnunar við umhverfismat framkvæmdarinnar, að helgunarsvæði strengsins er 463m til sitthvorrar handar og að brynt sé að botnfestingar sjókvía verði ekki inn þess.”

Það er að okkar mati grafalvarlegt að starfsmenn Skipulagsstofnunar segi rangt frá um upplýsingar frá Fjarskiptastofnun þar sem þetta varðar dýrmæta eign ríkisfyrirtækisins Farice og hefur áhrif á fjarskiptaöryggi allra landsmanna.

Í svarinu kemur líka fram að þetta verður ekki leiðrétt fyrr en að kynningu lokinni. Okkur finnst ekki rétt að þurfa að gera athugasemdir aftur og aftur við sömu röngu upplýsingarnar. Gögnin ætti að leiðrétta og bæta strax og leggja fram aftur til kynningar á réttum forsendum. Þetta eru galin vinnubrögð af hálfu Svæðisráðs og starfsmanna Skipulagsstofnunar. Ríkisstofnun á ekki að leggja til að brjóta lög, sem ríkið hefur sjálft sett. Seyðisfjörður er það þröngur, að helgunarsvæði Farice-1 strengsins ásamt netalögum á nánast allan fjörðinn og þar mega engar

akkerisfestingar vera.

4. Lagt er til að sjókvíaeldi verði á snjóflóðahættusvæði C í Selstaðavík. Í álitni Skipulagsstofnunar við umsókn FA um sjókvíaeldi í Seyðisfirði segir á bls. 18:

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1765/201809031-10.000%20tonna%20eldi%20%C3%A1%20laxi%20%C3%AD%20Sey%3%B0isfir%3%B0i%20%C3%A1%20vegum%20Fiskeldis%20Austfjar%3%B0a.pdf>:

“Samkvæmt því eru hættusvæðin þrjú, A, B og C., þar sem heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði á svæði A, einnig á svæði B, ef ekki er gert ráð fyrir næturgistingu, en frekari takmarkanir eru á mannvirkjagerð á svæði C. Ef litið er á kviarnar sem atvinnusvæði þurfa þær að vera innan A svæðis. Kviarnar í Sörlastaðavík og Skálanesbót uppfylla þetta skilyrði en kviarnar í Selstaðavík standast ekki þetta viðmið.”

Þarna leggja Svæðisráðið og starfsmenn Skipulagsstofnunar til að lög um ofanflóð séu brotin. Það er alrangt að leggja til að ný atvinnustarfsemi sé sett á C-svæði á sama tíma og verið er að færa aðra atvinnustarfssemi af C-svæðum, eftir ofanflóðin á Seyðisfirði árið 2020.

5. Grænt svæði í umhverfismati fyrir Strandsvæðaskipulagið í Skálanesbót í Seyðisfirði er þurrkað út til að koma sjókvíaeldi fyrir á þeim stað. Sjá kort umhverfismatsins á bls. 26 í skjalinu:

<https://www.hafskipulag.is/media/pdf-skjol/Strandsvaedisskipulag-Austfirdir-umhverfismat.pdf> og kort skipulagstillögunnar á bls. 1 í skjalinu :

<https://www.hafskipulag.is/media/pdf-skjol/Strandsvaedisskipulag-Austfirdir-uppdraettir.pdf>.

Þarna hefur græna náttúrusvæðið úr umhverfismatinu algerlega verið þurrkað út og ekkert tillit tekið til náttúrunnar, æðar- og kríuvarps, uppeldissvæði æðarfugls úr varpinu á Sævarenda í Loðmundarfirði (sjá: <https://www.visir.is/g/20222282328d>) að ekki sé minnst á fræðasetrið í Skálanesi, sem rekið hefur verið þar í áratugi. Sjá nánar í skjalinu: <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Samantekt-samradsfundir-samradsvefsja-Austfirdir.pdf> . Það er siðlaust hvernig valta á yfir umhverfið, náttúruna og þá starfsemi, sem fyrir er á svæðinu í þágu eins fyrirtækis.

6. Íbúalýðræði og samfélagsleg áhrif.

Meirihluti kosningabærra Seyðfirðinga er andvígur sjókvíaeldi í firðinum. Þetta hefur komið fram í undirskriftasöfnun, sem gerð var á Seyðisfirði haustið 2020. Skipulagsstofnun tekur þetta atriði alvarlega í fyrrgreindu álitni sínu um umsókn FA um sjókvíaeldi. Sjá nánar á bls. 29 í álitinu :

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1765/201809031-10.000%20tonna%20eldi%20%C3%A1%20laxi%20%C3%AD%20Sey%3%B0isfir%3%B0i%20%C3%A1%20vegum%20Fiskeldis%20Austfjar%3%B0a.pdf>

“Að mati Skipulagsstofnunar eru áhrif á samfélag óvissu háð, en geta orðið talsvert eða verulega neikvæð ef ekki næst sátt um framkvæmdina í nærsamfélaginu. Byggir sú afstaða m.a. á fjölda athugasemda við frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða og undirskriftalista íbúa gegn fiskeldisáformum í Seyðisfirði. Fá ef nokkur fordæmi eru fyrir viðlíka andstöðu heimamanna við sjókvíaeldi.”

Samt sem áður leggja Svæðisráðið og starfsmenn Skipulagsstofnunar til að sjókvíaeldi í Seyðisfirði verði leyft. Að okkar mati ætti framtíðarstrandsvæðaskipulag Austfjarða að vera byggt á hlutlægu mati, rökhugsun

og skynsemi fyrir alla en ekki fyrir eitt fyrirtæki, sem er algerlega óboðlegt. Íbúalýðræði ber að virða.

7. Samkvæmt ofantöldu átti Seyðisfjörður aldrei að fara í burðarþolsmat, þar sem ekkert pláss er fyrir sjókvíaeldi og nauðsynlegar akkerisfestingar tengdar því í firðinum.

Ekkert umsagnarferli var auglýst tengt burðarþolsmatinu. Athugasemd kom frá ESA varðandi það og við vitum ekki til þess að við því hafi verið brugðist. Við mótmælum því harðlega að burðarþolsmat hafi yfirleitt verið gert í ljósi Farice-1 strengsins og helgunarsvæðis hans. Það getur verið að skíturinn komist fyrir en ekki akkerisfestingar kvíanna og fleiri verkfæra, sem tengjast þeim. Það er ekki hægt að leggja til sjókvíaeldi í Seyðisfirði ef ekki er hægt að koma akkerisfestingum fyrir í firðinum.

Í áliti sínu um umsókn FA um sjókvíaeldi í Seyðisfirði hefur Skipulagsstofnun sjálf dregið fram ótal neikvæð atriði önnur en þau sem hér hafa verið talin upp. Hún gaf verkefninu hreina og klára falleinkunn. Samt sem áður taka starfsmenn Skipulagsstofnunar fullan þátt í því að vinna Strandsvæðaskipulag Austfjarða með Svæðisráðinu, til að uppfylla þarfir FA. Álitið er á slóðinni:

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1765/201809031-10.000%20tonna%20eldi%20%C3%A1%20laxi%20%C3%AD%20Sey%3%B0isfir%3%B0i%20%C3%A1%20vegum%20Fiskeldis%20Austfjar%3%B0a.pdf>

Við kvörtum yfir því að Seyðisfjörður sé yfirleitt inni í Strandsvæðaskipulagi Austfjarða hvað varðar sjókvíaeldi. Við höfum sýnt framá að það er ekki hægt að koma því fyrir í firðinum vegna helgunarsvæðis Farice-1, netalagna, siglingaleiðarinnar um fjörðinn og snjóflóðahættu. Við teljum að valkostur A í umhverfismati sé eina rétta niðurstaðan fyrir Seyðisfjörð.

8. Engin stofnun hefur svarað því hvort og þá hvernig 10.000 tonna sjókvíaeldi á að komast fyrir í Seyðisfirði.

Skipulagsstofnun hefur bent á eftirfarandi sbr. lið 2.

“Í ljósi þessa setja landfræðilegar aðstæður og skipaumferð því þröngar skorður, hvort og hvar hægt er að stunda sjókvíaeldi í Seyðisfirði.”

Svæðisráðið telur það ekki vera í sínum verkahring að svara þessari spurningu, sbr. svar á kynningarfundum á Seyðisfirði 28.06. s.l. og sjá má í upptöku af fundinum:

<https://www.youtube.com/watch?v=3er9vQqOnmY>.

Svæðisráðið leggur samt til að valkostur B sé valinn í Seyðisfirði, án þess að rökstyðja það á nokkurn hátt, meðan öll rök mæla með því að valkostur A sé valinn.

Að lokum.

Skipulagsstofnun hefur boðað til tveggja tíma kynningarfundar um strandsvæðaskipulag á Vestfjörðum og Austfjörðum – í Reykjavík þann 9.8. n.k kl 13:30 – 15:30. Efni fundarins er:

“Tillögurnar verða kynntar ásamt því að farið verður yfir ferli þeirrar vinnu sem nú liggur að baki. Að því loknu mun þátttakendum gefast tækifæri til að leggja fram spurningar.

- *Kynning tillagna á strandsvæðisskipulagi*
- *Spurningar og umræður”*

Hér á að afgreiða stórmál tveggja landsfjórðunga á tveim klukkustundum í Reykjavík. Þar verða lögð fram sömu röngu gögnin og lögðu voru fyrir kynningarfundinn á Seyðisfirði 28.6. s.l. Á þeim fundi lögðum við fram skriflegar athugasemdir og spurningar, en fengum fá svör því fundarboðendur voru að flýta sér í flug til Reykjavíkur. Síðan hafa engin svör borist, nema þessi varðandi leið mistök út af sjómílunni sbr. lið 3.


Tengill á kynningarfundinn er á slóðinni:

<https://www.youtube.com/watch?v=3er9vQqOnmY>.

Við mótmælum harðlega svona vinnubrögðum af hálfu ríkisstofnunar. Það er óboðlegt að boða aftur til fundar með sömu röngu gögnin, og ætla sé bara tvo tíma í það í Reykjavík, en ekki í hvorum landsfjórðungi fyrir sig.

Það liggur ekkert á að gera það fyrr en rétt gögn liggja fyrir.

En það virðist liggja mikið á að keyra þetta strandsvæðaskipulag í gegn, sem er stórmál, en Svæðisráðið og Skipulagsstofnun virðast ekki líta svo á.



Hefur áður verið kvartað yfir þeim ákvörðunum eða annarri háttsemi sem lýst er hér að framan ?

Nei

Hefur kvörtunarefnið verið lagt fyrir dómstóla ?

Nei

Skrá yfir skjöl og önnur gögn sem fylgja kvörtun.

Tengill á heimasíðu VÁ
<https://www.va-felag.is/>

Viðhengi:
Ráðherrabréfið
Greinargerð Rúnars
Skjalið til svæðisráðs sem afhent var á fundinum

Athugasemdir:

(Dagsetning)


(Undirskrift)

Athugasemd við tillögu um strandsvæðaskipulag á Austfjörðum

Á kynningarfundum um strandsvæðaskipulag á Seyðisfirði 28. júní fullyrkti starfsmaður Skipulagsstofnunar að það væri heiðarlegt að leggja skipulagstillöguna fram eins og hún er, til að fá viðbrögð og athugasemdir við hana. Þessi fullyrðing er órökstudd og röng.

Þvert á móti ætla ég að fullyrða að það er óheiðarlegt og rangt að leggja tillöguna fram eins og hún er, og rökstyð þá fullyrðingu með því að þrjár grundvallarforsendur tillögunnar eru annað hvort rangar eða að þær vantar með öllu.

1. Tillagan er í fyrsta lagi óheiðarleg þar sem rangt er farið með helgunarsvæði Farice-1 strengsins. Svæðisráðinu öllu og sérstaklega starfsmönnum Skipulagsstofnunar átti að vera full ljóst að fjórðungur úr mílu til beggja handa við strengina væri miðaður við sjómílu og að þar mega engar akkerisfestingar vera.



Hér er mynd af sjókorti af vefsíðu LHG. Þetta kort sýnir m.a. dýptartölur fjarðarins, ljósgeirann frá Brimnesvíta (svörtu punktalínurnar) og bleika línan er Farice-1 strengurinn, en við vitum ekki hvort þetta er nákvæmlega rétt staðsetning á honum. Út frá strengnum hef ég dregið línur í átt að fyrirhuguðum nýtingarsvæðum. Eins og sést eru þær allar 0,25 nl, þ.e. fjórðungur úr sjómílu eða 463 m, en það er stærð helgunarsvæðis strengsins öðru megin. Það sést að helgunarsvæðið fer langt inn fyrir ljósgeirann í Sörlastaðavík. Á löggiltu siglingakorti, sem fylgdi minnispunktum Rúnars Laxdal skipstjóra til Skipulagsstofnunar, liggur strengurinn nær miðju fjarðarinnar en á þessu korti. Samkvæmt því fer helgunarsvæðið inn að grynningum í Sörlastaðavík. Leyfum strengnum að njóta vafans. Það er eins augljóst og hugsast getur að utan helgunarsvæðisins og ekki nær landi en 115 m (svæði netalaga landeigenda) er ekkert pláss fyrir neinar sjóeldiskvíar og akkerisfestingar tengdar þeim. Heiðarlegt? Nei.

2. Tillagan er í öðru lagi óheiðarleg vegna þess að í greinargerð hennar er ekki minnst einu orði, já ekki einu einasta orði, á náttúruvía. Aðeins er þó minnst á hana í umhverfismati tillögunnar, en lítið gert úr henni. Þetta er stórfurðulegt þar sem bæði ofanflóð og hafís eru allt of vel þekkt fyrirbæri í Seyðisfirði, og geta haft afgerandi neikvæð áhrif á sjókvíar. Auk þess sýna nýlegar rannsóknir að 26 neðansjávarkriður eru í Seyðisfirði, og sumar þeirra á nýtingarsvæðunum. Þessar skriður eru lítið rannsakaðar og lítið vitað um áhrif þeirra á kvíastæðin. Svæði SN2 í Selsstaðavík er á hættusvæði C vegna ofanflóða, eins og sést á minnisblaði frá Veðurstofunni í viðauka aftast í þessu skjali. Skv. upplýsingum Veðurstofu eru hafisár á Seyðisfirði níu á síðustu öld þar af sex á síðari

hluta hennar 1965-1968, 1979 og 1982. Enginn getur fullyrt að svipað gerist ekki á þessari öld.

Skipulagsstofnun var vel kunnugt um þetta allt við gerð skipulagstillögunnar.

Skipulagsstofnun hefur líka bent á eftirfarandi í umsögn um leyfi til sjókvíaeldis í Seyðisfirði: „Skipulagsstofnun telur þær náttúruhamfarir sem orðið hafa á Seyðisfirði nýverið skýra áminningu um að taka verður tillit til þeirrar náttúruvár sem fyrirhuguðu sjókvíaeldi í Seyðisfirði getur stafað hætta af. Skipulagsstofnun telur ákveðna óvissu um áhrif náttúruvár á eldisbúnað, enda geta slíkir atburðir leitt til skemmda á eldisbúnaði sem síðan geta leitt til slysasleppinga. Skipulagsstofnun telur óvissu um gagnsemi mögulegra mótvægisáðgerða, til að mynda að strengja stálvír skáhallt á móti hafísreka. Þá getur verið vandasamt og seinlegt að færa kvíarnar og óvíst að sú áðgerð myndi heppnast. Stofnunin telur að mögulega þurfi að grípa til neyðarslátrunar til að fyrirbyggja slysasleppingar ef hafís berst í miklu magni inn í Seyðisfjörð.“

Þrátt fyrir þetta gerir Svæðisráð tillögu að nýtingarsvæði í Selsstaðavík.

Spyr af þessu tilefni. Mundi eitthvert ykkar standa að tillögu um eldiskvíar á landi á C-svæði? Heiðarlegt? Nei.

3. Siglingaleiðin um Seyðisfjörð, að einni bestu og öruggustu höfn landsins, er lífæð staðarins. Að auki flokkast höfnin sem grunnhöfn í samgönguneti landsins, og siglingaleiðina má alls ekki þrengja eða hindra siglingar um hana á nokkurn hátt. Ekkert áhættumat um öryggi siglinga um fjörðinn liggur fyrir við gerð skipulagsins. Það er í vinnslu og verður metið síðar! Samt er gerð tillaga um þrjú nýtingarsvæði í Seyðisfirði, sem öll þrengja að siglingaleiðinni. Heiðarlegt? Nei.

Andstaða meirihluta Seyðfirðinga við sjókvíaeldi í firðinum er skjalfest. Hvað þarf prósentutalan að vera há til að íbúalýðræðið sé ekki algerlega hundsáð?

Er heiðarlegt að þurrka út græna svæðið í Skálanesbót í umhverfismatinu, og ganga svo nærri náttúrunni og nærumhverfinu öllu eins og gert er í tillögunni?

